

verðbréfa-
markaður

lánamarkaður

lífeyrismarkaður

vátrygginga-
markaður

Ársskýrsla 2006

Tímabilið 1. júlí 2005 til 30. júní 2006



EFNISYFIRLIT

1 YFIRLIT YFIR STARFSEMI FME 1. JÚLÍ 2005 TIL 30. JÚNÍ 2006	5
1.1 Straumhvörf á íslenskum fjármálamarkaði	5
1.2 Skipulag og stefnumótun	5
1.3 Ýmsar tölulegar upplýsingar úr starfsemi Fjármálaeftirlitsins	6
1.4 Lánasvið	8
1.5 Verðbréfasvið	9
1.6 Lífeyris- og verðbréfasjóðasvið	10
1.7 Vátryggingasvið	11
1.8 Eftirlit með aðgerðum gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka	12
1.9 Eigendur virkra eignarhluta fjármálafyrirtækja og vátryggingafélaga	13
1.10 Hæfi stjórnenda	15
1.11 Erlent samstarf	16
1.12 Rekstur Fjármálaeftirlitsins á árinu 2005 og áætlaður rekstur á árinu 2006	17
2 FJÁRMÁLAMARKAÐURINN – ÞRÓUN OG HORFUR	18
2.1 Lánamarkaður	18
2.2 Verðbréfamarkaður	24
2.3 Lífeyrismarkaður og verðbréfasjóðir	26
2.4 Vátryggingamarkaður	32
3 ÁHERSLUR Í STARFI FJÁRMÁLAEFTIRLITSINS NÆSTU MISSERI	37
3.1 Erlend starfsemi Fjármálaeftirlitsins og upplýsingagiöf	37
3.2 Fyrirmyndar upplýsingakerfi – eftirlit með UT málum	37
3.3 Eftirlit byggt á áhættumati og gæðaflokkunarkerfi eða frávikskönnunum	39
3.4 Þröngt eignarhald og góðir stjórnarhættir	39
4 EFTIRLITSSKYLDIR AÐILAR	41
4.1 Fjöldi eftirlitsskyldra aðila	41
4.2 Breytingar á starfsleyfum, heitum og fjölda eftirlitsskyldra aðila á tímabilinu 1. júlí 2005 til 30. júní 2006.	41
4.3 Listi yfir eftirlitsskylda aðila 30.06. 2006	44
4.4 Starfsemi erlendra fjármálafyrirtækja á Íslandi	46
5 BREYTINGAR Á LÖGUM OG REGLUM	47
5.1 Almennt	47
5.2 Lánamarkaður	47
5.3 Verðbréfamarkaður	48
5.4 Lífeyrissjóðir	48
5.5 Vátryggingamarkaður	48
5.6 Leiðbeinandi tilmæli Fjármálaeftirlitsins	48
6 HELSTU UPPLÝSINGAR ÚR ÁRSREIKNINGI FME FYRIR ÁRIÐ 2005	50

INNGANGUR

Í ársskýrslu Fjármálaeftirlitsins (FME) sem hér birtist er gefið yfirlit yfir starfsemi eftirlitsins frá 1. júlí 2005 til 30. júní 2006. Í skýrslunni er einnig fjallað um þróun og horfur á fjármálamarkaði og greint frá áherslum í starfsemi Fjármálaeftirlitsins næstu misseri. Í skýrslunni er birtur listi yfir eftirlitsskylda aðila miðað við 30. júní 2006 og gerð grein fyrir breytingum á starfsleyfum eftirlitsskyldra aðila á því tímabili sem skýrslan tekur til. Einnig er í skýrslunni að finna yfirlit yfir breytingar á lögum og reglum á fjármálamarkaði á sama tímabili. Helstu upplýsingar úr ársreikningi Fjármálaeftirlitsins fyrir árið 2005 eru birtar aftast í skýrslunni. Ársskýrsla Fjármálaeftirlitsins er sem fyrr jafnframt birt á ensku í sérstöku hefti en báðar útgáfurnar er einnig að finna á heimasíðu Fjármálaeftirlitsins, www.fme.is. Vakin skal athygli á að þar má einnig finna margvíslegar upplýsingar er varða fjármálamarkaðinn og fyrirkomulag opinbers eftirlits með fjármálastarfsemi.

Stjórn Fjármálaeftirlitsins:

Stefán Svavarsson, löggiltur endurskoðandi, formaður;
Lárus Finnbogason, löggiltur endurskoðandi, varaformaður;
Ingimundur Friðriksson, bankastjóri Seðlabanka Íslands

Varamenn í stjórn:

Kjartan Gunnarsson, skrifstofustjóri, iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti;
Þuríður I. Jónsdóttir, héraðsdómslögmaður;
Sigríður Logadóttir, aðallögfræðingur Seðlabanka Íslands
(Lilja Steinþórsdóttir, aðalendurskoðandi Seðlabanka Íslands til 31. ágúst 2006)

Forstjóri: Jónas Fr. Jónsson
Aðstoðarforstjóri: Ragnar Haflíðason

1.1

Straumhvörf á íslenskum fjármálamarkaði

Fjármálamarkaður hér á landi hefur tekið algerum stakkaskiptum á síðustu tveimur árum. Íslensk fjármálafyrirtæki hafa á þessum tíma aukið til muna erlenda starfsemi sína og hafa áð ýmsu leyti rutt brautina fyrir útrás íslensks viðskiptalífs. Þá hefur framlag fjármálaþjónustufyrirtækja til þjóðarbúsins aukist verulega en á árinu 2005 fór framlag fjármálaþjónustu til landsframléiðslu í fyrsta sinn fram úr framlagi sjávarútvegs og var um 8% af vergri landsframléiðslu samkvæmt athugun Hagfræðiseturs Háskólans í Reykjavík frá því fyrr á þessu ári. Íslensku bankarnir hafa fimmfaldast að stærð frá árinu 2002 og til að mynda stækkuðu þeir um 80% á árinu 2005. Tekjugrunnur bankanna hefur breyst við þetta og stefnir í að tekjur þeirra af erlendri starfsemi verði um 60% á þessu ári miðað við 25% á árinu 2003. Umsvif lífeyrissjóða hafa einnig aukist verulega en hrein eign þeirra jókst um 22% á árinu 2005 og hefur vaxið um 115% frá árinu 2002. Eignir tryggingafélaga hafa vaxið um 68% frá árinu 2002 og viðskipti með hlutabréf í Kauphöll Íslands hafa vaxið um 274% á sama tímabili.

Aðilar undir eftirlitsskyldu Fjármálaeftirlitsins eru nú 126 talsins og sumir þeirra eru með verulega starfsemi erlendis. Aukin umsvif fjármálafyrirtækja og váttryggingafélaga á alþjóðlegum mörkuðum og stofnun útibúa og starfsstöðva erlendis eykur eftirlitskröfur Fjármálaeftirlitsins og kallar á aukið umfang. Til þess að bregðast við þessari þróun hefur Fjármálaeftirlitið m.a. farið í umfangsmikið stefnumótunarstarf þar sem áhersla er lögð á skýrari markmið og mælikvarða, forgangsröðun verkefna og auknar kröfur um árangur. Stefnimótunarstarfinu hefur verið fylgt eftir með nýju skipuriti sem miðar að því að auka viðbragðsflýti og gera verkábyrgðina skýrari. Með auknum fjárheimildum hefur reynst mögulegt að fjölga starfsfólki á ákveðnum sviðum en jafnframt eru gerðar auknar kröfur til starfsmanna um sérfræðibekkingu og reynslu.

Mikið hefur verið fjallað um íslenskan fjármálamarkað af hálfu erlendra greiningaraðila og fjölmiðla á árinu 2006. Segja má að íslensk fjármálafyrirtæki hafi í fyrsta sinn fyrir alvöru þurft að glíma við svokallaða umtalsáhættu og hafa augu erlendra aðila ekki eingöngu beinst að fyrirtækjunum heldur að fjármálakerfinu í heild sinni. Fjármálaeftirlitið fór ekki varhluta af auknum áhuga erlendra aðila og hafa það sem af er þessu ári verið haldnir rúmlega 50 fundir með erlendum greiningaraðilum, fulltrúum alþjóðastofnana, fjármálafyrirtækja og erlendum blaðamönnum, samtals um 250 manns. Þessir fundir hafa nánast undantekningarlaust skilað sér í jákvæðri umfjöllun um eftirlitskerfi íslensks fjármálamarkaðar, þó svo að umfjöllun


um íslenska viðskiptabanka og lánaþyrirtæki hafi verið blendin, einkum á tímabili. Það er mat Fjármálaeftirlitsins að þessi þáttur í starfsemi eftirlitsins muni vaxa enn frekar.

1.2

Skipulag og stefnumótun

Fjármálaeftirlitið setti fram nýja stefnu í árslok 2005. Í ársbyrjun 2006 hófst innleiðing stefnunnar í daglega starfsemi og jafnframt var unnið að tíu megináðgerðum sem nauðsynlegar voru til þess að ná settum markmiðum. Eftirlitið hefur síðustu ár mælt ýmsa þætti starfseminnar en hins vegar skorti betri mælikvarða á virði/áhrif Fjármálaeftirlitsins, þ.e.a.s. hverju starfsemin raunverulega skilar til þjóðfélagsins. Eftirlitið nýtti hugmyndafræði Stefnumiðaðs árangursmats (Balanced Scorecard) til þess að útfæra og miðla stefnu eftirlitsins, setja fram markmið og sýna fram á verðmæti með árangursmælingum. Árið 2006 er tilraunaár til að stilla af mælikvarða og vinna tengdar aðgerðir. Í ársbyrjun 2007 munu mælingar tengdar hinni nýju stefnu hefjast og niðurstöður verða birtar í ársbyrjun 2008.

Markmiðið með stefnumörkuninni og árangursstjórnun er metnaður til að ná árangri og vilji til að skerpa sýn og forgangsraða. Á myndinni hér að neðan er Stefnukort Fjármálaeftirlitsins sett fram miðað við framangreinda aðferðafræði. Stefnukortið er einskona vegakort sem segir hvert eftirlitið stefnir og hvaða leið er valin. Einnig hefur Fjármálaeftirlitið gert áætlun um það hvernig á að ná markmiðunum og hvaða mælitæki skuli nota.




Í daglegri starfsemi eru tíu megináðgerðir hluti af markmiðum í verkáætlun Fjármálaeftirlitsins fyrir árið 2006. Farið er reglulega yfir verkefnastöðu með ábyrgðaraðilum, í vinnuhópum, á sviðsfundum og á almennum starfsmannafundum. Þessar aðgerðir fela í sér breytingar sem eru nauðsynlegar til þess að Fjármála-

eftirlitið sé í stakk búíð til þess að mæta auknum kröfum og fylgja framtíðarsýn sinni. Mótun upplýsingatæknistefnu sem nánar er fjallað um síðar, er dæmi um eina þeirra stóru aðgerða sem eftirlitið hóf í ársbyrjun 2006 til þess að bæta reksturinn með rafvæðingu ferla. Annað dæmi um aðgerð af þessu tagi er stefnumörkun eftirlitsins varðandi aðkomu þess að útrás íslenskra fjármálafyrirtækja.

Í september 2006 var skipuriti Fjármálaeftirlitsins breytt. Fjármálaeftirlitið telur að nýtt skipurit feli í sér skýrari verkábyrgð, valdreifingu, bæti viðbragðsflýti og tímanýtingu og gefi Fjármálaeftirlitinu auknið svigrúm til aðlögunarhæfni. Nýtt skipurit er liður í því að mæta auknum kröfum sem eru gerðar til Fjármálaeftirlitsins. Einnig tengist breytingin markmiðasetningu eftirlitsins varðandi aukinn sýnileika og hæfni til að takast á við framtíðina sem áhrifavaldur traustrar fjármálastarfsemi.

Starfsemi Fjármálaeftirlitsins er skipt í fjögur verkefnasvið auk stöðþjónustu undir stjórn forstjóra. Forstjóri ákveður hvaða verkefni falla undir hvert svið eða stöðþjónustu. Forstjóra er heimilt að tilnefna einn eða fleiri einstaklinga til að hafa yfirsýn yfir verkefni á viðkomandi sviði og stjórnunarlega ábyrgð á tilteknum verkefnum sem forstjóri framselur til þeirra með almenntri eða sérstakri ákvörðun. Aðstoðarforstjóri er staðgengill forstjóra, en jafnframt er forstjóra heimilt að framselja til hans ábyrgð á tilteknum verkefnum.



Fjármálaeftirlitið er vinnustaður með opinn stjórnunarstíl, hátt menntunarstig og öfluga liðsheild. Sérstök áhersla er lögð á símenntun, skýra verkefnaábyrgð og framþróun í starfi. Vinnu- umhverfið einkennist af fjölbreytni, þverfaglegri samvinnu og alþjóðlegu samstarfi. Meðalaldur starfsmanna er rúmlega 42 ár og starfsmannavelta 2006 var 8,7% en 2005 17,1%. Alls eru 40% starfsmanna með framhaldsmenntun frá erlendum háskólum og 26% með starfsreynslu af erlendum vinnu- markaði.

Starfsmannastefna Fjármálaeftirlitsins leggur grunn að jákvæðu og lærdómsríku starfsumhverfi þar sem virðing fyrir einstaklingum er í fyrirrúmi. Hún lýsir vilja eftirlitsins til að vera eftirsóknarverður vinnustaður, þar sem gott starf er unnið

af áhugasömu, samstilltu og ábyrgu fólki. Áhersla er lögð á liðsheild, jákvæðan starfsanda, að starfsfólkið njóti sín í starfi og eigi möguleika á að auka þekkingu sína og færni. Markmiðið er að eftirlitið búi yfir þekkingu og reynslu til að takast á við verkefni. Á tímabilinu hafa starfsmenn sótt markvissa fræðslu innanlands og utan til þess að auka hæfni sína. Dæmi um slíkt eru námskeið í verkefnastjórnun og betri ákvarðanatöku hjá stjórnendaskóla Háskóla Reykjavíkur.

Fræðslustefna og fræðslunefnd Fjármálaeftirlitsins hefur verið virk frá árinu 2000 og er með því lögð áhersla á öfluga þekkingu starfsmanna og endurmenntun. Einn árangursmælikvarðinn í árangursmati eftirlitsins er hlutfall starfsmanna sem nýtir sér endurmenntun. Einnig eru starfsþróunarmöguleikar og starfaskipti í þróun í samstarfi við evrópska eftirlitsaðila til þess að gefa starfsmönnum tækifæri til að bæta árangur og vaxa í starfi. Starfsmenn Fjármálaeftirlitsins voru á miðju ári 2006 alls 45, þar með taldar tímabundnar ráðningar.

- 14 Viðskipta- og hagfræðingar
- 10 Lögfræðingar
- 2 Tryggingastærðfræðingar
- 4 Kerfisfræðingar
- 5 Aðrir sérfræðingar
- 4 Skrifstofufólk
- 6 Tímabundnar ráðningar

1.3

Ýmsar tölulegar upplýsingar úr starfsemi Fjármálaeftirlitsins

Á tímabilinu voru 1123 ný mál skráð til meðferðar hjá Fjármálaeftirlitinu (tafla 1). Málin eru margbreytileg hvað varðar efni, umfang og afgreiðslutíma og sýnir taflan þrjú mikilvæga flokka af heildarfjölda skráðra mála. Erindi sem Fjármálaeftirlitið tók við og sendi frá sér vegna þessara mála eru fjölbætt og margfalt fleiri eins og einnig er sýnt í töflunni. Til samanburðar eru sam- bærilegar fjöldatölur fyrir næsta tólf mánaða tímabil á undan.

Tafla 1

Nokkrar tölur úr málaskrá FME	Tímabil	
	1.07.2004-30.6.2005	1.07.2005-30.6.2006
Mál stofnuð/tekin upp á tímabilinu alls	1010	1123
Þar af:		
Athuganir byggðar á fyrirspurnum til eftirlitsskyldra aðila. (Það sem hér er tilgreint sem ein athugun tekur í nokkrum tilvikum til margra eftirlitsskyldra aðila samtímis)	56	59
Vettvangsathuganir (on-site)	41	45
Fyrirspurnir til FME, kvörtunar og neytendamál. (Ótalinn er fjöldi óformlegra fyrirspurna)	180	167
Ofangreindum málum tengjast:		
Útsend bréf	3202	3222
Móttækin bréf	1792	2600
Skýrslur frá eftirlitsskyldum aðilum	2742	3340

Fjöldi ýmissa aðgerðategunda gefur einnig ákveðna sýn á starfsemi Fjármálaeftirlitsins (tafla 2). Fjöldi leyfisveitinga, margvíslegra staðfestinga og skráninga fer vaxandi og var á tímabilinu alls 336. Annar stór flokkur aðgerðategunda í starfseminni eru athugasemdir, ábendingar og kröfur um úrbætur, sem settar eru fram í bréfum og skýrslum. Samanlagður fjöldi slíkra bréfa var 358 á tímabilinu. Þá eru í töflunni upplýsingar um hversu oft á tímabilinu Fjármálaeftirlitið beitti ákvæðum um dagsektir, stjórnvaldssektir og fávíti.

Tafla 2		
Nokkrar tölur um aðgerðir FME (Fjöldi fréfa/ákvarðana)	1.07.2004- 30.6.2005	1.07.2005- 30.6.2006
Leyfisveitingar, samþykki, staðfestingar, skráningar	294	336
Þar af:		
Starfsleyfi, aukin starfsleyfi, staðfestingar verðbréfa- og fjárfestingarsjóða		25
Umsagnir um samþykktir lífeyrissjóða		19
Heimildir fyrir virkum eignarhlutum		20
Athugasemdir, ábendingar, kröfur um úrbætur (fjöldi bréfa)	224	358
Dagsektir	2	18
Stjórnvaldssektir (einungis úræði á afmörkuðu sviði verðbréfamarkaðar)	14	15
Fávíti	0	1
Ríkislögreglustjóra greint frá máli skv. 12. gr. laga nr. 87/1998	1	5

Málaskrá Fjármálaeftirlitsins er tengd tímaskráningu og þar er að finna upplýsingar um skiptingu ráðstöfunartíma stofnunarinnar á ýmsa verkefnaflokka. Verkefnunum hefur verið skipt í þrjá megin flokka (tafla 3) til að gefa innsýn í starfsemina fyrir árin 2004 og 2005.

Niðurstöður þessarar greiningar sýna að verkefni sem lúta að ýmiss konar samþykki Fjármálaeftirlitsins vegna lögbundinna leyfisveitinga og staðfestinga, svörum við erindum og margháttuðu samstarfi tóku á árinu 2005 um 36% þess tíma sem Fjármálaeftirlitið hafði til ráðstöfunar. Verkefni undir þessum flokki berast að mestu að frumkvæði annarra. Um 41% ráðstöfunartímans á árinu 2005 fór hins vegar í einstök eftirlitsverkefni að frumkvæði Fjármálaeftirlitsins og tæp 23% í verkefni tengd gagnaöflun, mótun eftirlitsstarfseminnar, og gegnsæi fjármála-markaðarins.

Tafla 3

Skipting ráðstöfunartíma FME milli helstu verkefna (tvö síðustu ár*)	2004	2005
Samskipti: Samþykki / ráðleggja	40,8	36,1
Starfsleyfi og ýmsar staðfestingar	10,6	8,2
Umsóknir um virka eignarhluti, hæfismót stjórnenda eftirlitsskyldra aðila	3,5	3,9
Svör við fyrirspurnum og erindum frá eftirlitsskyldum aðilum og viðskiptamönnum þeirra	8,4	5,8
Samstarf við Seðlabanka Íslands / Kauphöll Íslands hf. / innlend stjórnvöld	2,4	1,2
Vistun úrskurðarnefnda	2,8	3,0
Erlent samstarf	13,1	13,9
Aðgerðir að frumkvæði FME: Greina starfsemi / ná fram úrbótum.	36,9	41,3
Eftirlit á grundvelli reglubundinnar upplýsingagjafar (off-site)	5,4	9,1
Eftirlit á vettvangi (on-site)	15,9	14,0
Eftirlit sem byggir á fyrirspurnum til eftirlitsskyldra aðila	6,2	7,9
Markaðsvakt, yfirsýn og athuganir mála á verðbréfamarkaði	9,5	10,2
Upplýsa / skapa yfirsýn / móta.	22,2	22,6
Yfirsýn / gagnaöflun	10,1	8,8
Mótun eftirlits og umgjörðar á fjármálamarkaði	8,6	8,8
Gegnsæi, rekstur heimasíðu FME, kynningarfundir, birting ársreikningabóka á heimasíðu, ársskýrsla, ársfundur	3,5	4,9
	100,0	100,0

* Tímum skráðum á rekstur, almennit skrifstofuhald og verkefni er jafnað á þessi verkefni.

Tímaskráningin sýnir einnig hvernig starfsemi Fjármálaeftirlitsins skiptist á einstaka flokka eftirlitsskyldra aðila (tafla 4). Höfð er hliðsjón af þeim upplýsingum við ákvörðun um hlutfallskiptingu kostnaðar við rekstur Fjármálaeftirlitsins milli eftirlitsskyldra aðila.

Tafla 4

Hlutfallsleg skipting ráðstöfunartími FME milli flokka eftirlits-skyldra aðila (tvö síðustu ár)	2004	2005
Lánastofnanir	47,3	54,8
Vátryggingafélög og vátryggingamiðlarar	26,7	19,4
Lífeyrissjóðir	17,5	19,5
Rekstrarfélög verðbréfasjóða	7,1	3,3
Verðbréfafyrirtæki og verðbréfamíðlanir	0,4	0,7
Ýmsir aðilar	1,0	2,3
	100,0	100,0

Lánasvið*Áherslur á tímabilinu:*

- *Álagspróf á eiginfjárlutföll*
- *Nýjar eiginfjárreglur (Basel II)*
- *Endurfjármögnun viðskiptabankanna*
- *Samstæðuefirlit og samstarf við erlend fjármálaefirlit*

Áframhaldandi vöxtur erlendra umsvifa íslenskra fjármála-fyrirtækja hefur leitt til aukinna samskipta og samstarfs Fjármála-efirlitsins við erlendar systurstofnanir í þeim löndum innan og utan Evrópska efnahagssvæðisins þar sem þau eru með starfsemi og starfsstöðvar. Íslensk fjármálafyrirtæki eru nú með beina starfsemi í 13 löndum en einnig eru erlend dótturfélög þeirra með starfsemi í ýmsum löndum. Með erlendra starfsemi er átt við erlend dótturfélög, útibú og umboðsskrifstofur.

Fjármálaefirlitið lagði aukna áherslu á að fylgjast með endurfjármögnunaráhættu bankanna. Íslensku bankarnir eru fjármagn-aðir að stórum hluta með erlendum lánum og því mjög háðir erlendum fjármagnsmörkuðum. Fjármálaefirlitið gerði auknar kröfur um upplýsingagjöf varðandi endurfjármögnun og fór jafnframt yfir áætlanir bankanna um hvernig þeir hugðust mæta þessari áhættu.

Álagspróf fyrir eiginfjárstöðu fjármálafyrirtækja hefur verið þróað frekar. Í upphafi ársins var álagsprófið þyngt með því að bæta við það 20% veikingu krónunnar og auknu álagi á innlenda hlutabréfaeign í eigin áhættu. Markmiðið með prófinu er að auka traust og stöðugleika á fjármálamarkaði og í samræmi við það var niðurstaða þess birt á heimasíðu Fjármálaefirlitsins. Viðbrögð erlendra aðila við álagsprófinu hafa verið jákvæð.

Unnið var að upptöku nýrra eiginfjárreglna. Alþjóðlegur staðall, Basel II staðallinn, sem var gefinn út á miðju ári 2004 var tekinn í lög á árinu innan ESB með útgáfu tveggja tilskipana 2006/48/EC og 2006/49/EC. Ljóst er að um viðamikil verk er að ræða og stefnt er að upptöku staðalsins í löggjöf hér á landi á yfirstandandi ári. Fjármálaefirlitið hefur verið í samstarfi við þau fjármálafyrirtæki sem ætla að nýta möguleika í nýjum reglum til þess að nota eigið áhættumat við ákvörðun á lágmarki á lög-bundnu eigin fé. Í því sambandi hefur Fjármálaefirlitið einnig verið í samstarfi við fjármálaefirlit í þeim löndum þar sem fyrirtækin eru með starfsemi.

Fjármálaefirlitið gaf út fjögur ný starfsleyfi til fjármálafyrirtækja á tímabilinu frá nóvember 2005 og fram til 1. október 2006. Um er að ræða tvö starfsleyfi til lánafyrirtækja og tvö starfsleyfi til verðbréfafyrirtækja. Í einu þessara tilvika var um að ræða starfandi verðbréfafyrirtæki sem fékk starfsleyfi sem lánafyrirtæki.

Fjármálaefirlitinu barst á tímabilinu beiðni um samþykki fyrir samruna tveggja sparisjóða og er það í fyrsta sinn sem slíkur

samruni byggir alfarið á viðskiptalegum forsendum en ekki á að um sé að ræða nauðsynlegar aðgerðir við fjárhagslega endurskipulagningu annars sjóðsins. Hlutverk Fjármálaefirlitsins við slíkan samruna er ekki aðeins að ganga úr skugga um að formlegum skilyrðum fyrir samruna sé fullnægt og gæta að heilbrigðum og traustum viðskiptaháttum, heldur einnig að tryggja að ekki sé gengið á varasjóði sparisjóðanna.

Viðskiptabankar, sparisjóðir og lánafyrirtæki skila yfirliti til Fjármálaefirlitsins hálfárslega um þátttöku þeirra í atvinnu-starfsemi, sbr. 21. og 22. gr. laga nr. 161/2002. Fjármálaefirlitið hefur áður upplýst að þátttaka í atvinnustarfsemi sé til sérstakrar skoðunar og að vænta megi að leiðbeinandi tilmæli eftirlitsins nr. 1/2004, verði tekin til endurskoðunar. Ekki hefur tekist að ljúka framangreindri athugun á árinu vegna annarra verkefna sem tekið hafa meiri tíma en ætlað var, en stefnt er að því að henni ljúki á vormánuðum næsta árs.

Á tímabilinu voru tvö mál tekin til athugunar þar sem grunur lék á að starfsleyfisskyld starfsemi skv. 3. gr. laga nr. 161/2002, hafi farið fram án þess að tilskilin leyfa hafi verið aflað. Í öðru málanna var ríkislögreglustjóra greint frá athugun Fjármála-efirlitsins en eitt mál er enn til meðferðar hjá eftirlitinu.

Á tímabilinu var ríkislögreglustjóra jafnframt gerð grein fyrir einu máli vegna gruns um að virkur eignarhlutur kynni að hafa stofnast í fjármálafyrirtæki í andstöðu við ákvæði laga nr. 161/2002.

Í júlí 2006 kynnti Fjármálaefirlitið breytingar á leiðbeinandi tilmælum nr. 1/2003, um efni starfsreglna stjórna fjármála-fyrirtækja, skv. 2. mgr. 54. gr. laga nr. 161/2002, um fjármála-fyrirtæki. Meginbreytingar eru þær að gerðar verða kröfur um að fjármálafyrirtæki feli ytri endurskoðanda að fara yfir fyrirgreiðslur til venslaðra aðila og gefa rökstutt álit á því hvort armslengdarsjónarmið (arms length principle) hafi verið viðhöfð við slíkar fyrirgreiðslur. Fjármálaefirlitið fer fram á að slíkar úttektir ytri endurskoðanda verði sendar eftirlitinu árlega um þau fjármálafyrirtæki þar sem niðurstaða efnahagsreiknings samstæðu er yfir 100 milljarðar króna en annað hvert ár í tilviki annarra fjármálafyrirtækja. Gert er ráð fyrir að Fjármálaefirlitið geti ákveðið að fleiri aðilar falli undir skyldur um árlega athugun ytri endurskoðanda ef þess er talin þörf.

Sameiginleg viðlagæfing Seðlabanka Íslands og Fjármálaefirlitsins var haldin 13. janúar 2006. Þetta var í annað sinn sem slíkt var gert. Með æfingu þessari var látið reyna á samskipti innan Seðlabankans og innan Fjármálaefirlitsins og milli aðila ef upp kæmi áfall á fjármálamarkaði. Með atvikalýsingu æfingarinnar reyndi á margvísleg atriði í tengslum við lánamarkað, váttrygginga-markað, verðbréfamarkað og starfsemi lífeyrissjóða. Almennit gekk þátttakendum Seðlabankans og Fjármálaefirlitsins vel að

vinna úr álitaeftum æfingarinnar. Á heildina litið heppnaðist æfingin vel, framkvæmd hennar var með ágætum, tölvupósts-samskipti virkuðu vel og hnókrar voru fæir. Fjármálaeftirlitið hefur í framhaldi æfingarinnar unnið að fyllra skipulagi viðlaga-þáttar í starfsemi eftirlitsins.

Í febrúar 2006 var undirritað samkomulag milli forsætisráðuneytis, fjármálaráðuneytis, viðskiptaráðuneytis, Fjármálaeftirlitsins og Seðlabanka Íslands um samráð varðandi fjármálastöðugleika og viðbúnað við hugsanlegum áföllum í fjármálakerfinu. Samkomulagið byggir á vinnu sem stóð yfir á árunum 2004 og 2005.

1.5

Verðbréfasvið

Áherslur á tímabilinu:

- *Aukin áhersla á túlkanir og leiðbeiningar um framkvæmd löggjafar á verðbréfamarkaði*
- *Framkvæmd gegnsæisstefnu um athuganir FME á verðbréfamarkaði*
- *Framkvæmd tilskipana um yfirtökur, markaðssvik og lýsingar*
- *Undirbúningur MiFID tilskipunar og efling norræns samstarfs í eftirliti*

Samfara örrí þróun í löggjöf á verðbréfamarkaði, sem verður sífellt umfangsmeiri og flóknari, hefur Fjármálaeftirlitið merkt aukna þörf fyrir túlkanir og leiðbeiningar um framkvæmd. Samhliða nýrri stefnumótun Fjármálaeftirlitsins, þar sem lögð er áhersla á hlutverk þess sem áhrifavalds á fjármálamarkaði, hefur Fjármálaeftirlitið einsett sér að koma í ríkari mæli fram með túlkanir og leiðsögn í tengslum við álitaeftni sem rísa við beitingu laga og reglna á verðbréfamarkaði. Fjármálaeftirlitið hefur þegar birt 5 slíkar túlkanir á heimasíðu sinni. Fyrirséð er að aukning verði á þessum þætti í starfsemi Fjármálaeftirlitsins næstu misseri. Fjármálaeftirlitið hefur unnið að mótun og framkvæmd gegnsæisstefnu um athuganir eftirlitsins á verðbréfasviði, sem birt var á síðasta ári. Gerð hefur verið grein fyrir niðurstöðum 11 athugana frá því að stefnan gekk í gildi. Markmið Fjármálaeftirlitsins með auknu gegnsæi er einkum að auka tiltrú á eftirliti, efla varnaðaráhrif og stuðla að aukinni þekkingu markaðarins með birtingu fordæmisgefandi mála. Styður gegnsæisstefnan vel við áherslu Fjármálaeftirlitsins á aukið leiðsögu- og áhrifa-hlutverk.

Undanfarin ár hefur staðið yfir mikið löggjafarferli vegna innleiðingar nýrra tilskipana Evrópusambandsins á fjármálamarkaði. Á tímabilinu komu 3 tilskipanir til framkvæmdar, en það eru tilskipun um markaðssvik, lýsingar og yfirtökur. Framkvæmd þeirra hefur skipað stóran sess í starfseminni á tímabilinu. Ýmis álitaeftni hafa komið upp og við úrlausn þeirra hefur Fjármálaeftirlitið í nokkrum tilvikum nýtt sér erlent samstarf með

góðum árangri. Á vegum CESR (Committee of European Securities Regulators) starfa sérfræðingahópar við mótun og túlkun framangreindra tilskipana og kortlagningu álitamála sem upp koma. Fjármálaeftirlitið tekur virkan þátt í þessu starfi. Ljóst er að verkefni við framkvæmd og mótun nýrrar löggjafar verður áfram veigamikill þáttur í starfi Fjármálaeftirlitsins.

Innleiðingarferli vegna tilskipana ESB á verðbréfamarkaði mun ljúka á næsta ári með gildistöku MiFID og Transparency tilskipananna. Undirbúningsvinna vegna MiFID hefur verið sérlega umfangsmikil. Hefur Fjármálaeftirlitið tekið virkan þátt í að koma á norrænu samstarfi við þróun og smíði tilkynninga- og eftirlitskerfis sem kveðið er á um í 25. gr. tilskipunarinnar. Samstarfið, sem hefur í för með sér verulegan ávinning fyrir Fjármálaeftirlitið, er mikill áfangi í norrænu samstarfi og vísir að enn nánara samstarfi í framtíðinni. Áætlað er að kerfið verði gangsett í nóvember 2007. Í kafla 3.4. er fjallað um stöðlun eftirlitsaðgerða á verðbréfasviði sem tengist innleiðingu eftirlitskerfisins.

Á tímabilinu veitti Fjármálaeftirlitið Kauphöllinni leyfi til að starfrækja markaðstorg á grundvelli 34. gr. a. laga nr. 34/1998 um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða.

Eftirfarandi er yfirlit yfir mál sem komið hafa til sérstakrar athugunar á tímabilinu:

Stjórnvaldssektamál. Í 22 málum var tekið til athugunar hvort brotið hefði verið gegn rannsóknar- og tilkynningarskyldu fruminnherja og útgefenda á grundvelli 63. og 64. gr. laga nr. 33/2003. Í 15 tilvikum leiddi athugun Fjármálaeftirlitsins til stjórnvaldssekta.

Flöggunarmál. Á tímabilinu voru 6 mál tekin til athugunar með hliðsjón af flöggunarskyldu, sbr. 32. gr. verðbréfavíðskiptalaga. Í þremur málanna var ríkislögreglustjóra greint frá athugun Fjármálaeftirlitsins, en í þremur tilvikum var málum lokið með athugasemd.

Upplýsingaskylda útgefenda. Á tímabilinu var eitt mál tekið til athugunar varðandi upplýsingaskyldu útgefenda á grundvelli 59. gr. verðbréfavíðskiptalaga og var því lokið með athugasemdum.

Markaðsmisnotkun. Á tímabilinu voru þrjú mál tekin til athugunar vegna hugsanlegrar markaðsmisnotkunar. Tveimur málanna var lokið eftir athugun Fjármálaeftirlitsins án frekari aðgerða. Eitt mál er enn til meðferðar.

Innherjasvik. Átta mál voru tekin til athugunar á tímabilinu vegna hugsanlegra innherjasvika. Sex málanna var lokið eftir athugun Fjármálaeftirlitsins. Tvö málanna eru enn til meðferðar. Í tveimur málum var tekið til athugunar hvort hugsanlega hefði verið brotið gegn banni við miðlun innherjaupplýsinga.



Útboðsmál. Á tímabilinu staðfesti Fjármálaeftirlitið 5 lýsingar. Aukin ábyrgð færðist yfir á Fjármálaeftirlitið með innleiðingu Prospectus tilskipunar (tilskipun um útboðslýsingar) og hefur það komið fram í auknum verkefnum.

Yfirtökur. Tvö mál komu til athugunar vegna hugsanlegrar yfirtökuskyldu. Eftir umfangsmikla athugun var það niðurstaða Fjármálaeftirlitsins að ekki væri tilefni til aðgerða. Í einu máli gerði Fjármálaeftirlitið athugasemdir vegna yfirtökutilboðs sem lagt var fram að loknum tilskildum fresti.

Auk viðvarana vegna aðila sem grunur hefur leikið á að hafi boðið hér fjármálaþjónustu án tilskilinna leyfa hefur Fjármálaeftirlitið tekið upp þá stefnu að birta viðvaranir sem berast frá erlendum samstarfsaðilum í gegnum CESR POL á heimasíðu sinni. Alls hafa 56 viðvaranir verið birtar á tímabilinu.

en líkt og fyrr ár snúa þær að mestu leyti að innra eftirliti, fjárfestingastefnum, ársreikningum, flokkun fjárfestinga samkvæmt lífeyrissjóðalögum, tryggingafræðilegum úttektum, réttinda-bókhaldi og skýrsluskilum sjóðanna.

Á tímabilinu voru gerðar þrjár athuganir á fjárfestingum lífeyrissjóða. Markmiðið með athugunum er að kanna hvort fjárfestingar lífeyrissjóðanna séu flokkaðar í samræmi við ákvæði lífeyrissjóðalaganna sem kveða á um fjárfestingaheimildir sjóðanna. Jafnframt er markmið þeirra að fylgjast með því að fjárfestingar sjóðanna séu innan þess ramma sem þeim er settur í lögum. Auk framangreinds eru fjárfestingastefnur, ársreikningar og innra eftirlit sjóðanna könnuð í athugunum.

Um 20 lífeyrissjóðir gerðu breytingar á samþykktum sínum á tímabilinu. Samkvæmt lífeyrissjóðalögum staðfestir fjármálaráðuneytið breytingar á samþykktum sjóðanna að fenginni umsögn Fjármálaeftirlitsins. Nokkur hluti samþykktabreytinganna laut að yfirfærslu sjóða frá stigakerfi yfir í aldursháð kerfi en einnig má rekja hluta breytinganna til sameininga lífeyrissjóða.

Á tímabilinu veitti Fjármálaeftirlitið eina umsögn til fjármálaráðuneytisins um reglur um viðbótarlífeyrissparnað en því ber að veita ráðuneytinu umsögn vegna staðfestingar þess á reglum og breytinga á þeim samkvæmt lífeyrissjóðalögum.

Lögð hefur verið áhersla á eftirlit með skuldbindingum sjóðanna á tímabilinu. Gerðar hafa verið úrbætur á skýrslusniðmáti vegna árlegra tryggingafræðilegra úttekta sem sjóðunum ber að senda Fjármálaeftirlitinu. Þá hefur verið lögð áhersla á að ósk um umsögn Fjármálaeftirlitsins um samþykktabreytingar til

1.6

Lífeyris- og verðbréfasjóðasvið

Áherslur á tímabilinu:

- Vettvangsathuganir og athuganir á fjárfýringu
- Samþykktabreytingar
- Eftirlit með skuldbindingum
- Gagnagrunnur og áhættuflokkunarkerfi

Á tímabilinu var lokið, að öllu leyti eða að hluta, við vettvangsathuganir á 5 lífeyrissjóðum. Við athuganirnar eru allir helstu þættir í starfsemi sjóðanna skoðaðir s.s. fjárfestingar, réttindabókhald, tryggingafræðilegar úttektir, fjárfestingastefnur, ársreikningar og innra eftirlit. Ábendingar, athugasemdir og kröfur um úrbætur í kjölfar athugananna hafa verið margvíslegar

ráðuneytis fylgi ávallt staðlaðar tryggingafræðilegar upplýsingar um áhrif breytinganna á fjárhagsstöðu sjóðanna. Að lokum hafa verið gerðar ítarlegar úttektir á réttindabókhaldi og tryggingafræðilegum úttektum lífeyrissjóðanna við vettvangsathuganir á sjóðunum.

Fjármálaeftirlitið hefur á síðustu misserum stigið mikilvæg skref í uppbyggingu gagnagrunns á lífeyrissviði, en það snýr að sögulegum gögnum um fjárfestingar sjóðanna. Næsti áfangi verkefnisins er að bæta við gagnagrunninn þeim hluta er snýr að skuldbindingum sjóðanna og mun hann hefjast innan tíðar.

Á árinu 2006 var hafist handa við að útfæra gæða- og áhættuflokkunarkerfi fyrir lífeyrissjóðina. Kerfið samanstendur af álagsprófi og gæðaflokkunarkerfi. Við álagsprófun eru mæld þau áhrif sem tiltekna breytingar í rekstrarumhverfi sjóðanna hafa á eignir og fjárhagsstöðu. Með gæðaflokkunarkerfinu er leitast við að meta gæði sjóðanna út frá ýmsum rekstrarlegum og fjárhagslegum upplýsingum um sjóðina. Til að byrja með er markmiðið að nýta kerfið innan Fjármálaeftirlitsins til að forgangsraða sjóðum í eftirliti, öðlast betri yfirsýn yfir áhættur sjóðanna og nauðsynlegt umfang áhættustýringar hjá sjóðunum. Stefnt er að því að halda áfram að þróa verkefnið næstu misseri og standa væntingar til að það muni jafnvel nýst í gagnvirku eftirliti fyrir bæði Fjármálaeftirlitið og lífeyrissjóðina sjálfa.

Úttektum á fjárfestingastefnum lífeyrissjóða án ábyrgðar launa-greiðenda var haldið áfram á tímabilinu. Markmið úttektanna er að kanna hvort fjárfestingastefnur sjóðanna uppfylli lágmarksskilyrði lífeyrissjóðalaganna og reglna sem um þær gilda. Jafnframt er leitast við að leggja mat á það hvort fjárfestingastefnurnar séu almennt fullnægjandi með hliðsjón af eðli sjóðanna. Á tímabilinu voru gerðar slíkar úttektir á um 17 sjóðum en athugasemdir, ábendingar og óskir um úrbætur hafa einkum lotið að því að stefnurnar uppfylli ekki að öllu leyti lágmarksskilyrði reglna sem um þær gilda.

Eins og undanfarin ár hefur áhersla verið lögð á athuganir á fjárfestingum verðbréfa- og fjárfestingarsjóða og hvort þær uppfylli ákvæði laga nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Töluverð vinna fór einnig á tímabilinu í að endurskipuleggja og bæta reglubundin skýrsluskil vegna sjóðanna. Þá lagði Fjármálaeftirlitið á tímabilinu ríka áherslu á að farið væri að ákvæðum laga nr. 30/2003 í auglýsingum og annarri kynningarstarfsemi vegna verðbréfa- og fjárfestingarsjóða.

Fjármálaeftirlitið setti á tímabilinu leiðbeinandi tilmæli, nr. 2/2006 um afleiðunotkun verðbréfasjóða. Í tilmælunum eru sett fram ákveðin grunnskilyrði sem þurfa að vera til staðar vegna afleiðunotkunar verðbréfasjóða. Í tilmælunum eru settar fram ákveðnar meginreglur sem grundvöllur fyrir sameiginlegar aðferðir vegna áhættustýringar verðbréfasjóða en þeim er ekki

ætlað að vera tæmandi leiðbeining um afleiðunotkun verðbréfasjóða. Í tilmælunum er einnig sett fram krafa um að rekstrarfélög verðbréfasjóða hafi sérstakt áhættustýringarkerfi sem hlotið hefur samþykki Fjármálaeftirlitsins.

1.7

Vátryggingasvið

Áherslur á tímabilinu:

- Áhættustýring, innra eftirlit og álagspróf
- Upplýsingaskylda samkvæmt lögum um vátryggingarsamminga og lögum um miðlun vátrygginga
- Athugun á tæknilegum iðgjaldagrundvelli líftrygginga
- Athugun á fyrirkomulagi skilmála lögboðinna starfsábyrgðartrygginga
- Athugun á samþykktum vátryggingafélaga

Á tímabilinu voru gerðar sérstakar athuganir á rekstri fjögurra skaðatryggingafélaga, þriggja líftryggingafélaga og tveggja vátryggingamiðlara. Almennt var starfsemi í samræmi við þær reglur sem í gildi eru. Athugasemdir voru gerðar þegar tilefni var til t.d. varðandi framkvæmd upplýsingaskyldu og skil á gögnum.

Fjármálaeftirlitið gaf út á árinu leiðbeinandi tilmæli nr. 1/2006 um álagspróf vátryggingafélaga og upplýsingagjöf um áhættustýringu, þ. á m. álagspróf. Fjármálaeftirlitið hefur þegar hafið notkun á stöðluðu álagsprófi til að meta hversu vel vátryggingafélög standast tiltekin áföll og eru félögin flokkuð í fjóra áhættuflokka með hliðsjón af niðurstöðu prófsins. Lendi félag í öðrum af hærri flokkunum mun eftirlit beinast sérstaklega að þeim áhættuþáttum sem höfðu mest áhrif.

Tilmælin kveða einnig á um að vátryggingafélög skuli reglulega skila eyðublaði þar sem gerð er grein fyrir hvernig félagið fylgist með og stýrir einstökum tegundum áhættu. Æskilegt er að aðgerðir félaganna taki mið af ætluðu umfangi áhættuþáttanna eins og það mælist t.d. með álagsprófum.

Tvö vátryggingafélög hafa sætt sértæku eftirliti með hliðsjón af 90. gr. laga um vátryggingastarfsemi um lágmarksgjaldþol.

Fjármálaeftirlitið endurbætti tvö eyðublöð sem vátryggingafélögum ber að skila reglulega, skv. 47. gr. laga um vátryggingastarfsemi. Beðið er nú um ítarlegri sundurlitun á eignum vátryggingafélaga, með það að aðalmarkmiði að fylgjast með eignum sem mæta eiga vátryggingaskuld. Þar sem búast má við að afkoma vátryggingafélaga af fjárfestingastarfsemi verði á næstu árum háðari meiri sveiflum þarf Fjármálaeftirlitið að leggja aukna áherslu á að fylgjast með eignahlíð efnahagsreikningsins.

Fjármálaeftirlitið óskar nú eftir ítarlegri og staðlaðri upplýsingum en verið hefur um endurtryggingavernd vátryggingafélaga.

Markmiðið er að auka yfirsýn og skilning á verndinni, sem er einn mikilvægasti hluti áhættustýringar félaganna.

Fjármálaeftirlitið gaf út á árinu leiðbeinandi tilmæli nr. 3/2006 um hvernig meðhöndla eigi áhrif breytinga á skulda- og eiginfjárlíðum váttryggingafélaga við upptöku alþjóðlegra reikningsskilastaðla (IFRS). Markmiðið var að samræma gjaldþolskröfur á milli félaga sem nota staðlana og hinna.

Fjármálaeftirlitið hefur unnið að því ásamt fulltrúum annarra eftirlitsstofnana innan EES að veita Evrópusambandinu ráðgjöf vegna þróunar Solvency II tilskipunar sem mun fjalla um nýjar áhættumiðaðar gjaldþolsreglur og nýjar aðferðir í eftirliti með váttryggingafélögum. Fjármálaeftirlitið hóf á tímabilinu að kynna fyrirhugaðar reglur fyrir váttryggingafélögum og óskaði eftir þátttöku þeirra í tveimur áhrifskönnunum (Quantitative Impact Study, QIS) þar sem áhrif fyrirhugaðra breytinga voru könnuð. Þrátt fyrir að kannanirnar hafi verið unnar innan þröngs tímaramma og viðfangsefnið hafi oft á tíðum kallað á nýjar aðferðir, hefur þátttaka váttryggingafélaga hér á landi í QIS verið góð. Hér er um að ræða mikilvægan lið í undirbúningi félaganna fyrir Solvency II og einnig er mikilvægt að Ísland leggi fram niðurstöður í slíkum könnunum þar sem reglurnar eru í mótun og taka þarf tillit til aðstæðna á mörkuðum í einstökum ríkjum.

Á árunum 2000 – 2003 voru rekstrarerfiðleikar hjá nokkrum váttryggingamiðlurum og dæmi um missi starfsleyfa og gjaldþrot félaga. Á árunum 2004 – 2006 virðist fjárhagsleg staða váttryggingamiðlara hafa færst til betri vegar.

Með lögum um miðlun váttrygginga nr. 32/2005 voru tekin upp í innlendan rétt ákvæði tilskipunar um miðlun váttrygginga (Insurance Mediation Directive no. 92/2002).

Fjármálaeftirlitinu hefur borist fjöldi tilkynninga frá erlendum eftirlitsstofnunum á Evrópska efnahagssvæðinu vegna váttryggingamiðlara og váttryggingaumboðsmanna vegna heimildar til að bjóða þjónustu án starfsstöðvar hér á landi.

Athugun á tæknilegum grundvelli líftrygginga í samræmi við 2. mgr. 55. gr. laga um váttryggingastarfsemi hefur haldið áfram. Söfnun gagna og upplýsinga frá félögnum er nú að mestu lokið. Markmiðið er að athuga hvort iðgjöldin séu sanngjörn í garð váttryggingartaka og í samræmi við áhættu og kostnað sbr. nefnit ákvæði.

Framkvæmd var athugun á fyrirkomulagi skilmála lögboðinna starfsábyrgðartrygginga. Athugasemdum var komið á framfæri þegar við átti. Ljóst er að lögboðnar starfsábyrgðartryggingar veita mismunandi váttryggingavernd. M.a. eru váttryggingafjárhæðir mismunandi milli starfsgreina. Sérstöðu hefur starfsábyrgðartrygging vegna miðlunar váttrygginga en þar er

váttryggingafjárhæðin talsvert hærri en í öðrum starfsábyrgðartryggingum.

Framkvæmd var athugun á fyrirkomulagi samþykpta váttryggingafélaga. Athugasemdum var komið á framfæri og breytingar gerðar á samþykktunum að teknu tilliti til laga um váttryggingastarfsemi og laga um hlutafélög.

1.8

Eftirlit með aðgerðum gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka

Áherslur á tímabilinu:

- Ný löggjöf og aukin áhersla á eftirlit
- Mótun eftirlits og leiðbeinandi tilmæli
- Samstarfssamningar við utanríkisráðuneyti og lögreglu
- Úttekt FATF

Á síðari hluta árs 2005 og á árinu 2006 hefur Fjármálaeftirlitið lagt aukna áherslu á eftirlit með aðgerðum gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka og var nýr starfsmaður ráðinn á fyrri hluta ársins til þess að annast sérstaklega eftirlit með þessum málaflokki.

Ný löggjöf tók gildi í júní 2006 sem felur í sér nýjar áherslur í eftirliti. Í kjölfar nýrrar löggjafar hefur verið unnið að leiðbeinandi tilmælum til eftirlitsskyldra aðila sem ætlað er að skýra og skerpa á skyldum fjármálafyrirtækja að þessu leyti. Fjármálaeftirlitið hefur einnig haldið fræðslufundi með ábyrgðarmönnum um peningaþvætti hjá eftirlitsskyldum aðilum.

Unnið hefur verið að gerð samstarfssamnings við utanríkisráðuneytið vegna alþjóðlegra skuldbindinga Íslands og laga-skyldu Fjármálaeftirlitsins að senda tilkynningar til eftirlitsskyldra aðila um einstaklinga og lögaðila sem grunaðir eru um tengsl við alþjóðlega hryðjuverkastafsemi og peningaþvætti.

Einnig er í undirbúningi gerð samstarfssamnings við lögreglu vegna samstarfs, upplýsingaskipta og fræðslumála í tengslum við eftirlit með aðgerðum gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. Tilkynningar um grunsamleg viðskipti eru sendar lögreglu sem rannsakar mál en Fjármálaeftirlitinu er ætlað að hafa eftirlit með að fullnægjandi verkferlar og reglur séu til staðar hjá eftirlitsskyldum aðilum og með framfylgni laga og reglna að þessu leyti.

Fjármálaeftirlitið hefur jafnframt unnið að mótun eftirlits með aðgerðum gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. Á árinu 2006 var tekið upp það verklag að eftirlit með þessum þáttum er sérstaklega afmarkaður hluti af heildarúttektum hjá einstökum eftirlitsskyldum aðilum. Jafnframt verða gerðar

sérstakar peningaþvættisúttektir hjá eftirlitsskyldum aðilum auk þess sem sendir verða spurningalistar árlega til aðila sem fela í sér sjálfsmat á aðgerðum gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka.

Á tímabilinu frá 1. janúar til 1. október 2006 voru framkvæmdir athuganir á aðgerðum gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka hjá 12 eftirlitsskyldum aðilum. Um var að ræða þátt í almennri úttekt hjá viðkomandi aðilum, þar sem í nokkrum tilvikum voru gerðar athugasemdir og settar fram ábendingar í tengslum við innri ferla, reglur og eftirlit.

FATF (Financial Action Task Force on Money Laundering) er alþjóðlegur framkvæmdahópur sem vinnur gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. FATF hefur sett fram 40 tilmæli um aðgerðir gegn peningaþvætti auk 9 sérstakra tilmæla um fjármögnun hryðjuverka sem aðildarríkin hafa skuldbundið sig til að fylgja. Úttektir á vörnum aðildarríkjanna gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka eru framkvæmdar með reglubundnum hætti og á árinu 2006 átti sér stað slík úttekt hér á landi. Mikil vinna hefur átt sér stað hjá Fjármálaeftirlitinu á þessu ári vegna úttektarinnar en auk Fjármálaeftirlitsins koma að henni viðskiptaráðuneytið, sem er í forsvari fyrir þennan málaflókk hér á landi, dómsmálaráðuneytið, ríkislögreglustjórnin, Seðlabanki Íslands og Samtök banka og verðbréfafyrirtækja. Skýrsla um úttektina var samþykkt á fundi FATF ríkja í október 2006. Niðurstaða skýrslunnar var almennt jákvæð en jafnframt komu þar fram, eins og venja er, ábendingar um það sem talið er að betur mætti fara í lögjöf og framkvæmd á þessu sviði.

1.9

Eigendur virkra eignarhluta fjármála-fyrirtækja og váttryggingafélaga

1.9.1 Almenn

Talsverðar sviptingar hafa átt sér stað í eignarhaldi fjármála-fyrirtækja og váttryggingafélaga á síðastliðnu ári, en á tímabilinu hafa Fjármálaeftirlitinu borist 22 umsóknir um heimild til þess að fara með virka eignarhluti í 13 fyrirtækjum. Áherslur Fjármálaeftirlitsins við afgreiðslu þessara umsókna hafa einkum verið:

- Skoðun á því hvort eignarhald sé til þess fallið að valda hagsmunaárekstrum á fjármálamarkaði eða sé líklegt til þess að torvela eftirlit með hinum eftirlitsskylda aðila, m.a. vegna tengsla aðila eða samstarfs.
- Tengsl á milli aðila, samstarf og viðskipti umsækjanda um virkan eignarhlut við viðkomandi eftirlitsskylda aðila hafa komið til sérstakrar skoðunar af hálfu Fjármálaeftirlitsins í tengslum við afgreiðslu umsókna.

- Fjármálaeftirlitið hóf að birta upplýsingar um afgreiðslu umsókna um virka eignarhluti á heimsíðu sinni á tímabilinu.

Margar þeirra umsókna sem Fjármálaeftirlitið hefur haft til afgreiðslu á tímabilinu eiga það sameiginlegt að hafa tekið umtalsverðan tíma vegna flókinna eignatengsla, umsvifa eigenda í fjárfestingum og stærðar eignarhlutar sem umsókn lítur að, þar sem framangreint hefur kallað á ítarlega upplýsingagjöf af hálfu umsækjenda. Á tímabilinu hefur Fjármálaeftirlitið ekki hafnað neinni umsókn um virkan eignarhlut en í flestum tilvikum hefur samþykkið verið bundið tilteknum skilyrðum.

Í flestum tilvikum þegar um er að ræða kaup á virkum eignarhlutum, eru gerðir samningar um kaup á hlutum án þess að samþykkis Fjármálaeftirlitsins hafi verið aflað fyrirfram, en gerður er fyrirvari um samþykki. Rétt er að geta þess að lög kveða á um að samþykki sé leitað fyrirfram, en hins vegar er tekið fram í athugasemdum í greinargerð með lögum að útfæra megi samninga um kaup á virkum eignarhlutum þannig að þeir séu háðir samþykki Fjármálaeftirlitsins og að ákvæðið standi ekki í vegi fyrir því að menn geti tryggt sér kauprétt að virkum eignarhlut án þess að samþykkis Fjármálaeftirlitsins hafi verið aflað.

Framangreind framkvæmd hefur þó valdið Fjármálaeftirlitinu erfiðleikum við eftirlit þar sem í slíkum tilvikum hefur það hent að fulltrúar aðila hafa tekið sæti í stjórn fjármálfyrirtækja/váttryggingafélaga eða jafnvel að ráðist hafi verið í breytingar á starfsemi viðkomandi fyrirtækja án þess að samþykki fyrir virkum eignarhlut hafi legið fyrir. Að mati Fjármálaeftirlitsins er þessi framkvæmd ekki í samræmi við tilgang laganna og æskilegt að breytingar verði gerðar til að koma í veg fyrir þessa stöðu.

Í nokkrum tilvikum hefur verið um að ræða að eignarhald fjármálfyrirtækja og váttryggingafélaga er á hendi sömu aðila. Í slíkum tilvikum getur komið til skoðunar hvort fjármálasamsteypa teljist hafa stofnast samkvæmt lögum nr. 161/2002, um fjármálfyrirtæki og lögum nr. 60/1994, um váttryggingastarfsemi. Fjármálaeftirlitið tók tvö slík tilvik til sérstakrar skoðunar á tímabilinu en í hvorugu þeirra tilvika var niðurstaðan á þá leið að um fjármálasamsteypur væri að ræða. Fjármálaeftirlitið hefur í smíðum reglur vegna viðbótareftirlits með fjármálasamsteypum sem ætlað er að innleiða að fullu tilskipun Evrópusambandsins nr. 2002/87/EC.

Fjármálaeftirlitið hafði til meðferðar athugun á því hvort myndast hefði virkur eignarhlutur í Straumi-Burðarási Fjárfestingarbanka hf. í kjölfar kaupa FL Group hf. á 24,026% hlutafjár í félaginu í júní 2006. Niðurstaða Fjármálaeftirlitsins var sú að kaupendur og seljendur framangreinds hlutafjár væru í samstarfi um meðferð virks eignarhlutar í Straumi-Burðarási Fjárfestingar-

banka hf. á grundvelli 2. mgr. 40. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, sbr. 2. mgr. 40. gr. a. og 4. tl. 3. mgr. 40. gr. a. laganna. Þar sem framangreindir aðilar höfðu ekki hlotið samþykki Fjármálaeftirlitsins til meðferðar á hinum virka eignarhlut tók Fjármálaeftirlitið ákvörðun um að takmarka sameiginlegan atkvæðisrétt þeirra í félaginu við 9,99%, sbr. 45. gr. laganna.

Á síðustu tveimur árum hefur orðið vart við aukinn áhuga fjárfesta á viðskiptum með stofnfjárhluti í sparisjóðum og eru dæmi um að stofnfjárhlutir hafi skipt um hendur á margföldu yfirverði. Löggjöf um eignarhald á stofnfé í sparisjóðum er talsvert ólík löggjöf um eignarhald á hlutum í öðrum fjármálafyrirtækjum, m.a. hvað varðar áskilnað um samþykki stjórnar fyrir framsali eða annarri sölu stofnfjár. Megintilgangur ákvæða um meðferð eignarhluta í sparisjóðum er að tryggja dreifða eignaraðild. Nokkuð hefur borið á að aðilar hafi stofnað eignarhaldsfélög um eignarhluti sína í fjármálafyrirtækjum og á það einnig við um stofnfjáreigendur í sparisjóðum. Með hliðsjón af skyldum stjórnar sparisjóða vegna sölu eða annars framsals stofnfjárhluta, taldi Fjármálaeftirlitið nauðsynlegt að setja fram tülkun á ákvæðum 64. gr. og 2. mgr. 70. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki. Tülkunin lýtur að því hvernig skilja beri hugtökin „sala og annað framsal stofnfjárhluta“ þegar um er að ræða sölu á félögum sem eru eigendur stofnfjárhluta og hvaða reglur gilda um samþykki stjórnar sparisjóða í því sambandi. Jafnframt varðar tülkunin skyldur aðila sem selja óbeinan eignarhlut sinn í stofnfé, með sölu á hlutum í félagi sem er formlegur eigandi stofnfjár.

Niðurstaða Fjármálaeftirlitsins er sú að 64. gr., sbr. 70. gr. laga nr. 161/2002, um bann við sölu eða öðru framsali stofnfjárhluta í sparisjóði án samþykkis stjórnar sparisjóðs, taki ekki eingöngu til beinnar sölu eða framsals á stofnfjárhlutum heldur jafnframt til þess þegar 20% eða stærri hlutur í félagi sem er eigandi stofnfjárhlutar skiptir um eigendur. Niðurstöðuna í heild sinni og frekari rök fyrir henni má finna á heimasíðu Fjármálaeftirlitsins.

1.9.2 Rannsókn á virkum eignarhlut í Sparisjóði Hafnarfjarðar

Í kjölfar umfangsmikillar athugunar komst Fjármálaeftirlitið að þeirri niðurstöðu á vormánuðum 2006 að virkur eignarhluti hefði myndast í Sparisjóði Hafnarfjarðar í andstöðu við lög. Í framhaldi af því ákvað Fjármálaeftirlitið að nokkrir eigendur stofnfjárhluta færu samtals ekki með meira en 5% atkvæðisrétt í sparisjóðnum. Nokkrir eigendur stofnfjárhluta kærðu ákvarðanir Fjármálaeftirlitsins til kærunefndar, sbr. þágildandi 18. gr. laga nr. 87/1998, sem felldi þær úr gildi í júlí og ágúst 2006. Stjórn Fjármálaeftirlitsins hefur ákveðið að höfða mál til ógildingar á úrskurðum kærunefndarinnar.

Í lögum um fjármálafyrirtæki kemur fram að aðilar sem hyggjast eignast virkan eignarhlut í fjármálafyrirtæki skuli leita samþykkis Fjármálaeftirlitsins fyrir fram. Sérákvæði er í lögum varðandi myndun virks eignarhluta í sparisjóðum. Kveðið er á um að einungis sé hægt að mynda virkan eignarhlut í tveimur sérgreindum tilvikum og þarf samþykki Fjármálaeftirlitsins að liggja fyrir. Í sparisjóðunum koma til viðbótar sjónarmið um hagsmunaárekstur stofnfjáreigenda og sjálfseignarhluta stofnunarinnar sjálfar. Í ljósi þess að stofnfjáreign jafngildir ekki hlutdeild í eigin fé sparisjóðs með sama hætti og hlutafjáreign felur í sér hefur löggjafinn sett takmörk við því að stofnfjárbréf gangi kaupum og sölum á almennum markaði. Í flestum sparisjóðum er því svo varið að stofnfé nemur einungis litlum hluta heildareiginfjár. Bróðurpartur eigin fjár er í flestum tilfellum í eigu sparisjóðsins sjálfs, og til þeirra fjármuna eiga stofnfjáreigendur ekki tilkall.

Flestir aðilar sem athugun Fjármálaeftirlitsins beindist að neituðu að hafa átt í samstarfi um myndun virks eignarhlutar í Sparisjóði Hafnarfjarðar. Í kjölfar þess aflaði Fjármálaeftirlitið upplýsinga um hreyfingar á fjárvörslureikningi lögmannastofu á grundvelli dómsúrskurða. Allir aðilar sem Fjármálaeftirlitið taldi að myndað hefðu virkan eignarhlut í sparisjóðnum tengdust nefndum fjárvörslureikningi lögmannastofunnar. Virðast greiðslur á hátt í tvo milljarða króna hafa verið greiddar í tengslum við málið.

Ástæður þess að ákveðið var að höfða mál til ógildingar á úrskurðum kærunefndarinnar er að Fjármálaeftirlitið er ósammála niðurstöðum kærunefndar og telur rökstuðningi áfátt. Í málinu reynir á mikilvæg atriði fyrir íslenskan fjármálamarkað sem snýr að virkni lagaákvæða og getu eftirlitsins til þess að framfylgja lögum um fjármálafyrirtæki. Er þar einkum átt við:

- Sönnunarkröfur vegna myndunar virks eignarhlutar þegar aðilar neita samstarfi, en ýmis önnur gögn og aðstæður benda til samstarfs aðila. Þetta atriði getur skipt máli fyrir mat erlendra aðila á gegnsæi eignatengsla á íslenskum markaði.
- Sérstök ákvæði um dreifða eignaraðild og meðferð stofnfjár í sparisjóðum.
- Samskipti og samstarf Fjármálaeftirlitsins og ríkislögreglustjóra varðandi réttarvörslu á íslenskum fjármálamarkaði. Að mati Fjármálaeftirlitsins hafa þessir aðilar sitt hvoru hlutverkinu að gegna og hafa mismunandi úrræði. Rannsóknir hvors um sig beinast að mismunandi þáttum þó að sami aðilinn kunni að seta rannsókn. Þetta er í samræmi við tülkun áfrýjunarnefndar samkeppnismála í olíusamráðsmálinu (3/2004).

1.10 Hæfi stjórnenda

1.10.1 Hæfismat

Þann 15. nóvember 2005 tók Fjármálaeftirlitið upp sérstakt hæfismat á framkvæmdastjórum og stjórnarmönnum hjá fjármálafyrirtækjum og lífeyrissjóðum, en um nokkurt skeið hefur verið framkvæmt slíkt mat á váttryggingasviði. Það mat hefur mælst vel fyrir og reynst gott tækifæri fyrir nýja framkvæmdastjóra til þess að setja sig vel inn í það regluverk sem gildir um starfsemi viðkomandi félags. Hæfismat er framkvæmt bæði þegar sótt er um nýtt starfsleyfi og eftir atvikum við breytingar á gildandi starfsleyfum og þegar nýir aðilar taka við störfum.

Þau sérlög sem gilda um hæfi framkvæmdastjóra og stjórnarmanna framangreindra aðila gera ríkari kröfur en hlutafélagalög gera til hæfis stjórnarmanna og framkvæmdastjóra almennra hlutafélaga. Bæði er um að ræða kröfur er lúta að trúverðugleika þessara aðila auk krafna um faglegt hæfi viðkomandi, þ.e. að menntun, starfsreynsla og starfsferill viðkomandi sé með þeim hætti að tryggt sé að hann geti gegnt stöðu sinni á viðhlítandi hátt. Hæfiskröfur laganna eru hluti af þeim skilyrðum sem sett eru fyrir veitingu starfsleyfa og getur það valdið synjun eða sviptingu starfsleyfis ef aðili telst ekki uppfylla hæfisskilyrðin. Talið hefur verið eðlilegt að gera ríkari kröfur á þessu sviði en öðrum vegna eðli starfseminnar og vegna þess að í flestum tilvikum eru þessir aðilar að höndla með fjármuni almennings.

Mat á hæfi framkvæmdastjóra fer þannig fram að framkvæmdastjóri er boðaður til fundar hjá Fjármálaeftirlitinu innan

ákveðins tíma eftir að viðkomandi hefur tekið við störfum eða áður en nýtt starfsleyfi er veitt. Á fundinum eru rædd tiltekin ákvæði laga og reglna sem nauðsynlegt er að framkvæmdastjóri kunnir skil á. Viðkomandi fær upplýsingar fyrir fundinn um það efni sem verður til umfjöllunar og er gert ráð fyrir u.þ.b. tveggja vikna undirbúningstíma. Þessum aðilum ber einnig að leggja fram staðfestingu á því að þeir hafi ekki hlotið dóm fyrir brot á þeim lögum sem tiltekin eru í lögum um starfsemi hins eftirlitsskylda aðila, staðfestingu á að þeir séu fjár síns ráðandi eða hafi ekki verið úrskurðaðir gjaldþrota á síðustu 5 árum og skrifleg svör við spurningalista sem er aðgengilegur á heimasíðu Fjármálaeftirlitsins. Eftir fundinn leggur Fjármálaeftirlitið mat á hvort viðkomandi hafi sýnt fram á nægilega þekkingu á þeim lögum og reglum sem rædd hafa verið og hvort hann teljist hæfur að öðru leyti með vísan til hæfisskilyrða laga.

Telji Fjármálaeftirlitið að viðkomandi aðili hafi ekki sýnt fram á fullnægjandi þekkingu á lögum og reglum er honum gefinn kostur á að endurtaka matið. Almennur er þó ekki gert ráð fyrir fleiri en tveimur tilraunum nema sérstök rök leiði til annars.

Frá 15. nóvember 2005 og fram til 1. október 2006 hefur verið framkvæmt mat á hæfi 8 aðila. Í 6 tilvikum stóðust aðilar hæfismat en í 2 tilvikum ekki og voru því boðaðir í endurtekið mat.

Ekki er gerð krafa um að stjórnarmenn sýni fram á þekkingu á lögum og reglum með sama hætti og framkvæmdastjórar en þess er krafist að þeir leggi fram skrifleg svör við spurningalista sem er aðgengilegur á heimasíðu Fjármálaeftirlitsins, ásamt staðfestingu á því að þeir hafi ekki hlotið dóm fyrir brot á lögum er tengjast starfsemi hins eftirlitsskylda aðila, staðfestingu á að þeir séu fjár síns ráðandi



eða hafi ekki verið úrskurðaður gjaldþrota á síðustu 5 árum. Þessar upplýsingar skulu berast Fjármálaeftirlitinu innan 4 vikna frá því að stjórnarmaður tekur sæti í stjórn félags eða fylgja umsókn um starfsleyfi, sé um það að ræða. Fjármálaeftirlitið upplýsir ekki sérstaklega um niðurstöðu hæfismats stjórnarmanna nema tilefni sé til.

Fjármálaeftirlitið byggir mat þetta á 8. gr. laga nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi sem og á hæfiskröfum þeirra laga er um starfsemi þessara aðila gilda. Nánari upplýsingar um framkvæmd hæfismats má finna á heimsíðu Fjármálaeftirlitsins.

1.10.2 Mat á hæfi framkvæmdastjóra og stjórnarmanna í sérstökum tilvikum

Eftirlit með hæfi framkvæmdastjóra og stjórnarmanna eftirlitskyldra aðila er viðvarandi og getur komið til þess að Fjármálaeftirlitið telji ástæðu til þess að taka hæfi þessara aðila til sérstakrar skoðunar. Á tímabilinu frá nóvember 2005 og fram til 1. október 2006 hefur Fjármálaeftirlitið haft til sérstakrar skoðunar hæfi tveggja framkvæmdastjóra og sjö stjórnarmanna hjá eftirlitsskyldum aðilum. Hluta þeirra athugana var hætt eftir að viðkomandi tók ákvörðun um að víkja sæti eða Fjármálaeftirlitið taldi ekki ástæðu til frekari aðgerða. Hluta framangreindra athugana var ekki lokið þann 1. október 2006.

Rétt er að geta þess að Fjármálaeftirlitinu hefur verið veitt bein heimild til þess að víkja framkvæmdastjórum og stjórnarmönnum eftirlitsskyldra aðila einhliða frá störfum uppfylli þeir ekki hæfisskilyrði laga, skv. 4. mgr. 10. gr. laga nr. 87/1998, sbr. 4. gr. laga nr. 67/2006.

1.11 Erlent samstarf

Aherslur á tímabilinu:

- *Almennt*
- *Norrænt samstarf*
- *CEBS*
- *CEIOPS*
- *CESR*

Áframhaldandi aukning erlendra umsvifa íslenskra fjármálafyrirtækja hefur orðið til þess að Fjármálaeftirlitið hefur í auknum mæli átt samskipti og samstarf við erlendar systurstofnanir í þeim löndum innan og utan Evrópska efnahagssvæðisins, sem þau eru með starfsemi og starfsstöðvar.

Fjármálaeftirlitið á gott samstarf við systurstofnanir á öðrum Norðurlöndum. Forstjórar stofnananna hittast einu sinni á ári þar sem rædd eru málefni sem varða samræmingu í eftirliti með fjármálastarfsemi á Norðurlöndum. Fundur þessa árs var haldinn

á Íslandi í lok ágúst 2006. Ennfremur eru árlegir fundir haldnir í sérfræðingahópum sem fjalla um eftirlit á lána-, váttrygginga- og verðbréfamarkaði og upplýsingatækni.

Fjármálaeftirlitið er aðili að og tekur þátt í starfi samstarfsnefnda fjármálaeftirlita í Evrópu. Þessar nefndir eru CEBS (Committee of European Banking Supervisors), CESR (Committee of European Securities Regulators) og CEIOPS (Committee of European Insurance and Occupational Pensions Supervisors). Nefndir þessar hafa það hlutverk að samræma eftirlit á fjármálamarkaði og styðja þannig við skilvirkan innri markað á Evrópska efnahagssvæðinu. Ennfremur sinna þær ráðgjöf til framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins um móttöku samræmdrar löggjafar á fjármálamarkaði. Þátttaka Fjármálaeftirlitsins í þessu samstarfi er nauðsynleg til að tryggja að innleiðing reglna og framkvæmd eftirlits hér á landi sé sambærileg og gerist innan EES og stuðlar þannig að samkeppnishæfni íslenskra fjármálafyrirtækja á erlendum mörkuðum.

Á lánamarkaði hefur Fjármálaeftirlitið tekið þátt í starfi þriggja vinnunefnda CEBS, sérfræðinganefnd um samræmingu í eftirlitsframkvæmd (Groupe de Contact), sérfræðinganefnd um eiginfjárkröfur (Expert Group on Capital Requirement) og sérfræðinganefnd um fjárhagslegar upplýsingar (Expert Group on Financial Information). Meginverkefni þessara nefnda undanfarin ár hefur verið að vinna að samræmdri innleiðingu á Basel 2 (CAD 3) eiginfjárreglum, m.a. með tillögugerð að grunnreglum/leiðbeinandi tilmælum og samræmdum skýrsluformum á þessu sviði.

Fjármálaeftirlitið hefur tekið þátt í sérfræðingahópi CEIOPS vegna Solvency II sem fjallar um nýjar aðferðir við eftirlit með váttryggingafélögum og gjaldþolsreglur. Umræddur hópur hefur veitt framkvæmdastjórn ESB ráðgjöf vegna svokallaðs Pillars I hluta sem fjallar um útreikning gjaldþols, gjaldþolskröfu, lágmarksgjaldþols og váttryggingaskuldar auk þess sem fjallað hefur verið um reglur um eignir til jöfnunar váttryggingaskuldar. Framkvæmdastjórnin mun um mitt næsta ár gefa út drög að tilskipun sem ætlað er að leysa þær tilskipanir af hólmi sem fjalla um váttryggingastarfsemi. Nýjum reglum um gjaldþol er ætlað að láta útreikning gjaldþolskrafa taka aukið tillit til allra áhættuþátta sem hafa áhrif á starfsemi váttryggingafélaga. Aðferðir við útreikninginn voru prófaðar með tveimur áhrifskönnunum (quantitative impact studies) sem váttryggingafélög tóku þátt í á tímabilinu.

Fjármálaeftirlitið hefur tekið þátt í sérfræðingahópi CEIOPS vegna miðlunar váttrygginga. Á árinu 2005 var gengið frá "Protocol" þ.e. samstarfssamningi milli eftirlita á Evrópska efnahagssvæðinu um miðlun váttrygginga. Sérfræðingahópurinn vinnur við frekari athugun á tilteknum atriðum í eftirliti með miðlun váttrygginga svo sem um upplýsingaskyldu um tilkynningar um veitta þjónustu.

Á árinu 2006 hefur Fjármálaeftirlitið átt náið samstarf við fjármálaeftirlit Norðurlandanna vegna undirbúnings á hönnun og smíði tilkynningaskyldukerfis (Transaction Reporting System) sem kveðið er á um í MiFiD (Tilskipun um markaði með fjármálagerninga). Hélt Fjármálaeftirlitið fund með norrænum fjármálaeftirlitum í Reykjavík í maí 2006, þar sem TRS var aðal umræðuefnið. Hefur náðst samstaða á meðal eftirlitanna um samnorrænt kerfi. Unnið verður hörðum höndum að undirbúningi kerfisins á næsta ári, en ráðgert er að það verði komið í gagníð í nóvember 2007. Þessi vinna verður lykllinn að auknu norrænu samstarfi í eftirliti á verðbréfamarkaði. Þá hefur Fjármálaeftirlitið tekið þátt í innleiðingavinnu vegna MiFiD, Transparency Directive, auk vinnu við framkvæmd MAD og Prospectus tilskipana ESB. Ennfremur sótti Fjármálaeftirlitið fundi Framkvæmdastjórnar ESB um innleiðingu og framkvæmd yfirtökutilskipunar ESB. Jafnframt starfar Fjármálaeftirlitið í CESR-POL eftirlitsnefnd CESR, sem vinnur að auknu samstarfi evrópskra fjármálaeftirlita við rannsókn mála, greiðum upplýsingaskiptum á milli landa og þróun eftirlitsaðferða.

Fjármálaeftirlitið hefur tekið þátt í sérfræðingahópi CESR um verðbréfasjóði og rekstrarfélög þeirra. Hópurinn hefur m.a. unnið að leiðbeinandi reglum um einföldun tilkynningaferlis vegna markaðssetningar verðbréfasjóða milli landa innan Evrópska efnahagssvæðisins. Reglurnar voru í kjölfarið gefnar út af CESR í júní 2006 og eru notaðar af Fjármálaeftirlitinu.

1.12 Rekstur Fjármálaeftirlitsins á árinu 2005 og áætlaður rekstur á árinu 2006

Á árinu 2005 námu gjöld Fjármálaeftirlitsins að meðtöldum eignakaupum alls 324,6 m.kr. en tekjur að meðtöldum fjármunatekjum alls 305,6 m.kr. Þar af voru tekjur af eftirlitsgjaldi 299,9 m.kr. Á árinu 2005 varð því 19,0 m.kr. tekjuhalla af rekstri Fjármálaeftirlitsins. Undanskilið í framangreindu eru gjöld og tekjur vegna úrskurðarnefnda, sem vistaðar eru hjá Fjármálaeftirlitinu. Gert hafði verið ráð fyrir nokkrum tekjuhalla á árinu 2005 til að jafna út jákvæða eiginfjárstöðu í ársbyrjun. Hallinn varð þó meiri en áætlað var, einkum vegna aukins launakostnaðar, en breytingar á lögum um verðbréfavíðskipti á árinu leiddu til ráðningar tveggja starfsmanna sem ekki var gert ráð fyrir í rekstraráætlun ársins. Höfuðstóll Fjármálaeftirlitsins í ársbyrjun 2005 var 8,9 m.kr. Tekið var tillit til þessa við ákvörðun eftirlitsgjalds, sem samþykkt var á Alþingi fyrir árið 2006. Tekjum ársins 2005 var ráðstafað til rekstrar á árinu en vegna tekjuhalla varð eigið fé neikvætt í árslok 2005 um 10,1 m.kr. sem nemur 3,3% af heildartekjum stofnunarinnar.

Helstu atriði úr ársreikningi Fjármálaeftirlitsins fyrir árið 2005 eru sýnd í 5. kafla skýrslunnar en ársreikningurinn er birtur í heild á heimasíðu Fjármálaeftirlitsins.

Í rekstraráætlun Fjármálaeftirlitsins fyrir árið 2006 er gert ráð fyrir að gjöld á árinu verði alls 410,5 m.kr. Áætlað er að tekjur að meðtöldum vaxtatekjum verði 438,4 m.kr. en þar af verði tekjur af eftirlitsgjaldi 435,4 m.kr. Tekjuafgangur á árinu 2006 er því áætlaður 27,9 m.kr. Að teknu tilliti til neikvæðs eiginfjár í ársbyrjun 2006, að fjárhæð 10,1 m.kr., er því gert ráð fyrir að eigið fé stofnunarinnar verði jákvætt um 17,7 m.kr. í árslok 2006 sem tekið verður tillit til við áætlun eftirlitsgjalds í rekstraráætlun vegna ársins 2007. Stærsti hluti jákvæðrar eiginfjárstöðu stofnunarinnar í árslok 2006 skýrist af tekjum af eftirlitsgjaldi á árinu 2006 umfram upphaflega áætlun vegna stækkunar álagningarstofna tveggja lánastofnana.

2.1

Lánamarkaður


2.1.1 Afkoma

Rekstur lánastofnana hefur gengið mjög vel á undanföllum árum, knúinn áfram af verulegum gengishagnaði af hlutabréfaeign, miklum útlánavexti og minnkandi útlánatöpum.

Arðsemin á árinu 2005 jókst verulega frá árinu á undan og sama þróun hélt áfram á fyrri hluta ársins 2006 með þeim jákvæðu formerkjum að grunnaafkoma styrktist en það skýrist þó að nokkru leyti af verðbólgugróða.

Meðalarðsemi eigin fjár viðskiptabankanna og sex stærstu sparisjóða fyrir skatta var 42,3% á fyrri hluta ársins 2006 samanborið við 36,6% árið 2005 og 28,6% árið 2004. Verulegan hluta af góðri afkomu má rekja til ágóða af eignarhlutum og verðbréfum eins og fyrr sagði. Séu allir afkomuliðir aðrir en vaxtamunur og þjónustutekjur undanskildir var arðsemi eigin fjár fyrir skatta á fyrri hluta ársins 2006 um 19% samanborið við liðlega 11% á árinu 2005 og tæplega 5% árið 2004. Samkvæmt því hefur afkoma af kjarnastarfsemi, það er án gengishagnaðar og óreglulegra tekna farið batnandi.

Mynd 1 Arðsemi eigin fjár viðskiptabankanna og stærstu sparisjóðanna m.v. mismunandi vægi „annarra rekstrartekna“




Mynd 1. Arðsemi eigin fjár á ársgrundvelli fyrir viðskiptabanka og stærstu sparisjóði. Arðsemi I miðast við hagnað samkvæmt reikningsskilum, arðsemi II miðast við hagnað að frádregnum öðrum rekstrartekjum en þóknunartekjum og arðsemi III miðast við hagnað að frádregnum gengishagnaði. Í útreikningi á arðsemi II og III hefur ekki verið tekið tillit til áhrifa af lægri vaxtakostnaði vegna forsendunnar um lægri tekjur og er

arðsemi II og III því vanmetin að einhverju leyti. Í öllum tilvikum er miðað við hagnað fyrir skatta.

Á undanföllum árum hafa rekstrargjöld banka og sparisjóða farið lækkaði í hlutfalli af heildareignum. Á árinu 2004 nam þetta hlutfall um 2,5% en lækkaði í 1,8% á árinu 2005 og hélst svipað á fyrri helmingi ársins 2006.

Undanfarin ár hafa hreinar vaxtatekjur farið minnkandi í hlutfalli af heildareignum en svo brá við að á fyrri helmingi ársins 2006 jókst hlutfallið samanborið við fyrra ár. Árið 2004 var hlutfallið 2,3% en lækkaði niður í 1,9% árið 2005 en hækkaði svo aftur á fyrri helmingi ársins 2006 upp í 2,1%. Hækkunin skýrist fyrst og fremst af áhrifum hærri verðbólgu og jákvæðum verðtryggingarjöfnuði.

Mynd 2 Helstu rekstrarliðir í hlutfalli af meðalstöðu efnahagsreiknings hjá bönkum og sparisjóðum




Mynd 2. Þróun helstu rekstrarliða hjá viðskiptabönkum og stærstu sparisjóðum í hlutfalli við meðalstöðu efnahagsreiknings. Tölur fyrir fyrri hluta árs 2006 eru umreiknaðar m.v. heilt ár.

2.1.2 Útlánaþróun

2.1.2.1 Útlánavöxtur

Mikil útlánaaukning hefur verið hjá innlánsstofnunum á undanfórnum árum. Þannig hækkaði staða útlána viðskiptabanka og sparisjóða á móðurfélagsgrunni um liðlega 64% milli júní 2005 og júní 2006, eða úr 1.753 mö.kr. í 2.883 ma.kr. Hliðstæð hækkan á árinu 2005 nam 67,6% og á árinu 2004 nam hún 43%. Þar af hækkaði staða útlána til innlendra aðila, í sömu röð, sem hér segir: 54%, 51% og 40%. Hliðstæðar tölur fyrir vöxtinn í stöðu útlána til erlendra aðila eru, í sömu röð: 106%, 163% og 68%. Í lok júní 2006 nam staða útlána til innlendra aðila 2.147 mö.kr. og staða útlána til erlendra aðila 736 mö.kr. Það er athyglisvert að staða útlána sem tengd eru erlendum gjaldmiðli nam 1.628 mö.kr. á sama tímapunkti en hinn mikli munur á þeirri fjárhæð og 736 mö.kr. endurspeglar aðallega vaxandi umsvif íslenskra fyrirtækja erlendis.


Mynd 3 Útlán innlánsstofnana á móðurfélagsgrunni



Mynd 3. Þróun útlána til innlendra og erlendra aðila auk þróunar heildarútlána

Við mat á útlánaaukningu innlánsstofnana til innlendra aðila milli árana 2004 og 2006 þarf að taka tillit til tilfærslu lána með veði í íbúðarhúsnæði frá Íbúðalánasjóði til viðskiptabanka og sparisjóða. Þá má geta þess að hlutfall lána til erlendra aðila af heildarútlánnum á móðurfélagsgrunni hefur hækkað úr 20% í lok júní 2005 í liðlega 25% í lok júní 2006. Í lok ársins 2002 námu slík lán aðeins 6,2% af heildarútlánnum innlánsstofnana og sýna þessar tölur glögglega aukna alþjóðavæðingu.

Mynd 4 Skipting útlána innlánsstofnana á móðurfélagsgrunni




Mynd 4. Þróun hlutfallslegrar skiptingar útlána til innlendra og erlendra aðila

2.1.2.2 Vanskilapróun

Hraður útlánavöxtur er einn af þeim þáttum sem reynslan sýnir að getur verið undanfari erfiðleika í fjármálakerfum ríkja. Nú þegar sér fyrir endann á góðærinu, sem staðið hefur yfir undanfarin ár, er mikilvægt að bankarnir viðhaldi hinni sterku eiginfjárstöðu sem þeir hafa haft að undanförmu til að geta mætt mögulegri aukningu vanskila.

Vanskil á útlánnum hafa farið stöðugt minnkandi á undanfórnum árum. Vanskilahlutfallið fer lækkandi jafnvel þótt reiknað sé með 2ja ára tímatöf; þ.e. vanskilin eru reiknuð sem hlutfall af stöðu útlána tveimur árum fyrr til að einangra áhrifin af miklum vexti útlána. Minnkun vanskila má þakka uppsveiflunni sem verið hefur í efnahagslífinu hérlendis en reikna má með aukningu á vanskilum á næstu misserum í kjölfar minnkandi efnahagsumsvifa. Á móti kemur að útlánabækur viðskiptabankanna eru fjölbreyttari nú en áður, bæði landfræðilega og m.t.t. atvinnuvega, og ættu því aukin vanskil innanlands að hafa minni áhrif en áður á heildarafkomuna. Þessi aukna fjölbreytni stafar af yfirtöku bankanna á erlendum fjármálafyrirtækjum undanfarin misseri og auknu vægi útlána til íslenskra fyrirtækja sem starfa á erlendum mörkuðum. Annars konar vandamál en vanskil tengjast útlánavexti bankanna erlendis en það eru lakari kjör á erlendum lántökum bankanna. Nánar er fjallað um þetta hér síðar.

Mynd 5 Vanskil einstaklinga og fyrirtækja sem hlutfall af útlánum Viðskiptabankar og stærstu sparisjóðir (móðurfélög einungis)



Mynd 5. Vanskil (>30 daga) sem hlutfall af útlánum hjá innlánsstofnunum (móðurfélögum eingöngu) í lok hvers ársfjórðungs.

2.1.2.3 Útlán með veði í íbúðarhúsnæði¹


Umfang útlána með veði í íbúðarhúsnæði hefur vaxið hratt hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum á undanförmum tveimur árum.² Engu að síður hafa þessi lán lækkað sem hlutfall af eiginfjárgrunni á árinu 2006. Þannig lækkaði meðalhlutfallið úr 45% niður í líðlega 36% milli loka fyrsta og annars ársfjórðungs í tilviki viðskiptabankanna og úr 382% í 307% í tilviki sparisjóðanna. Ein helsta skýringin er stækkun eiginfjárgrunns. Vægi íbúðaveðlánanna hefur aftur á móti lítið breyst sem hlutfall af heildarútlánum til viðskiptavina.³

	Lán með veði í íbúðarhúsnæði			
	Viðskiptabankarnir		Stærstu sparisjóðirnir	
	1. ársfj. '06	2. ársfj. '06	1. ársfj. '06	2. ársfj. '06
Hlutfall af eigin fé	45,0%	36,4%	382,3%	306,9%
Hlutfall af lánum til viðskiptavina	10,9%	10,9%	31,3%	31,4%

Tæplega þriðjungur af heildarútlánum viðskiptabanka og stærstu sparisjóða⁴ með veði í íbúðarhúsnæði hafa veðhlutfall undir 70% en algengast er að veðhlutföll íbúðalánanna liggja á bilinu 70–90%, eða um 57% þeirra. Frá áramótum til miðs árs 2006 virðast lán hafa færst úr þessu bili upp í veðhlutföllin yfir 90%. Þessi þróun skýrist væntanlega af hárra verðbólgu samhliða stöðnun á fasteignamarkaði. Ástæðan er sú að verðbólgan hækkar höfuðstól flestra íbúðalána með þeim afleiðingum að vægi þeirra getur hækkað sem hlutfall af fasteignaverðmæti ef tímabundin stöðnun eða lækkanir á fasteignamarkaði eiga sér stað á sama tíma.

¹ Þau íbúðalán sem sparisjóðir og bankar hafa selt til íbúðalánasjóds eru undanskilin í þessari samantekt.
² Í umfjölluninni um íbúðalánin er staða sparisjóðanna reiknuð á samstæðugrunni.
³ Kröfur á lánsstofnanir eru hér ekki meðtaldar í heildarútlánum.
⁴ Í umfjöllun um stærstu sparisjóði er átt við 6 stærstu sparisjóðina

Mynd 6 Lán með veði í íbúðarhúsnæði 2. ársfj. 2006



Mynd 6. Íbúðalán viðskiptabanka og stærstu sparisjóða greind eftir veðhlutföllum

Sé staða íbúðalánanna skoðuð í hlutfalli af eiginfjárgrunni og flokk-uð eftir mismunandi veðhlutföllum kemur í ljós að talsverður munur er á stöðu viðskiptabankanna og stærstu sparisjóðanna.

	Lán með veði í íbúðarhúsnæði			
	Viðskiptabankarnir		Stærstu sparisjóðirnir	
2. ársfj. '06	Þús.kr.	Hlutfall af eigin fé	Þús.kr.	Hlutfall af eigin fé
Veðhlutfall 0-50%	62.355.791	8,3%	11.352.552	22,8%
Veðhlutfall 50-70%	72.995.192	9,7%	14.223.914	30,8%
Veðhlutfall 70-90%	85.561.774	11,5%	51.780.293	236,4%
Veðhlutfall 90-100%	25.789.540	3,6%	2.308.568	6,0%
Veðhlutfall >100%	24.484.088	3,4%	3.884.038	10,9%

Um mitt ár 2006 nam staða lána með yfir 90% veðhlutfall um 17% af eiginfjárgrunni stærstu sparisjóðanna. Sambærilegt gildi fyrir viðskiptabankana var 7,0%. Staða lána með 70–90% veðhlutfall nam 236% af eiginfjárgrunni að meðaltali í tilviki stærstu sparisjóðanna en aðeins 11,5% af eiginfjárgrunni í tilviki viðskiptabankanna.

	Hlutfall af heildarútlánum með veði í íbúðarhúsnæði			
	Viðskiptabankarnir		Stærstu sparisjóðirnir	
	1. ársfj. '06	2. ársfj. '06	1. ársfj. '06	2. ársfj. '06
Veðhlutfall 0-50%	23,9%	24,0%	5,6%	5,6%
Veðhlutfall 50-70%	26,7%	26,0%	8,4%	7,7%
Veðhlutfall 70-90%	38,4%	33,0%	80,5%	80,7%
Veðhlutfall 90-100%	5,1%	9,1%	2,3%	2,0%
Veðhlutfall >100%	5,9%	7,9%	3,2%	4,0%

Ef heildarútlánum með veði í íbúðarhúsnæði er skipt eftir veðbilum kemur í ljós að meiri samþjöppun er hjá sparisjóðun-um en viðskiptabönkunum m.t.t. veðhlutfalla. Þannig nema íbúðalán á veðbilinu 70–90% nálega 81% að af íbúðalánum stærstu sparisjóðanna samanborið við 33% hjá bönkunum.

2.1.2.4 Lán til hlutabréfakaupa

Við mat á umfangi lána til hlutabréfakaupa hefur Fjármálaeftir-litið tekið saman bæði bein lán með veði í hlutabréfum og svo-kallaða framvirka samninga um sölu til viðskiptavina á hlutabréf-um sem bankinn gerir við þá. Undirliggjandi fjárhæð framvirkra samninga nemur um þriðjungi af heildarupphæðinni í tilviki viðskiptabankanna og um 13% í tilviki stærstu sparisjóðanna.

Lán með veði í hlutabréfum og framvirkir hlutabréfasamningar – hlutfallsleg skipting

	Viðskiptabankarnir		Stærstu sparisjóðirnir	
	1. ársfj. '06	2. ársfj. '06	1. ársfj. '06	2. ársfj. '06
Lán með veði í hlutabréfum	70,5%	68,2%	93,4%	86,7%
Framvirkir samningar um hlutabréf	29,5%	31,8%	6,6%	13,3%

Byggt er á undirliggjandi fjárhæðum í tilvikum framvirkra samninga

Hlutfall lána til hlutabréfakaupa (bæði beinna lána og framvirkra samninga) af eiginfjárgrunni lækkaði töluvert hjá viðskiptabönkunum frá lokum fyrsta ársfjórðungs til miðs árs 2006.

Tvennt skýrir þessa þróun: staða lánanna hefur dregist saman og eigið fé hefur aukist mikið. Í tilvikum stærstu sparisjóðanna jókst þetta hlutfall úr 26% í 33% á sama tíma.

Lán með veði í hlutabréfum og framvirkir hlutabréfasamningar

	Viðskiptabankarnir		Stærstu sparisjóðirnir	
	1. ársfj. '06	2. ársfj. '06	1. ársfj. '06	2. ársfj. '06
Hlutfall af eigin fé	110,9%	77,8%	26,2%	33,0%
Hlutfall af lánum til viðskiptavina	25,1%	21,9%	3,0%	4,1%

Byggt er á undirliggjandi fjárhæðum í tilvikum framvirkra samninga

Vægi þessara lána dróst saman sem hlutfall af heildarlánunum til viðskiptavina milli ársfjórðunga á fyrri helmingi ársins 2006 í tilvikum viðskiptabankanna en jókst í tilvikum sparisjóðanna.⁵


2.1.3 Stórar áhættur

Ef samanlagðar kröfur fjármálfyrirtækis á einstakan útgefanda og tengda aðila nema meiru en 10% af eiginfjárgrunni þess myndar heildarstaðan svonefnda stóra áhættustöðu.⁶ Mest mega stöður af þessu tagi nema 25% af eiginfjárgrunni fjármálfyrirtækis.

Eins og fram kemur á meðfylgjandi mynd hafa stórar áhættur farið minnkandi í hlutfalli af eiginfjárgrunni viðskiptabankanna undanfarin ár. Að meðaltali námu stórar áhættur 78% af eiginfjárgrunni viðskiptabankanna í lok annars ársfjórðungs 2006 samanborið við 190% í lok annars ársfjórðungs 2003.⁷ Á sama tímabili stækkaði eiginfjárgrunnurinn úr um 95ma.kr. í liðlega 730ma.kr. á samstæðugrundvelli. Af þessu má ráða að minnkandi vægi stórra áhætta skýrist að mestu leyti af mikilli aukningu eigin fjár sem helst í hendur við aukna áhættudreifingu útlána samfara kaupum viðskiptabankanna á erlendum fjármálfyrirtækjum.

⁵ Kröfur á lánastofnanir eru hér ekki meðtaldar í heildarlánunum.
⁶ Hvers kyns kröfur eru teknar með í reikninginn, hvort sem um er að ræða útlán, hlutabréf, afleiður eða annars konar stöðuhlættu.
⁷ Tölur byggja á samstæðugrunni.


Mynd 7 Stórar áhættur viðskiptabankanna á samstæðugrunni



Mynd 7. Þróun stórra áhætta viðskiptabankanna með hliðsjón af eiginfjárgrunni

Þess ber að geta að staðalfrávik meðalhluftallsins fyrir stórar áhættur viðskiptabankanna hefur minnkað mjög mikið á fyrrgreindu tímabili sem endurspeglar aukna samleitni meðal viðskiptabankanna í þessu sambandi. Þannig var frávik við 112% í lok annars ársfjórðungs 2003 en 43% í lok annars ársfjórðungs 2006. Meðaltalið nú gefur því betri hugmynd um stöðu einstakra viðskiptabanka en það gerði fyrir þremur árum.

Mynd 8 Fjöldi stórra áhætta viðskiptabankanna



Mynd 8. Þróun fjölda stórra áhætta hjá viðskiptabönkunum undanfarin ár


Auk þess sem vægi stórra áhætta hefur dregist saman hefur fjöldi þeirra minnkað. Fjöldi stórra áhætta á bilinu 10-20% af eiginfjárgrunni var 39 talsins í lok ársins 2000 en hafði fallið niður í 16 í lok ársins 2005.

2.1.4 Verðbréfaeign

Markaðsverðbréfaeign banka og sparisjóða hefur aukist verulega á undanförunum árum í fjárhæðum talið samhliða vexti í heildareignum og er þá miðað við samstæðuuppgjör. Sem hlutfall af CAD eigin fé hefur leitnin verið sú að markaðsverðbréfaeign hefur farið minnkandi.

Markaðsskuldabréf í eigin áhættu námu nálega 35% af CAD eigin fé í lok júní 2006 samanborið við liðlega 80% í árslok 2000. Sambærilegar tölur fyrir hlutabréfaeign í eigin áhættu voru 27,5% í lok júní 2006 samanborið við 55% í árslok 2000.

Mynd 9 Markaðsskuldabréf og hlutabréf í eigin áhættu hjá viðskiptabönkum og stærstu sparisjóðum




Mynd 9. Þróun markaðsverðbréfaeignar viðskiptabanka og stærstu sparisjóða (samstæðuuppgjör) í fjárhæðum og í hlutfalli af CAD eigin fé

Þess má geta að markaðsáætta banka og sparisjóða af hlutabréfum er nú í vaxandi mæli vegna fjárfestinga í erlendum hlutabréfum og einnig hefur vægi hlutabréfa íslenskra fyrirtækja með meginstarfsemi erlendis aukist. Þrátt fyrir aukna áhættudreifingu er enn töluverð markaðsáætta tengd verðbréfaeign.

2.1.5 Fjármögnun

Á undanförunum árum hefur orðið veruleg aukning á heildareignum innlánsstofnana en hún stafar fyrst og fremst af auknum umsvifum viðskiptabankanna þriggja erlendis. Í árslok 2000 námu heildareignir viðskiptabankanna og stærstu sparisjóða um 900 mö.kr. á samstæðugrunni og 670 mö.kr. á móðurfélagsgrunni. Í hlutfalli af vergri landsframleiðslu námu heildareignirnar 138% á samstæðugrunni og 103% á móðurfélagsgrunni. Í lok júní 2006 voru sambærilegar tölur 7.470 og 5.240 milljarðar króna, eða 642% og 451% í hlutfalli af vergri landsframleiðslu. Aukningin stafar bæði af innri vexti útlánavexti og verðbréfafjárfestingum og umfangsmiklum yfirtökum, einkum kaupunum á FIH í Danmörku, BN Banken í Noregi og Singer & Friedlander í Bretlandi.

Mynd 10 Niðurstaða efnahagsreiknings innlánsstofnana og sem hlutfall af VLF



Mynd 10. Þróun í umsvifum innlánsstofnana m.v. niðurstöðu efnahagsreiknings, bæði í fjárhæðum og í hlutfalli af vergri landsframleiðslu.

Framangreind margföldun heildareigna hefur að megninu til verið fjármögnuð með blöndu af erlendum lántökum og aukningu á eigin fé. Meðalhlutfall innlána af heildareignum hefur farið minnkandi og var í árslok 2005 einungis 21% af heildareignum viðskiptabankanna á samstæðugrunni samanborið við 35% í árslok 2000. Sambærileg hlutföll fyrir stærstu sparisjóðina eru 44% og 49%. Hið lága innlánsahlutfall viðskiptabanka endurspeglar því fyrst og fremst hátt hlutfall erlendra lána viðskiptabankanna af heildareignum sem hefur gert það að verkum þeir eru nú í ríkum mæli háðir aðgengi og kjörum á erlendum lánamörkuðum.


Í árslok 2001 námu vergar erlendar skuldir viðskiptabankanna um 400 mö.kr. á móðurfélagsgrunni og hreinar skuldir, þ.e. að frádregnum kröfum á erlenda aðila, um 340 ma.kr. Sambærilegar tölur m.v. lok júní 2006 eru 5.280 ma.kr. og 2.900 ma.kr. Vergu erlendu skuldirnar hafa þannig þrettánfaldast frá 2001 og hreinu erlendu skuldirnar liðlega áttfaldast á þessu tímabili.

Í ársskýrslu Fjármálaeftirlitsins 2005 var þess getið að þótt meðallánstími erlendu lána bankanna hafi lengst og meiri dreifing væri nú á uppruna þeirra eftir lánsfjármörkuðum þá hefði aukin erlend lántaka bankanna í för með sér verulega endurfjármögnunaráhættu sem væri einn stærsti áhættuþátturinn í starfsemi þeirra. Þessar áhyggjur voru ekki ástæðulausar því í lok síðasta árs og á þessu ári versnuðu lánskjör íslensku viðskiptabankanna á skömmum tíma og aðgengi þeirra að alþjóðlegum lánsfjármörkuðum hrakaði. Þessi þróun hélst í hendur við breytingu alþjóðlega matsfyrirtækisins Fitch á horfum fyrir lánshæfi íslenska ríkisins úr stöðugum í neikvæðar og gagnrýna umfjöllun áhrifamikilla erlendra fjárfestingarbanka um áhættuhliðar íslensku bankanna. Þrátt fyrir andstreymið hefur bönkunum tekist að endurfjármagna því sem næst öll erlend lán

sem verða á gjalddaga á næsta ári en almennt á lakari kjörum en áður.

Eins og áður kom fram hefur vöxtur bankanna, einkum ytri vöxtur, að hluta til verið fjármagnaður með aukningu á eigin fé. Í árslok 2000 var bókfært eigið fé viðskiptabanka og stærstu sparisjóða (án hlutdeildar minnihluta í eigin fé dótturfélaga) tæplega 56 ma.kr. en hafði hækkað í 550 ma.kr. í lok júní 2006. Þetta þýðir að eigið fé bankanna í hlutfalli af landsframleiðslu nam 47,3% í lok júní 2006 samanborið við 8,6% árið 2000.

Mynd 11 Brúttó- og nettóskuldir við erlenda aðila hjá viðskiptabönkum



Mynd 11. Þróun brúttó- og nettóskulda viðskiptabanka og Sparisjóðabankans (móðurfélagsuppgjör) gagnvart erlendum aðilum

2.1.6 Eiginfjárstaða

Lögbundið eiginfjárlutfall (CAD hlutfall) viðskiptabanka og stærstu sparisjóða í heild hefur verið að styrkjast frá árslokum 2000. Í lok júní 2006 var hlutfallið 13,3% samanborið við tæp 10% í árslok 2000. Eiginfjárlutfall samkvæmt eiginfjárþætti A (Tier 1 hlutfall) mældist 10% um mitt ár 2006 samanborið við 8,1% í árslok 2000.


Allir viðskiptabankarnir og stærstu sparisjóðir standast ársfjórðungslegt álagspróf Fjármálaeftirlitsins m.v. 30.06.2006 sem felur í sér:

- 35% lækkun á bókfærðu virði íslenskra hlutabréfa í eigin áhættu
- 25% lækkun á bókfærðu virði erlendra hlutabréfa í eigin áhættu
- 7% lækkun á virði markaðsskuldabréfa í eigin áhættu
- 20% gengislækkun íslensku krónunnar
- 20% lækkun á virði vaxtafrystra lána og fullnustueigna

Þess má geta að álagsprófið hefur tekið nokkrum breytingum undanengið ár: Álag á innlend hlutabréf var aukið úr 25% í 35% og 20% lækkun á gengi krónunnar var bætt við prófið. Til viðbótar gerir Fjármálaeftirlitið frekari álagspróf eftir þörfum. Álagsprófið verður endurskoðað og þróað áfram samhliða innleiðingu á ákvæðum Basel II tilskipunarinnar. Ástæða aukins álags í álagsprófinu á innlend hlutabréf var verulega meiri hækkun á virði innlendra hlutabréfa á árunum 2004 og 2005 en erlendra hlutabréfa í eigu bankanna. Forsendunni um áhrif af lækkun á gengi krónunnar var bætt við álagsprófið vegna óvenju sterkrar stöðu íslensku krónunnar í ársbyrjun 2006. Einfeld meðaltal af áhrifum álagsprófsins fyrir þrjá stærstu bankanna miðað við 30. júní 2006 sýnir 2,2% stiga lækkun á eiginfjárlutfalli. Sambærilegar tölur í árslok 2004 og 2005 voru 1,7% og 1,6% stig samkvæmt viðmiðum sem þá giltu um álagsprófið.


Á heildina litið virðist eiginfjárstaða viðskiptabanka og sparisjóða vera vel viðunandi m.v. lok júní 2006.

Mynd 12 Bókfært eigið fé innlánsstofnana í m.kr. og sem hlutfall af VLF




Mynd 12. Þróun bókfærðs eigin fjár, bæði í fjárhæðum og sem hlutfall af vergri landsframleiðslu

Mynd 13 Lögbundið eiginfjárlutfall með og án víkjandi lána hjá viðskiptabönkunum og stærstu sparisjóðum



Mynd 13. Þróun eiginfjárlutfalla (CAD-hlutfall)

Mynd 14 Hlutfall erlendra tekna hjá viðskiptabönkum



Mynd 14. Hlutfall erlendra tekna bankanna

2.1.7 Yfirlit og horfur

Á undanföllum árum hafa tekjustofnar stærstu viðskiptabankanna breikkað verulega á kjölfar kaupa þeirra á erlendum fjármálagjafirtekjum og vegna aukinna útlána til fyrirtækja með starfsemi erlendis. Á fyrri hluta ársins 2006 námu hreinar rekstrar-tekjur af erlendri starfsemi bankanna 58% af heildartekjum samanborið við 25% á árinu 2003. Hjá stærsta viðskiptabankanum var hlutfeldi tekna af erlendri starfsemi 66% á fyrri hluta ársins 2006 samanborið við tæp 50% árið 2003. Bankarnir eru þannig ekki eins háðir sveiflum í efnahagsumhverfi innanlands og áður var.

Enda þótt hin aukna áhættudreifing í útlánunum sem sókn bankanna erlendis hefur haft í för með sér hljóti að teljast mjög jákvæð þá hefur endurfjármögnunaráhætta bankanna vegna erlendra lána aukist umtalsvert samhliða útrásinni. Það var þessi aukna endurfjármögnunaráhætta sem öðru fremur leiddi til þess að álag á erlenda fjármögnun bankanna jókst talsvert á fyrri hluta ársins 2006. Hækkun álagsins á sér jafnframt skýringu í versnandi horfum í efnahagslífinu hérlendis og gagnrýninni um fjöllum áhrifamikilla erlendra fjárfestingarbanka um tilteknar hliðar á starfsemi bankanna, einkum varðandi eignatengsl, umfang lána með veði í hlutabréfum og lánveitingar til hluthafa. Eins og Fjármálaeftirlitið hefur komið á framfæri við fjárfesta þá hafa bankarnir ekki brotið neinar reglur með fyrirkomulagi og fyrirgreiðslu sinni í þessu sambandi. Á hinn bóginn var við því að búast að hröð stækkun íslensku bankanna, metarðsemi og strandhögg þeirra á erlendri grundu myndi ósjálfrátt vekja upp spurningar og jafnvel grunsemdir hjá þeim sem ekki þekkja vel til hvað liggur að baki. Bankarnir brugðust m.a. við með því að veita fjárfestum auknar upplýsingar um starfsemi sína og dregið hefur verið úr krosseignarhaldi með sölu og viðbótararðsúthlutun á hlut Kaupþings banka í Exista. Þessi viðleitni hefur verið vel tekið af erlendum hagsmunaaðilum og þar sem

endurfjármögnun bankanna er nú jafnframt að mestu lokið fyrir árið 2007 ætti gagnrýni erlendra greiningaraðila á íslensku bankana að minnka.

Í ljósi lakari vaxtakjara bankanna á erlendum lánunum og eftir því sem um hægist í efnahagslífinu hérlendis á næstu misserum kynni afkoma bankanna að dragast eitthvað saman á næstu 12-18 mánuðum en afkoman hefur verið einstaklega góð undanfarin ár. Við þessar aðstæður má ætla að bankarnir þurfi að auðsýna aukna aðgætni í fjárfestingum á næstunni, á erlendum mörkuðum jafnt sem innlendum.

Loks er þess að geta að aukin stærð viðskiptabankanna og flóknari starfsemi kallar á enn öflugri áhættustýringu en áður. Innleiðing Basel II tilskipunarinnar hefur ennfremur í för með sér talsverða vinnu fyrir bankana við að uppfylla öll ákvæði Basel II um innra eftirlit – en sama gildir vitanlega um fjármálastofnanir alls staðar annars staðar í Evrópu.

2.2

Verðbréfamarkaður

2.2.1 Þróun á verðbréfamarkaði


Þróun á fjármálamarkaði var fjárfestum hagstæð á árinu 2005 bæði á hlutabréfa- og skuldabréfamarkaði. Úrvalsvísitala Aðal-lista Kauphallar Íslands hækkaði um 64,7% á árinu sem var mun meira en hækkan á sambærilegum erlendum mörkuðum. Ávöxtun á skuldabréfamarkaði var einnig góð en veltusamdráttur var um 11,6% frá fyrra ári á þeim markaði. Þróunin það sem af er ári 2006 er ekki alveg á sömu nótum. Miklar sveiflur hafa verið á hlutabréfamarkaði og fór Úrvalsvísitalan hæst í 6.925 stig hinn 15. febrúar en lægst í 5.259 stig hinn 27. júlí 2006. Í lok september var hún 6.286 stig og hafði hækkað um 13,58% frá áramótum en um 37,19% miðað við síðustu 12 mánuði. Þróunin í heild er nokkuð í takt við það sem hefur verið að gerast annars staðar en verðsveiflan innan ársins er þó heldur meiri á íslenska markaðnum. Þá mátti sjá betri þátttöku í þeim almennu hlutafjárútböðum sem farið var í á haustmánuðum heldur en þeim sem farið var í fyrr á árinu. Veltuaukning er bæði á hlutabréfa- og skuldabréfamarkaði á fyrstu 9 mánuðum ársins 2006. Enn sem fyrr eru mestu viðskiptin með bréf bankanna fjögurra eða um 79% heildarveltunnar miðað við lok þriðja ársfjórðungs.

Viðskipti með hlutabréf voru um 1.202 milljarðar á árinu 2005 en voru 721 milljarðar á árinu 2004. Aukning á milli ára var því um 67%. Heildarvelta hlutabréfa fyrstu sex mánuði ársins 2006 var um 1.080 milljarðar en var um 403 milljarðar miðað við sama tímabil 2005.

Viðskipti á skuldabréfamarkaði voru um 1.322 milljarðar á árinu 2005 en voru um 1.496 milljarðar á árinu 2004. Velta á

skuldabréfamarkaði fyrstu sex mánuði ársins 2006 var um 1.076 milljarðar en á sama tíma á árinu 2005 var veltan 573 milljarðar. Hér er því um verulega aukningu að ræða.

Mynd 15 | Þróun Heildarvísitölu Aðallista og ICEX-15



Mynd 15. Heildarvísitala Aðallista - ICEX 15

2.2.2. Fjöldi skráðra félaga í Kauphöll og markaðsvirði þeirra


Skráðum félögum hélt áfram að fækka á árinu 2005 eða úr 34 félögum í ársbyrjun í 26 í lok árs. Tvö ný félög hafa verið skráð í Kauphöll Íslands það sem af er ári 2006, Avion Group hf. í janúar og Exista hf. í september. Hafa fjárfestar tekið nýjum fjárfestingarkostum fagnandi. Fjögur félög voru afskráð á fyrstu níu mánuðum ársins en það voru Jarðboranir hf., Kögum hf., Fiskmarkaður Íslands hf. og Fiskeldi Eyjafjarðar hf. Þá færði Hampiöjan hf. sig af Aðallista Kauphallar á nýjan markað, iSEC, sem stofnaður var í júlí sl. og er ætlaður smáum og meðalstórum fyrirtækjum. Þessi nýi markaður er sambærilegur AIM markaðnum í Bretlandi. Sé horft fram til áramóta er að vænta skráningar a.m.k. eins nýs félags á Aðallista og eitt félag, HB Grandi hf., hefur boðað tilfærslu af Aðallista á iSEC. Þá hefur Dagsbrún hf. boðað uppskiptingu á félaginu og skráningu annarrar einingar á Aðallista í nóvember næstkomandi.

Markaðsvirði skráðra félaga í Kauphöll var í lok árs 2005 um 1.816 milljarðar króna. Í lok september 2006 var markaðsvirði skráðra félaga um 2.476 milljarðar króna og hefur því hækkað um 36%. Dregið hefur úr sameiningum skráðra félaga og má aukningu á markaðsvirði skráðra félaga m.a. rekja til nýrra skráninga og áframhaldandi útrásar á erlenda markaði.

Í september 2006 var tilkynnt um undirritun viljayfirlýsingar af hálfu OMX og Eignarhaldsfélagsins Verðbréfaþings hf. um kaup hins fyrrnefnda á Eignarhaldsfélaginu. Formlegt samkomulag var undirritað í október 2006 og hyggst OMX sækja um skráningu á Aðallista Kauphallar þegar gengið hefur verið frá kaupunum.

Þess er vænst að sameining félaganna leiði til meiri seljanleika á íslenskum hlutabréfamarkaði og samlegðaráhrifa á kostnaðar- og tekjuhlöð. Mun OMX verða móðurfélag samstæðunnar en Kauphöll Íslands og Verðbréfaskráning Íslands munu eftir sem áður lúta íslenskum lögum og eftirliti.

Mynd 16 | Fjöldi skráðra félaga í Kauphöll Íslands í lok hvers tímabils




Mynd 16. Fjöldi skráðra félaga í Kauphöll Íslands hf.


2.2.3 Skuldabréfamarkaður

Mikil viðskipti hafa einkennt skuldabréfamarkað það sem af er ári og viðskipti í september sl. slegið fleiri en eitt met. Mesta velta á skuldabréfa- og peningamarkaði á einum degi frá upphafi mælinga var 19. september sl. eða 28,7 milljarðar króna. Í september nam velta skuldabréfa og víxla tæpum 229 milljörðum króna en það er mesta velta á skuldabréfamarkaði á einum mánuði frá upphafi. Markaðsvirði skuldabréfa og víxla var 1.236 milljarðar króna í lok september 2006 og hefur hækkað um 14% frá áramótum. Heildarvelta og fjöldi viðskipta á skuldabréfamarkaði hefur aukist verulega á árinu en ástæður aukinnar verðbólgu.

Mynd 17 | Markaðsvirði skráðra skuldabréfa



Mynd 17. Markaðsvirði skráðra skuldabréfa



Mynd 18. Markaðsvirði skráðra hlutabréfa


2.3 Lífeyrismarkaður og verðbréfasjóðir

Lífeyrissjóðir

2.3.1 Afkoma

Hrein eign lífeyrissjóðanna var 1.219,5 ma.kr. í árslok 2005 samanborið við 986,6 ma.kr. í árslok 2004. Aukning á milli ára er 23,6% sem samsvarar 18,7% raunaukningu miðað við vísitölu neysluverðs. Eignir lífeyrissjóðanna í árslok 2005 sem hlutfall af landsframleiðslu voru 120% í árslok 2005 samanborið við 112% í árslok 2004. Mynd 19 sýnir þróun hreinnar eignar lífeyrissjóðanna og hlutfalls þeirra af landsframleiðslu á árunum 2003, 2004 og 2005.

Mynd 19 Þróun hreinnar eignar lífeyrissjóða árin 2003, 2004 og 2005




Mynd 19. Þróun hreinnar eignar lífeyrissjóðanna árin 2003, 2004 og 2005

Hrein raunávöxtun lífeyrissjóðanna var mjög góð á árinu 2005, sjóðirnir skiluðu metávöxtun eða 12,3% raunávöxtun samanborið við 10,4% árið 2004. Hrein raunávöxtun lífeyrissjóðs er ávöxtun eigna leiðrétt fyrir vísitölu neysluverðs þegar kostnaður hefur verið dreginn frá fjárfestingatekjum. Allar deildir lífeyrissjóðanna skiluðu jákvæðri raunávöxtun árið 2005. Hrein

raunávöxtun samtryggingadeilda var 13,5% en séreignadeilda 8%. Á mynd 20 má sjá hreina raunávöxtun lífeyrissjóða árin 2003, 2004 og 2005. Til samanburðar er birt meðaltal hreinnar raunávöxtunar síðastliðin fimm ár og síðastliðin 10 ár. Við mat á hreinni raunávöxtun lífeyrissjóða er mikilvægt að skoða langtímaávöxtun. Sjóðirnir eru langtímafjárfestar og í tryggingafræðilegum athugunum á sjóðunum er gert ráð fyrir að til langs tíma nái sjóðirnir 3,5% ávöxtun. Að svo stöddu eru fimm og tíu ára meðaltöl vel yfir 3,5% ávöxtunarkröfu tryggingafræðilegra úttekta eins og sjá má á mynd 20.


Mynd 20 Hrein raunávöxtun lífeyrissjóða árin 2003, 2004 og 2005 ásamt meðalávöxtun síðastliðinna fimm ára og tíu ára



Mynd 20. Hrein raunávöxtun lífeyrissjóða árin 2003, 2004 og 2005 ásamt meðalávöxtun síðastliðinna fimm ára og tíu ára

Eins og komið hefur fram var hrein raunávöxtun lífeyrissjóða á árinu 2005 12,3%. Til samanburðar var hæsta hrein raunávöxtun samtryggingadeildar lífeyrissjóðs 17,7% og lægsta hrein raunávöxtun 0,2%. Sú deild sem náði hæstri ávöxtun var því 5,4% yfir hreinni raunávöxtun allra sjóða en sú síðari 17,5% undir hreinni raunávöxtun allra sjóða. Á mynd 21 má sjá hæstu og lægstu hreina raunávöxtun samtryggingadeildar ásamt hæsta og lægsta meðaltali ávöxtunar fyrir síðastliðin fimm ár fyrir árin 2004 og 2005. Mikilvæg skýring á mismunandi ávöxtun lífeyrissjóða innan tímabils er ólík eignasamsetning. Fjárfestingastefnur sjóðanna taka einkum mið af ætluðu framtíðargreiðsluflæði, réttindakerfi og lífeyrisbyrði sjóðanna og eru því mismunandi á milli sjóða.


Mynd 21 Hæsta og lægsta hrein raunávöxtun deildar og hæsta og lægsta fimm ára meðalávöxtun deildar árin 2004 og 2005



Mynd 21. Hæsta og lægsta hrein raunávöxtun deildar og hæsta og lægsta fimm ára meðalávöxtun deildar árin 2004 og 2005

Fjárhagsstaða lífeyrissjóða án ábyrgðar launagreiðenda batnaði nokkuð milli árána 2004 og 2005 sem skýrist af góðri afkomu. Í árslok 2005 voru reknar 38 slíkar deildir í 33 sjóðum. Eins og sjá má á mynd 22 var staða 22 deilda jákvæð um allt að 10,9% samanborið við 13 deildir árið 2004. Þá voru 15 deildir með halla á bilinu 0,1% til 10% og ein deild með meiri halla en 10%. Lífeyrissjóðalögin kveða á um að lífeyrissjóðum beri að breyta samþykktum þannig að jafnvægi náist á milli eigna og skuldbindinga sé mismunur meiri en 10% eða meiri en 5% samfelt fimm ár í röð. Samkvæmt framangreindu þarf ein deild að grípa til viðeigandi ráðstafana þannig að jafnvægi náist á milli eigna og skuldbindinga samkvæmt lögum.

Mynd 22 Tryggingafræðileg staða lífeyrissjóða án ábyrgðar annarra í árslok 2004 og 2005



Mynd 22. Tryggingafræðileg staða lífeyrissjóða án ábyrgðar annarra í árslok 2004 og 2005


Lítill breyting varð á tryggingafræðilegri stöðu sjóða með ábyrgð launagreiðenda á milli ára. Mikill halli er á nánast öllum deildum en ábyrgð viðkomandi aðila brúar mismun eigna og skuldbindinga sjóðanna samkvæmt tryggingafræðilegu uppgjöri.

Ávöxtun lífeyrissjóðanna undanfarin þrjú ár er mjög há í sögulegu samhengi og má efast um að til langs tíma litið muni sjóðunum verða kleift að ná sambærilegri ávöxtun og síðustu ár. Því er mikilvægt að stigið sé varlega til jarðar í réttindaaukningum þrátt fyrir bættu fjárhagsstöðu. Að sama skapi er mikilvægt að áfram sé hugað að áhættustýringu þannig að tryggt sé að sjóðirnir verði í stakk búnir að mæta breyttum aðstæðum á fjármálamörkuðum.

2.3.2 Fjárfestingar

Á árinu 2005 hélt hlutfall verðbréfa með breytilegar tekjur áfram að vaxa á kostnað hlutfalls verðbréfa með fastar tekjur eins og undanfarin ár. Hlutfall verðbréfa með breytilegar tekjur hjá samtryggingadeildum var 48% í árslok 2005 samanborið við 43% í árslok 2004 eins og sést á mynd 23. Þar má jafnframt sjá að hlutfallið hækkaði úr 62% í 65% á milli ára hjá séreignadeildum sjóðanna. Hærra hlutfall séreignadeilda endurspeglar að einhverju leyti áhættusæknari fjárfestingastefnur deildanna sem er eðlilegt í ljósi þess að viðbótarlífeyrissparnaðar er annars eðlis en sparnaður til lágmarkstryggingarverndar í samtryggingadeildum.


Mynd 23 Eignarsamsetning samtrygginga- og séreignadeilda í árslok 2004 og 2005



Mynd 23. Eignarsamsetning samtrygginga- og séreignadeilda í árslok 2004 og 2005

Á mynd 24 má sjá þróun hlutfalls veðtryggðra skuldabréfa af hreinni eign lífeyrissjóðanna miðað við árslok 2003, 2004 og 2005. Hlutfallið var 10% í árslok 2004 en 9% í árslok 2005. Hlutfallið hefur farið stöðugt lækkandi frá árslokum 2001 þegar hlutfallið var hæst frá gildistöku lífeyrissjóðalaganna eða 16%. Hér er fyrst og fremst um að ræða veðlán til sjóðfélaga eða svokölluð sjóðfélagalán. Á árinu 2006 voru heimildir lífeyrissjóða til að veita slík lán rýmkaðar með þeim hætti að hámarksveðhlutfall var hækkað úr 65% í 75% af markaðsverði veðandlags.


Mynd 24 Hlutfall veðtryggðra skuldabréfa af hreinni eign lífeyrissjóða í árslok 2003, 2004 og 2005



Mynd 24. Hlutfall veðtryggðra skuldabréfa af hreinni eign lífeyrissjóða í árslok 2003, 2004 og 2005

Á mynd 25 má sjá þróun hlutabréfaeignar lífeyrissjóðanna af hreinni eign miðað við árslok 2003, 2004 og 2005. Myndin nær til hlutabréfa í fyrirtækjum og hluta og hlutdeildarskírteina í öðrum sjóðum en evrópskum verðbréfasjóðum, svokölluðum UCITS sjóðum. Hlutfallið lækkaði lítillega frá árslokum 2004 til ársloka 2005 eða úr 38% í 37%. Frá gildistöku lífeyrissjóðalaganna árið 1998 hefur hlutfallið farið stöðugt hækkandi en í árslok 1998 var hlutfallið 15%. Samkvæmt lögnum mega lífeyrissjóðir eiga hlutabréf að verðmæti sem nemur allt að 60% af hreinni eign en hlutfallið var hækkað úr 50% á árinu 2006. Hámarkshlutfall hluta og hlutdeildaskírteina annarra sjóða er 50%. Hlutfall framangreindra tegunda fjárfestinga má til samans að hámarki vera 60% og því enn mikið svigrúm til slíkra fjárfestinga.

Mynd 25 Hlutfall hlutabréfa og hluta og hlutdeildarskírteina í öðrum sjóðum af hreinni eign lífeyrissjóða í árslok 2003, 2004 og 2005




Mynd 25. Hlutfall hlutabréfa og hluta og hlutdeildarskírteina í öðrum sjóðum af hreinni eign lífeyrissjóða í árslok 2003, 2004 og 2005

2.3.3 Sameiningar og aldurstengd réttindaávinnsla

Á tímabilinu hélt lífeyrissjóðum áfram að fækka. Þann 1. júlí 2006 voru starfandi 42 lífeyrissjóðir samanborið við 46 sjóði þann 1. júlí 2005. Af 42 sjóðum voru 34 fullstarfandi en 8 hættir að taka við iðgjöldum eins og sjá má á mynd 26. Sjóðunum hefur fækkað stöðugt eftir gildistöku lífeyrissjóðalaganna frá árinu 1998 eða um þriðjung og að jafnaði um 3 sjóði á ári eins og sjá má á myndinni.

Mynd 26 Þróun fjölda lífeyrissjóða miðað við árslok 1998, árslok 2005 og 30. júní 2006




Mynd 26. Þróun fjölda lífeyrissjóða miðað við árslok 1998, árslok 2005 og 30. júní 2006

Á tímabilinu áttu sér stað þrjár sameiningar en einn sjóður var lagður niður í kjölfar andláts síðasta sjóðfélagsins. Um miðjan október 2006 eru til umsagnar hjá Fjármálaeftirlitinu breytingar á samþykktum í tengslum við tvær sameiningar í viðbót. Ef gert er ráð fyrir þessum sameiningum munu sjóðirnir verða 40 talsins. Þá er svo komið að 10 stærstu lífeyrissjóðirnir eiga 80% af samanlagðri hreinni eign allra lífeyrissjóðanna m.v. árslok 2005.

Sameiningar lífeyrissjóða eru almennt jákvæð þróun sem ekki sér fyrir endann á. Með sameiningu sjóða fást færri og stærri sjóðir sem hafa tækni á að ná fram aukinni áhættudreifingu vegna eigna og skuldbindinga sem og aukinni hagræðingu í rekstri. Aukin hagræðing hjá sjóðunum greiðir leiðina fyrir öflugri umgjörð með innra eftirliti og áhættustýringu og aukinni faglegri þekkingu innan sjóðanna. Færri og stærri sjóðir fela hinsvegar í sér meiri samþjöppun á áhættum og draga ekki úr umfangi nauðsynlegs eftirlits. Rýmkaðar fjárfestingarheimildir kalla ennfremur á aukningu í eftirlit

Á árinu 2005 breyttu sex lífeyrissjóðir réttindaávinnslu úr jafnri ávinnslu réttinda yfir í aldurstengda ávinnslu. Þetta er í takt við hægfara þróun undanfárinna ára. Eins og sjá má á myndum 27a og 27b hefur hlutfallsleg skipting hreinnar eignar eftir tegund réttindaávinnslu breyst mikið á tímabilinu. Í árslok 2005 var 31% af eignum sjóðanna í lífeyrissjóðum með aldurstengda réttindaávinnslu samanborið við 8% árið áður.

Mynd 27a Réttindaávinnslukerfi lífeyrissjóða í árslok 2005 m.v. hreina eign




Mynd 27 a. Réttindaávinnslukerfi lífeyrissjóða í árslok 2005 m.v. hreina eign

Ávinnsla framangreindra sex sjóða er þó ekki hrein aldurstengd ávinnsla en þessir sjóðir falla undir aldurstengd ávinnsla* á mynd 27a. Ákveðnum hópi sjóðfélaga er heimilt að greiða áfram í jafna ávinnslu í takmarkaðan tíma eða til starfsloka en einvörðungu af iðgjaldi sem er miðað við fast verðlag og svarar til iðgjalds sem áður var greitt í jafna ávinnslu. Um er að ræða sjóðfélaga sem greitt hafa í jafna ávinnslu í tiltekið langan tíma á fyrri hluta starfsævinnar og myndu verða fyrir verulegri skerðingu réttinda væri þeim beint í aldurstengda réttindaávinnslu á síðari hluta

starfsævinnar. Eftir því sem tíminn líður breytist kerfið yfir í hreint aldurstengt réttindaávinnslukerfi.

Mynd 27b Réttindaávinnslukerfi lífeyrissjóða í árslok 2004 m.v. hreina eign



Mynd 27 b. Réttindaávinnslukerfi lífeyrissjóða í árslok 2004 m.v. hreina eign

Lök ávöxtun árin 2000–2002 ásamt breyttum forsendum tryggingafræðilegra athugana á lífeyrissjóðum vegna aukinna lífslíkna og vaxandi örorkubyrði hafa einkum þrýst á sjóðina að taka upp aldurstengda réttindaávinnslu.

Í aldurstengdri ávinnslu tekur réttindaávinnsla af iðgjaldi mið af aldri sjóðfélagsins við inngreiðslu og þannig hve lengi iðgjöld hans koma til með að ávaxtast í sjóðnum. Ávinnslan er þannig tryggingafræðilega rétt. Í jafnri ávinnslu ávinnur sjóðfélagi sér hins vegar sömu réttindi fyrir sama iðgjald alla starfsævina. Ein meginforsenda jafnrar ávinnslu er sú að sjóðfélagi greiði sama hlutfall af sömu launum yfir alla starfsævina en jafnframt er mikilvægt að nýliðun sé nægileg. Með hækkandi launum, hækkandi iðgjaldshlutfalli og skorti á nýliðun í stigadeildir má því segja að forsendur jöfnu ávinnsunnar skekkist að einhverju leyti. Við þetta má síðan bæta að tilhneiging fólks til að greiða í aldurstengt ávinnslukerfi á fyrri hluta starfsævinnar og jafnt ávinnslukerfi á síðari hluta starfsævinnar dregur úr afkomu jafna ávinnslukerfisins.


Með hliðsjón af framangreindu má vænta áframhalds á þeirri þróun að sjóðir með jafna réttindaávinnslu taki upp aldurstengda ávinnslu réttinda. Einnig má búast við að sjóðir muni halda áfram að sameinast. Líklega mun því áfram verða nokkuð um sameiningu sjóða með jafna ávinnslu samhliða upptöku aldurstengds réttindaávinnslukerfis líkt og hingað til.

2.3.4 Viðbótartryggingarvernd og séreignarsparnaður

Viðbótarlífeyrissparnaður hefur vaxið mikið á tímabilinu. Í árslok 2005 var uppsafnaður séreignarsparnaður hjá lífeyrissjóðum og öðrum vörsluaðilum 146,2 ma.kr. samanborið við 110,5 ma.kr. í árslok 2004. Sparnaðurinn óx því um 32% á milli ára. Að meðaltali hefur sparnaðurinn vaxið um 30% á ári


á árunum 1999–2005, minnst árið 1999 eða um 21% og mest árið 2003 eða um 41%. Á mynd 28a og 28b má sjá hlutfallslega skiptingu sparnaðarinnar á milli tegunda vörsluaðila.

Mynd 28a Hlutfallsleg skipting uppsafnaðs séreignarsparnaðar milli vörsluaðila í árslok 2000



Mynd 28 a. Hlutfallsleg skipting uppsafnaðs séreignarsparnaðar milli vörsluaðila í árslok 2000


Mynd 28b Hlutfallsleg skipting uppsafnaðs séreignarsparnaðar milli vörsluaðila í árslok 2005



Mynd 28 b. Hlutfallsleg skipting uppsafnaðs séreignarsparnaðar milli vörsluaðila í árslok 2005

Þegar þróun uppsafnaðs viðbótarlífeyrissparnaðar er skoðuð er nauðsynlegt að hafa í huga að stór hluti sparnaðarinnar er í vörslu lífeyrissjóða sem störfuðu sem hreinir séreignarsjóðir fyrir gildistöku laga nr. 129/1997 árið 1998 eða 86,7 ma.kr., sbr. mynd 28b. Á mynd 29 má sjá uppsafnaðan viðbótarlífeyrissparnað hjá öðrum vörsluaðilum en þessum sjóðum í árslok 2005. Uppsafnaður sparnaður hjá þessum aðilum var 59,5 ma.kr. í árslok 2005 samanborið við 42,5 ma.kr. í árslok 2004.

Mynd 29 Uppsafnaður séreignarsparnaður hjá öðrum vörsluaðilum lífeyrissparnaðar en lífeyrissjóðum sem störfuðu sem hreinir séreignarsjóðir fyrir gildistöku laga nr. 129/1997



Mynd 29. Uppsafnaður séreignarsparnaður hjá öðrum vörsluaðilum lífeyrissparnaðar en lífeyrissjóðum sem störfuðu sem hreinir séreignarsjóðir fyrir gildistöku laga nr. 129/1997

Uppsafnaður viðbótarlífeyrissparnaður hjá vörsluaðilum öðrum en lífeyrissjóðum var 40,8 ma.kr. í árslok 2005. Sé þessari fjárhæð bætt við hreina eign lífeyrissjóðanna fæst að heildareignir lífeyrisskerfisins voru 1.260,3 ma.kr. í árslok 2005 eða sem nemur 124,5% af vergri landsframleiðslu. Til samanburðar var þessi fjárhæð 1.015,1 ma.kr. í árslok 2004 eða 87,5% af landsframleiðslu.

Verðbréfa- og fjárfestingarsjóðir

Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með starfsemi rekstrarfélaga verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða.

Munurinn á verðbréfa- og fjárfestingarsjóðum liggur helst í fjárfestingarheimildum þeirra. Verðbréfasjóður er sjóður með starfsleyfi á EES, stofnaður og rekinn af rekstrarfélagi, sem gefur út hlutdeildarskírteini sem eru innleysanleg að kröfu eigenda af eignum sjóðsins. Fjárfestingarsjóður er sjóður með starfsleyfi án heimildar til markaðssetningar á EES, þ.e. má aðeins markaðssetja sig innanlands. Fjárfestingarsjóður gefur út hlutdeildarskírteini eða hlutabréf og eru fjárfestingarheimildir þeirra rýmri en verðbréfasjóða. Það lýtur aðallega að því að fjárfestingarsjóður getur fjárfest í meira mæli í óskráðum verðbréfum og ekki er krafist jafnmikillar áhættudreifingar.

Verðbréfa- og fjárfestingarsjóðir hafa það eingöngu að markmiði að veita viðtöku fé frá almenningi til sameiginlegrar fjárfestingar í fjármálageringum og öðrum eignum á grundvelli áhættudreifingar samkvæmt fyrirfram kunngerðri fjárfestingarstefnu. Fjármálaeftirlitið veitir verðbréfasjóðum og fjárfestingarsjóðum eða einstökum deildum þeirra, sem gefa út

hlutdeildarskírteini, staðfestingu og fjárfestingarsjóðum sem gefa út hlutabréf starfsleyfi á grundvelli laga nr. 30/2003.

Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með fjárfestingum verðbréfa- og fjárfestingarsjóða. Í lögum nr. 30/2003 er kveðið á um fjárfestingarheimildir sjóðanna. Fjárfestingar sjóðanna þurfa að vera innan marka laganna og þeirrar fjárfestingarstefnu sem sjóðirnir fengu staðfestingu á hjá Fjármálaeftirlitinu. Eftirlit þetta er framkvæmt með skýrsluskilum rekstrarfélaganna og eftirlitsheimsókn- um Fjármálaeftirlitsins til rekstrarféлага sjóðanna.

Fjármálaeftirlitið gegnir einnig hlutverki varðandi auglýsinga- og kynningarstarfsemi verðbréfa- og fjárfestingarsjóða og leggur áherslu á að rekstrarfélög verðbréfasjóða fari að nefndum lögum í auglýsingum og annarri kynningarstarfsemi vegna sjóðanna. Einnig hefur Fjármálaeftirlitið eftirlit með markaðssetningu erlendra sjóða á Íslandi og kannar tilkynningar vegna markaðs- setningar þessara sjóða á Íslandi.

Verðbréfasjóðum fjölgaði á tímabilinu. Þann 1. júlí 2006 voru starfandi 15 verðbréfasjóðir en tímabilið á undan voru starfandi 10 verðbréfasjóðir. Ástæðan er að eitt rekstrarfélag verðbréfa- sjóða fékk staðfestingu á 5 verðbréfasjóðum.

Aftur á móti fækkaði sjóðsdeildum verðbréfasjóðanna. Af þeim 15 verðbréfasjóðum sem voru starfandi þann 1. júlí 2006 voru 4 deildaskiptir í samtals 25 sjóðsdeildum. Á tímabilinu á undan voru einnig 4 verðbréfasjóðanna deildaskiptir en í 28 sjóðs- deildum.

Fjárfestingarsjóðum fjölgaði einnig á tímabilinu. 24 fjárfestingar- sjóðir voru starfandi þann 1. júlí 2006 miðað við 13 fjárfestingar- sjóði á tímabilinu á undan. Ástæða þessarar fjölgunar er að eitt rekstrarfélag fékk staðfestingu á 10 nýjum fjárfestingarsjóðum og eitt rekstrarfélag sem hafði ekki starfað með fjárfestingarsjóði fékk staðfestingu á fjárfestingarsjóði.


Sjóðsdeildum fjárfestingarsjóða fjölgaði einnig á tímabilinu. Af þeim 24 fjárfestingarsjóðum sem voru starfandi á tímabilinu voru 4 deildaskiptir í samtals 17 sjóðsdeildum. Á tímabilinu á undan voru 3 sjóðanna deildaskiptir í 5 deildum. Ástæðan fyrir þessari fjölgun er að allir deildaskiptu fjárfestingarsjóðirnir fjölguðu sjóðsdeildum.

Fjöldi:	2006	2005
Verðbréfasjóðir	15	10
þar af deildaskiptir sjóðsdeildir	4	4
	25	28
Fjárfestingarsjóðir	24	13
þar af deildaskiptir sjóðsdeildir	4	3
	17	5

Eins og sjá má á mynd 30 hafa eignir verðbréfa- og fjárfestingar- sjóða aukist mikið síðustu ár. Frá árslokum 2002 til ársloka 2005 jukust eignirnar úr 134 m.kr. í 363 m.kr. Þessi aukning stafar bæði af nýju fé sem bættist í sjóðina og góðri ávöxtun á þessu tímabili.


Mynd 31 sýnir hlutfallslega skiptingu eigna verðbréfasjóða í árslok 2005. Stærsti hluti eignanna, eða 75,6 %, er í fjármála- gervingum með föstum tekjum og eignir í hlutabréfasjóðum eru 11,2 %. Mynd 32 sýnir hins vegar hlutfallslega skiptingu eigna fjárfestingarsjóða í árslok 2005. Hlutfall fjármálagerna- inga með föstum tekjum er heldur lægra en hjá verðbréfasjóðum, eða 68,4 % en hlutfall eigna í hlutabréfum er hærra, eða 15,4 %. Þetta skýrist aðallega af því að í flestum tilfellum eru fjárfestingar- sjóðirnir áhættusæknari en verðbréfasjóðir.

Mynd 30 Þróun eigna verðbréfa- og fjárfestingarsjóða í m.kr.




Mynd 30. Þróun eigna verðbréfa- og fjárfestingarsjóða í mkr.

Mynd 31 Hlutfallsleg skipting eigna verðbréfasjóða í árslok 2005




Mynd 31. Hlutfallsleg skipting eigna verðbréfasjóða í árslok 2005.

Mynd 32 Hlutfallsleg skipting eigna fjárfestingarsjóða í árslok 2005



Mynd 32. Hlutfallsleg skipting eigna fjárfestingarsjóða í árslok 2005.

Mynd 33 Hagnaður af helstu þáttum í starfi váttryggingafélaga á verðlagi ársins 2005



Mynd 33. Hagnaður af helstu þáttum í starfi váttryggingafélaga á verðlagi ársins 2005.

2.4

Váttryggingamarkaður


2.4.1 Methagnaður af fjárfestingarstarfsemi og aukid vægi hlutabréfa⁸

Á árinu 2005 tóku tvö váttryggingafélög, Tryggingamiðstöðin hf. og Váttryggingafélag Íslands hf., upp alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS). Hafa staðlarnir jafnframt áhrif á uppgjör tengdra váttryggingafélaga þessara tveggja, þ.e. Líftryggingamiðstöðvarinnar hf., Tryggingar hf. og Líftryggingafélag Íslands hf. KB líftryggingar hf. er dótturfélag Kaupþings hf. og hefur IFRS því óbein áhrif á uppgjör þess. Jafnframt munu Sjóvá-Almennar tryggingar hf. taka upp staðalinn á þessu ári við samstæðuuppgjör þess og Sjóvár-Almennra líftrygginga hf. Tvö síðastnefndu félögin hafa reyndar þegar hafið undirbúning að upptöku staðlanna, m.a. með því að frá og með árinu 2003 hefur uppgjör markaðsverðbréfa verið á markaðsvirði.

Upptaka IFRS og hagstæðar aðstæður á markaði ollu því að aldrei hafa váttryggingafélög hagnast eins mikið á fjármálastarfsemi og árið 2005.

Fjármálastarfsemin hefur sérstaklega reynst skaðatryggingafélögunum mikilvæg tekjulind á undanförunum árum þar sem skaðatryggingastarfsemin sjálf, þ.e. rekstur váttryggingastofnsins, hefur oft skilað litlum hagnaði eða jafnvel tapi. Mynd 33 sýnir að hagnaður af fjármálastarfsemi jókst um 152% á árinu 2005 en hagnaður af líftryggingastarfsemi dróst saman um 32%. Skaðatryggingastarfsemin var hins vegar rekin með tapi í fyrsta skipti frá árinu 2000.

Mynd 34 Hluttur nokkurra eignaliða váttryggingafélga í eignum árin 2003-2005



Mynd 34. Hluttur nokkurra eignaliða váttryggingafélaga í eignum árin 2003-2005

⁸ Viðlagatrygging Íslands er ekki talin með í tölum sem sýna rekstur og afkomu

Aukin eign í hlutabréfum og uppgjör þeirra á markaðsvirði mun valda meiri sveiflum í afkomu váttryggingafélaga af fjármálastarfsemi. Kallar það á aukna yfirsýn Fjármálaeftirlitsins yfir eignahlið efnahagsreiknings. Gæta þarf að mikilvægi áhættustýringar og eigna- og skuldastýringar. Hlutabréf eru einkum hentug til að mæta langtímaskuldbindingum eins og þekktar eru hjá lífeyrisjóðum en skuldbindingar váttryggingafélaga eru ekki til eins langs tíma.


Á árinu 2006 hóf Fjármálaeftirlitið notkun á stöðluðu álagsprófi til að fylgjast með því hvaða áhrif nokkur fyrirfram gefin áföll hafa á gjaldþolshlutfall þeirra. Þar hefur forsendan um 35% lækkun á eign í hlutabréfum mest áhrif. Álagsprófið gefur mikilvægar upplýsingar um fjárhagsstöðu sem samanburður á gjaldþoli og lágmarksgjaldþoli einn og sér getur ekki veitt. Í nokkrum tilvikum gæti niðurstaða prófsins leitt til að þörf er ítarlegri skoðunar en venjan er á eignasamsetningu og áhættustýringu váttryggingafélaga.

Þess má jafnframt geta að nokkur skaðatryggingafélög hafa tekið þátt í könnun á væntanlegum áhrifum Solvency II tilskipunarinnar sem Evrópusambandið vinnur nú að. Þar er m.a. markmiðið að kröfur til gjaldþols taki mið af öllum áhættuþáttum í starfsemi váttryggingafélaga. Í könnun sem framkvæmd var á miðju ári 2006 (QIS2) var einkum verið að prófa þær aðferðir sem til greina koma til að mæla gjaldþolskröfur. Þar var m.a. gert ráð fyrir að eigið fé sem mæta ætti áhættu vegna hlutabréfa þyrfti að nema 40% af hlutabréfaeign, þ.e. að geta mætt slíkri lækkun. Ljóst er að sú krafa myndi lækka verulega gjaldþolshlutfall íslenskra váttryggingafélaga. Þau áhrif komu fram víðar í Evrópu og er nú til skoðunar hvort til greina komi að bæta aðferðir við mælingu á hlutabréfaáhættu.

2.4.2 Góð arðsemi og eiginfjárstaðan styrkist

Hagnaður af fjármálastarfsemi í hlutfalli af eigin fé hefur í gegnum árin oftast verið hærri hjá skaðatryggingafélögum en líftryggingafélögum. Stafar það fyrst og fremst af því að skaðatryggingafélög eiga hlutfallslega meira af eignum í hlutabréfum. Síðustu 3 árin hefur arðsemi eigin fjár þó almennt verið með miklum ágætum, eins og sést á mynd 35.

Mynd 35 Hagnaður af fjármálastarfsemi í hlutfalli af eigin fé 2003-2005




Mynd 35. Hagnaður af fjármálastarfsemi í hlutfalli af eigin fé 2003-2005

Á árinu 2005 gerðist það í fyrsta skipti frá því að opinbert eftirlit með váttryggingamarkaði hófst árið 1974 að samanlagt eigið fé var herra en samanlögð váttryggingaskuld. Stafar það af því að eigið fé hækkaði verulega hjá þeim félögum sem tóku upp IFRS á árinu.

Uptaka IFRS veldur því jafnframt að útfjömunarskuld er að hverfa og er nú eingöngu hjá Viðlagatryggingu Íslands. Aðrir liðir váttryggingaskuldar hafa tekið litlum breytingum eins og sést á mynd 36.

Mynd 36 Helstu liðir váttryggingaskuldar 2003-2005 á verðlagi ársins 2005




Mynd 36. Helstu liðir váttryggingaskuldar 2003-2005 á verðlagi ársins 2005

2.4.3 Allar greinar skaðatrygginga reknar með tapi eða litlum hagnaði

Litlar hækkanir urðu á iðgjöldum í skaðatryggingum á árinu 2005 og í sumum greinum lækkuðu iðgjöld ef miðað er við fast verðlag. Mynd 37 sýnir þróun iðgjalda og afkomu í einstökum greinum síðustu þrjú árin. Áberandi er að töluverðar lækkanir iðgjalda urðu í ökutækjatryggingum, en öll félögin hafa hækkað iðgjöld í greininni á árinu 2006.

Ökutækjatryggingar hafa á undanförunum árum verið reknar með hagnaði og oftast hafa fjármagnstekjur af váttryggingaskuld átt þátt í því. Á árinu 2005 var greinin hins vegar rekin með tapi. Aðrar greinar skaðatryggingastarfseminnar skila einnig tapi eða litlum hagnaði.

Mynd 37 Iðgjöld og afkoma helstu greinaflokka skaðatrygginga 2003-2005 á verðlagi ársins 2005




Mynd 37. Iðgjöld og afkoma helstu greinaflokka skaðatrygginga 2003-2005 á verðlagi ársins 2005

Ástæðu þess að ökutækjatryggingar voru reknar með tapi á árinu 2005 má rekja til þess að tjón hafa farið jafnt og þétt vaxandi á sama tíma og iðgjöld hafa verið að lækka. Með iðgjaldahækkunum á þessu ári hafa váttryggingafélögin verið að bregðast við auknum tjónþunga og almennum verðlagshækkunum.

Á sama tíma og tjón hafa farið vaxandi hefur tjónaskuld í lögboðnum ökutækjatryggingum sem er langstærsti liður váttryggingaskuldar, farið lakkandi eins og sést á mynd 38. Bendir það til aukins uppgjörshraða í greininni og hefur því Fjármálaeftirlitið í hyggju að endurskoða stuðla í reglum nr. 903/2004 um mat á tjónaskuld og gagnaskil í því sambandi, sem notaðir eru til að reikna út viðmiðunarlágmörk og hámmörk tjónaskuldar.


Mynd 38 Tjón og tjónaskuld í lögboðnum ökutækjatryggingum 2003-2005 á verðlagi ársins 2005



Mynd 38. Tjón og tjónaskuld í lögboðnum ökutækjatryggingum 2003-2005 á verðlagi ársins 2005

Loks má geta að yfirburðastaða þriggja stærstu váttryggingafélaganna (Sjóvár-Almennra trygginga hf., Tryggingamiðstöðvarinnar hf. og Váttryggingafélags Íslands hf.) í ökutækjatryggingum heldur áfram að minnka eins og sést á mynd 39 og var markaðshlutdeild þeirra, mælt í iðgjöldum ársins á árinu 2005 samtals 92,3% samanborið við 94,6% árið 2004 og 97,5% árið 2003.

Mynd 39 Markaðshlutdeild 3 stærstu váttryggingafélaganna í ökutækjatryggingum 2003-2005



Mynd 39. Markaðshlutdeild 3 stærstu váttryggingafélaganna í ökutækjatryggingum 2003-2005


2.4.4 Aukin starfsemi erlendis

Vátryggingafélög hafa líkt og önnur fjármálafyrirtæki leitað á síðustu árum í ríkara mæli út fyrir landsteinana með starfsemi sína. Á síðustu tveimur árum hefur orðið veruleg aukning í erlendum umsvifum.

Í september 2005 keypti Vátryggingafélag Íslands hf. 54% hlutfjár í IGI (Intercorporated General Insurance) Group Ltd. í Bretlandi og á árinu 2006 eignaðist Tryggingamiðstöðin hf. allt hlutfé í Nemi forsikring ASA í Noregi. Sjóvá-Almennar tryggingar hf. eiga samvinnu við Royal & SunAlliance í Bretlandi varðandi samstarf í sölu vátrygginga til íslenskra alþjóðafyrirtækja.

Eitt vátryggingafélag, European Risk Insurance Company hf. (ERIC) er eingöngu með starfsemi í ábyrgðartryggingum í Bretlandi og er félagið, sem fékk starfsleyfi 2003, í örum vexti. Skýrist heildaraukning iðgjalda vátryggingafélaganna erlendis að verulegu leyti af aukningu í starfsemi þess félags. Starfsemi annarra vátryggingafélaga í ríkjum EES sem byggist á heimild í tilskipunum innri markaðarins hefur verið nokkuð minni en sjá má þó merki um aukningu, bæði á árinu 2006 og 2005. Aukninguna í iðgjaldatekjum vátryggingafélaga erlendis má sjá á mynd 40. Búast má við að þessi þróun haldi áfram á næstu árum.

Mynd 40 Starfsemi íslenskra vátryggingafélaga í öðrum ríkjum EES 2003-2005 á verðlagi ársins 2005




Mynd 40. Starfsemi íslenskra vátryggingafélaga í öðrum ríkjum EES 2003-2005 á verðlagi ársins 2005

2.4.5 Erlendir aðilar sterkir á líftryggingamarkaði

Fjármálaeftirlitið tók nú nýlega í fyrsta skipti á skipulegan hátt saman tölur um starfsemi vátryggingafélaga frá öðrum ríkjum EES sem heimild hafa til starfsemi hér á landi samkvæmt ákvæðum í VII kafla laga nr. 60/1994 um vátryggingastarfsemi og tilskipunum EES. Tölurnar í mynd 41 sýna að á árunum 2002-2004 hafa erlend líftryggingafélög haft um þriðjungs markaðshlutdeild á líftryggingamarkaði hérlendis.


Mynd 41 Bókfærð iðgjöld á líftryggingamarkaði 2002-2004 á verðlagi ársins 2005



Mynd 41. Bókfærð iðgjöld á líftryggingamarkaði 2002-2004 á verðlagi ársins 2005.

Nokkuð hefur dregið úr starfsemi vátryggingamiðlana hér á landi, m.a. vegna þess að nokkur erlend vátryggingafélög hafa dregið sig út af markaði. Því má búast við að markaðshlutdeild erlendra líftryggingafélaga muni frekar lækka. Mynd 42 sýnir að vátryggingamiðlanir efdust á árinu 2004 en verulegur samdráttur varð í starfsemi þeirra á árinu 2005.


Mynd 42 Eignir og fjöldi innlendra váttryggingamiðlana 2003-2005



Mynd 42. Eignir og fjöldi innlendra váttryggingamiðlana 2003-2005

Áhersla líftryggingafélaga á dánaráhættulíftryggingar virðist vera að aukast á kostnað söfnunarlíftrygginga eins og sést á mynd 43. Jafnframt eykst hlutur heilsu-, afkomu- og sjúkdómatrygginga. Lífeyrissparnaður hefur ekki verið mikilvægur þáttur í starfsemi líftryggingafélaga.

Mynd 43 Skipting bókfærðra iðgjalda á greinaflokka líftrygginga 2004-2005



Mynd 43. Skipting bókfærðra iðgjalda á greinaflokka líftrygginga 2004-2005

3.1

Erlend starfsemi Fjármálaeftirlitsins og upplýsingagjöf

Erlend starfsemi íslenskra fjármálafyrirtækja hefur lengst af farið aðallega fram í erlendum dótturfélögum sem stofnuð hafa verið eða keypt. Fjármálaeftirlitinu virðist sem breyting sé að verða á þessu, þar sem orðið hefur verið vart við aukinn fjölda tilkynninga um stofnun útibúa. Einnig hafa fjármálafyrirtæki í auknum mæli sett upp umboðsskrifstofur erlendis. Hlutverk umboðsskrifstofu er að kynna starfsemi fjármálafyrirtækis í viðkomandi ríki eða koma á tengslum við viðskiptavinum en slík umboðsskrifstofa hefur ekki heimild til að veita fjármálaþjónustu, t.d. taka við innlánnum, veita útlán, ganga frá verðbréfa- viðskiptum o.fl.

Yfirlit yfir erlenda starfsemi íslenskra fjármálafyrirtækja

	Árslok 2003	Árslok 2004	Árslok 2005	1. okt 2006
Dótturfélög	9	14	20	25
Útibú	2	2	4	8
Umboðsskrifstofur	0	0	2	4
Erlend ríki þar sem starfsemi er stunduð	8	9	12	13

Kaup á starfandi fyrirtækjum með starfsleyfi eru væntanlega til þess fallin að auðvelda aðgengi innlendra aðila að hinum erlendu mörkuðum en slík kaup eru jafnan háð samþykki eftirlitsaðila í viðkomandi ríki. Stofnun útibúa er hins vegar mun einfaldara ferli, a.m.k. innan Evrópska efnahagssvæðisins, þar sem innlend fyrirtæki hafa sjálfkrafa rétt til þess að stofna útibú innan aðildarríkjanna að tilteknum formskilyrðum uppfylltum.

Starfsemi erlendra dótturfélaga er háð eftirliti í þeim ríkjum sem um ræðir hverju sinni en Fjármálaeftirlitið ber þó ábyrgð á eftirliti á samstæðugrundvelli. Í því felst m.a. fjárhagslegt eftirlit með samstæðunni og eftirlit með áhættustýringu. Starfsemi erlendra útibúa og umboðsskrifstofa er hins vegar háð eftirliti Fjármálaeftirlitsins.

Það er því ljóst samkvæmt framansögðu að með auknum fjölda útibúa og auknu vægi erlendar starfsemi eftirlitsskyldra aðila, munu verkefni og ábyrgð Fjármálaeftirlitsins aukast. Hlutfall starfsmanna hjá bönkunum þremur erlendis nemur um 40% af heildarstarfsmannafjölda og erlendar tekjur nema um 60% af heildartekjum þeirra.

Fjármálaeftirlitið vinnur að mótun stefnu um eftirlit með erlendra starfsemi eftirlitsskyldra aðila og samskipti við erlenda eftirlitsaðila vegna þeirrar starfsemi. Sú stefna mun m.a. lúta að framkvæmd eftirlits hjá erlendum útibúum innlendra fjármálafyrirtækja og skýrsluskilum auk eftirlits á samstæðugrundvelli

með erlendum dótturfélögum í samstarfi við eftirlitsaðila í þeim ríkjum, eftir atvikum. Í nokkrum tilvikum hefur verið ritað undir samstarfssamninga við erlenda eftirlitsaðila vegna samstarfs um eftirlit og er stefnt að því að slíkum samningum verði komið á við fleiri eftirlitsaðila á komandi mánuðum. Þar á meðal liggur fyrir Fjármálaeftirlitinu að gera samstarfssamninga við eftirlitsaðila í ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins vegna starfsemi í þeim ríkjum.

3.2

Fyrirmyndar upplýsingakerfi – eftirlit með UT málum

3.2.1 Innri upplýsingatæknimál og nútímavæðing.

Þekkingarstarfsemi byggir á söfnun og greiningu upplýsinga, og síðan ákvarðanatöku í kjölfar þess. Góð upplýsingakerfi geta bæði hraðað og bætt ákvarðanatöku og þar með aukið skilvirknir og árangur í starfsemi. Með öflugum upplýsingakerfum er einnig auðveldara að viðhalda þekkingu innan stofnunar óháð mannabreytingum og jafnframt tryggja samkvæmni í ákvarðanatöku með góðri yfirsýn yfir fordæmi.

Fjármálaeftirlitið telur mikilvægt að upplýsingakerfi þess séu ávallt til fyrirmyndar og stuðli að því að sett markmið náist á skilvirkan hátt. Í því augnamiði hefur Fjármálaeftirlitið sett sér sérstaka upplýsingatæknistefnu til þriggja ára. Helstu atriði þeirrar stefnu eru eftirfarandi:

- Öll samskipti við eftirlitsskylda aðila verði rafræn.
- Úrvinnslukerfi verði fyrir hendi sem vinni frumgreiningu á upplýsingum og geri viðvart um frávik (early warning).
- Gagnagrunnar og málaskráningarkerfi séu samhæfð og tryggi auðvelda geymslu, úrvinnslu og notkun upplýsinga.
- Öryggi upplýsinga sé tryggt og eftirlitið fái vottun skv. ISO 27001.
- Vefumsjónarbúnaður og heimasíða styðji við öfluga og markvissa upplýsingamiðlun, þess vegna í mismunandi víddum, þ.e. á innraneti (innan stofnunar), á ytra neti (skilgreind vefsvæði fyrir einstaka eftirlitsskylda aðila eða systurstofnanir) og interneti (almennigur).
- Hugbúnaður og vélbúnaður uppfylli þarfir hvers tíma.
- Eftirlitið geti uppfyllt alþjóðlegar skuldbindingar um upplýsingasamskipti.

Lykilmarkmiðið í stefnumörkun Fjármálaeftirlitsins er að öll samskipti við eftirlitsskylda aðila verði rafræn og að rafræn þróun eflist í starfsemi eftirlitsins.

Á hverju ári safnar Fjármálaeftirlitið um 3500 skýrslueintökum frá eftirlitsskyldum aðilum um ýmsa þætti í rekstri þeirra. Markmiðið er almennt eftirlit með ýmsum reglum og greining á hugsanlegum veikleikum í starfsemi þeirra. Skýrslurnar berast ýmist á pappír eða með tölvupósti og starfsmenn Fjármálaeftirlitsins sjá um villuleit og að færa gögnin í gagnagrunna, þar sem þeir hafa verið hannaðir. Stefnt er að því strax um næstu áramót að taka eingöngu við skýrslum í tölvupósti a.m.k. á meðan verið er að þróa aðrar og betri leiðir til að taka rafrænt við gögnum. Hætt verður að taka við skýrslum á pappír.

Það að gera öll slík skil rafræn mun spara mikla vinnu, auka skilvirkni eftirlits og jafnframt leiða til hagræðingar hjá eftirlitsskyldum aðilum. Með því er átt við að gögn frá eftirlitsskyldum aðilum verði villuleituð sjálfvirkt áður en móttaka er samþykkt og gögnin fari sjálfkrafa í gagnagrunn. Auk þessa ætlar Fjármálaeftirlitið að búa yfir úrvinnslukerfi sem vinnur vélrænt frumgreiningar úr þeim gögnum sem skilað er frá eftirlitsskyldum aðilum. Slíkt myndi gera úrvinnslu skjótvirkari og eftirlit markvissara.

Í burðarliðnum er kerfi sem tekur við innherjalistum á rafrænu formi yfir vefinn. Tilraunakeyrslur eru hafnar í samvinnu við nokkra aðila sem skila slíkum listum reglulega.

Fjármálaeftirlitið stefnir að því að ljúka vinnu við gerð gagnagrunna fyrir starfsemina, koma á rafrænum skilum og úrvinnslu á árunum 2007 og 2008. Með aukinni notkun upplýsingatækni má ná umtalsverðri hagræðingu í rekstri en slíkt krefst fjárfestingarkostnaðar í upphafi.

Í tengslum við nýjar eiginfjárreglur sem byggja á Basel II og nýrra ársreikningareglna munu skýrsluskil til Fjármálaeftirlitsins breytast. Svokallaðar COREP skýrslur (nýtt eiginfjárskýrsluform í samræmi við BASEL II) og FINREP skýrslur (nýtt skýrsluform fyrir fjárhagslegar upplýsingar) eru gjörbreyttar frá fyrri sambærilegum skýrslum. Gerð verður krafa um að eftirlitsskyldir aðilar skili þessum skýrslum á XBRL formi. Unnið er að undirbúningi hjá Fjármálaeftirlitinu við að taka við slíkum skýrslum sem verða lesnar sjálfvirkt inn í gagnagrunn Fjármálaeftirlitsins.

Verkefnið um rafræn skil er einnig mikilvægt í ljósi alþjóðavæðingar íslenskra fjármála fyrirtækja, en ýmsir aðilar, s.s. erlendar systurstofnanir Fjármálaeftirlitsins, Evrópusamtök eftirlitsstofnana, alþjóðlegar stofnanir (s.s. IMF og FATF) og matsfyrirtæki fara í auknum mæli fram á ýmsar tölfræðilegar upplýsingar og greiningar.

Að síðustu má nefna að nú þegar liggja fyrir formlegar kröfur í Evróputilskipunum um rafræn upplýsingasamskipti á milli eftirlitsaðila og má vænta þess að slíkt muni aukast (sjá t.d. yfirlýsingu Ráðherraráðs Evrópusambandsins þann 5. maí 2006). Í

því sambandi er rétt að vekja athygli á vinnu við MiFID tilskipunina en hún gerir ráð fyrir því að eftirlitsaðilar í aðildarríkjum EES skiptist á upplýsingum um verðbréfavíðskipti (transaction reporting). Fjármálaeftirlitið þarf að koma á tilkynningakerfi sem safnar upplýsingum um fjármálagerninga á Íslandi sem nánar er kveðið á um í 25. gr. tilskipunarinnar. Eftirlitsskyldum aðilum ber að láta Fjármálaeftirlitinu þessar upplýsingar í té daglega. Fjármálaeftirlitið mun miðla þeim færslum er snerta aðila sem eru undir eftirliti annarra fjármálaeftirlita innan EES til viðeigandi fjármálaeftirlita um sameiginlegt kerfi til gagnaskipta sem CESR (samtök verðbréfaeftirlita) mun sjá um að reka.

Undirbúningsvinna er hafin vegna slíks tilkynningakerfis (Transaction Reporting System) sem taka verður upp við innleiðingu MiFID. Fjármálaeftirlitið er í samstarfi við fjármálaeftirlit á Norðurlöndum og í Litháen um að smíða kerfi sem allir þessir aðilar geta notað til söfnunar á upplýsingum um fjármálagerninga. Búið er að greina verkefnið og fyrir liggja drög að kerfislýsingu. Svíar hafa tekið forystu í þessu máli og verður kerfið smíðað þar. Fyrirhugað kerfi mun falla vel inn í tölvuumhverfi Fjármálaeftirlitsins. Ávinningur af þessu fyrirkomulagi er fyrst og fremst sparnaður, en að auki munu eftirlitsskyldir aðilar fá sömu viðmóttaskil hvar sem er á Norðurlöndunum og í Litháen en mörg íslensk og norræn fjármála fyrirtæki starfa á þessum mörkuðum.

Með kerfinu mun Fjármálaeftirlitinu gefast kostur á að útbúa öflugt rafrænt eftirlitakerfi með verðbréfamarkaðnum og hefur Fjármálaeftirlitið kynnt hugmyndir í þá veru. Vinnuhópur hefur verið settur á laggirnar með þátttöku Kauphallar, Verðbréfaskráningar og fulltrúa frá viðskiptaböndum. Þá hefur verið samið við upplýsingatækniráðgjafa.

Nú nýlega var bætt við stöðugildi við upplýsingatæknimál hjá Fjármálaeftirlitinu og eru þau nú þrjú. Með aukinni áherslu á upplýsingatækni í starfsemi eftirlitsins var nauðsynlegt að bæta við stöðugildi á þessu sviði og þá einkum vegna vefmála og gagnagrunna.

3.2.2 Eftirlit með upplýsingatækni.

Eftirlit með upplýsingatækni hjá eftirlitsskyldum aðilum verður áfram mikilvægur þáttur í starfsemi Fjármálaeftirlitsins. Á undanförunum árum hefur verið lögð áhersla á eftirlit með þessum þætti hjá stærstu fyrirtækjunum. Á fyrri hluta ársins 2005 gaf Fjármálaeftirlitið út leiðbeinandi tilmæli nr. 1/2005, um rekstur upplýsingakerfa eftirlitsskyldra aðila. Hafin er vinna við mótun eftirlitsverklags sem byggir á þeim tilmælum. Mun eftirlitið fara fram um leið og annað eftirlit hjá viðkomandi aðilum og verður fellt inn í reglulegt eftirlit.

Einnig verða sendir út spurningalistar eftir ástæðum hverju sinni. Hér verður jafnvel um sjálfsmat að ræða, sem reiknar út

jafnóðum hvernig útkoman er m.v. svörin sem gefin eru. Ef útkoman eða svörin gefa tilefni til fer fram nánari athugun á vettvangi eftirlitsskylda aðilans.

Í upphafi árs 2006 var gerð könnun á innbrotum í heimabanka. Leiddi könnunin í ljós að nokkuð er um að slík atvik eigi sér stað og virðast orsakirnar undantekningalaust liggja hjá notendum þjónustunnar. Hér er átt við að njósnahugbúnaði hefur verið komið fyrir í tölum viðkomandi notenda. Tryggja þarf betur öryggi í aðgangi notenda heimabanka. Það er mjög brýnt að bæði notendur heimabanka og rekstraraðilar þeirra leggist á eitt um að bæta öryggi þeirra, en unnið er að því verkefni.

3.3 Eftirlit byggt á áhættumati og gæðaflokkunarkerfi eða frávikskönnunum

Fjármálaeftirlitið safnar umtalsverðu magni af tölulegum upplýsingum frá eftirlitsskyldum aðilum sem unnið er við að koma í gagnagrunn. Grunnurinn mun auðvelda alla úrvinnslu gagna og skapar nýja möguleika í sjálfvirkri úrvinnslu.

Tölulegum gögnum er ætlað að gefa upplýsingar um mikilvægustu þætti í rekstri eftirskyldra aðila. Því styttri tíma sem yfirferð og úrvinnsla þeirra tekur, því líklegri er að Fjármálaeftirlitið geti brugðist við í tæka tíð, komi í ljós alvarleg frávik eða hættumerki í starfsemi.

Með það í huga vinnur Fjármálaeftirlitið nú að þróun úrvinnslu eða frávikagreiningakerfis (e. early warning system) þar sem frávik verða könnuð. Skilgreint verður hvað teljist frávik eða hættumerki auk þess sem viðbrögð Fjármálaeftirlitsins munu taka mið af alvarleika frávikanna.

Slík úrvinnsla gerir m.a. álagsprófun á vegum Fjármálaeftirlitsins skilvirkari. Niðurstaða álagsprófa gæti því legið fyrir um leið og eftirlitsskyldir aðilar hafa skilað tilskildum gögnum.

Fyrir tveimur árum hófst notkun álagsprófa til að kanna stöðu fyrirtækja á lánamarkaði. Á þessu ári hófst notkun slíkra prófa á váttryggingamarkaði. Drög að álagsprófi fyrir lífeyrissjóði liggja nú fyrir og stefnt er að því að það verði tekið í notkun á fyrri hluta ársins 2007.

Öll þessi álagspróf gefa vísbendingar um fjárhagslega stöðu fjármálafyrirtækja sem fást ekki með hefðbundinni skoðun á tölum yfir rekstur og efnahag. Álagsprófin geta greint hvaða áhættuþættir skipta meira máli en aðrir og þannig getur Fjármálaeftirlitið í athugunum sínum einblínt frekar á tiltekna þætti sem vakið hafa upp spurningar í stað þess að treysta á að frávik eða hættumerki komi í ljós í heildarathugunum á eftirlitsskyldum aðilum. Álagsprófin eru einnig ætluð sem tæki til forgangsroðunar í

eftirliti. Verða þau notuð ásamt öðru til hliðsjónar við ákvörðun um hversu oft skuli heimsækja eftirlitsskylda aðila eða framkvæma úttektir á starfsemi þeirra. Álagsprófin gefa einnig vísbendingar um hvaða þætti þurfi sérstaklega að skoða.

Sem dæmi um aðrar vísbendingar sem Fjármálaeftirlitið mun fylgjast með á þann sjálfvirka hátt sem hér er lýst má nefna hefðbundnar kennitölur sem greiningaraðilar nota í athugunum sínum á stöðu fjármálafyrirtækja. Einnig mun Fjármálaeftirlitið nota kennitölur sem reiknaðar verða út frá upplýsingum sem það aflar en ekki eru opinberar. Slík úrvinnsla mun að öllum líkindum einnig nýtast eftirlitsskyldum aðilum sjálfum í sinni áhættustýringu, einkum þeim smærri.

Auk þess að greina frávik og hættumerki gerir sjálfvirk úrvinnsla gagna Fjármálaeftirlitinu auðveldara um vik að greina og hafa yfirsýn yfir starfsemi einstakra eftirlitsskyldra aðila og markaðarins í heild. Með því verður t.d. mögulegt að veita áhugasömum aðilum nýjustu upplýsingar fyrr en verið hefur en það mun styrkja traust á markaðnum.

Auk þess að vinna á skilvirkan hátt úr innsendum tölulegum gögnum leggur Fjármálaeftirlitið jafnframt áherslu á eiginleikaupplýsingar (qualitative information) frá eftirlitsskyldum aðilum, t.d. varðandi áhættustýringu. Áhætta fyrirtækja á fjármálamarkaði er mismunandi og oft getur verið að fyrirtæki taki meiri áhættu af ásettu ráði. Upplýsingar um gæði áhættustýringar eru því einnig mikilvægar fyrir afstöðu Fjármálaeftirlitsins til mismunandi áhættusamsetningar eftirlitsskyldra aðila.

Á verðbréfamarkaði hefur verið unnið að stöðlun eftirlitsaðgerða í tengslum við tiltekna hreyfingar á markaði og fréttanema viðburði. Í tengslum við smíði tilkynningaskyldu-kerfis, skv. 25. gr. MiFID, er ætlun Fjármálaeftirlitsins að koma upp rafrænu eftirlitskerfi sem gerir Fjármálaeftirlitinu fært að rækja skilvirkt og öflugt markaðseftirlit með greiningu þeirra upplýsinga sem safnað er í gagnagrunninn. Kerfið nýtist t.d. við eftirlit með innherjavíðskiptum, markaðsmisnotkun og bestu framkvæmd fjármálafyrirtækja.

3.4 Þröngt eignarhald og góðir stjórnarhættir

Á sama tíma og íslensku bankarnir hafa stækkað og aukið umsvif sín erlendis hefur eignarhald þeirra þröngst og stórir eignarhlutir orðnir mjög áberandi. Jafnframt eru í sumum tilvikum stórir hluthafar einnig viðskiptavinir viðkomandi banka eða samstarfsaðila um fjárfestingar.

Stórir eignarhlutir eða viðskiptatengsl á milli eigenda og fjármálafyrirtækja eru í sjálfu sér ekkert óeðlileg. Jafnframt má búast við því vegna smæðar hagkerfisins að eignarhald sé þrengra og viðskiptatengsl meiri en í stærri ríkjum. Engu að síður felast í þessu tilteknar áhættur og hlutverk Fjármálaeftirlitsins er að tryggja að ákveðnar leikreglur um jafnræði, hagsmunarékstra og hæfi séu virtar.

Áhættur

Þær áhættur sem þröngt eignarhald og viðskiptatengsl kunna einkum að hafa í för með sér eru eftirfarandi:

- Eigendur njóti betri aðgengis en ótengdir aðilar að lánsfé eða viðskiptakjörum.
- Eigendur njóti meiri skilnings en ótengdir aðilar hvað varðar tryggingar eða aðgerðir ef kemur til vanskila.
- Fjárfestingarverkefni með eigendum fari ekki í gegnum jafn gagnrýnið ferli og hjá ótengdum aðilum.
- Eigendur fái ýmsar upplýsingar um rekstur, viðskiptakjör eða framtíðarstefnu viðskiptamanna (eða fyrirtækisins sjálfs) sem hugsanlega eru keppinautar þeirra (eða dóttur/hlutdeildarféлага) á einhverju sviði.
- Umtalsáhætta, ef erlend láns hæfismatsfyrirtæki eða fjárfestar telja að eftirlit með þessum áhættum sé ekki fullnægjandi.

Úrræði

Þau úrræði sem löggjafinn hefur mælt fyrir um til þess að koma í veg fyrir skaðleg áhrif vegna þröngs eignarhalds og til að koma í veg fyrir að áhættur verði að veruleika eru einkum eftirfarandi:

- Sækja þarf um heimild til þess að eignast virkan eignarhlut í fjármálafyrirtækjum, þ.e. 10% eða meira, til Fjármálaeftirlits-

ins. Þá er lagt mat á það hvort hætta sé á því að eignarhald viðkomandi aðila geti veikt heilbrigðan og traustan rekstur fyrirtækisins. Samþykki getur verið með eða án skilyrða.

- Fjármálaeftirlitið fylgist með því að fyrirgreiðslur til tengdra aðila séu byggðar á armslengdarsjónarmiðum, þ.e. á sömu kjörum og sambærilegir ótengdir aðilar. Það hyggst beita sér fyrir auknu gegnsæi hvað þetta varðar, m.a. með tilmælum um úttekt ytri endurskoðenda á slíkum fyrirgreiðslum.
- Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með hæfisreglum, þ.e. bæði vegna almenns hæfis stjórnarmanna og framkvæmdastjóra og einnig með sérstöku hæfi þeirra til meðferðar einstakra mála.
- Fylgst er með stórum áhættuskuldbindingum, en reglur kveða á um að enginn einn eða tengdir aðilar séu með meiri fyrirgreiðslu en sem nemur 25% af eigin fé hjá lánastofnun.
- Að síðustu gilda sérstakar varúðarreglur um það ef um eignatengsl er að ræða milli fjármálatengdra fyrirtækja. Þá dregst eignarhluturinn frá eigin fé í útreikningi á lágmarks eigin fé.
- Segja má að kjarni þessara úrræða sé trúverðugleiki og góðir stjórnarhættir. Fyrirtækin geta því einnig lagt sitt af mörkum með því að vera í fararbroddi hvað varðar góða stjórnunarhætti og eftirfylgni með innri reglum. Í ljósi þeirrar þróunar sem að framan er lýst og sífellt alþjóðlegri og umfangsmeiri starfsemi er mikilvægt að á gegnsæjan hátt sé hægt að sýna fram á að þessar meginreglur séu í heiðri hafðar á íslenskum fjármálamarkaði.



4.1

Fjöldi eftirlitsskyldra aðila

Þann 30. júní 2006 var fjöldi þeirra aðila sem lúta eftirliti Fjármálaeftirlitsins sem hér greinir:

	Fjöldi 30.06.2006	Starfa skv. lögum nr.:
Viðskiptabankar	4	l. nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki
Sparisjóðir	24	l. nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki
Lánafyrirtæki	11	l. nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki
Innlánsdeildir samvinnufélaga	2	l. nr. 22/1991 um samvinnufélög
Verðbréfafyrirtæki	8	l. nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki
Verðbréfamíðlanir	3	l. nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki
Rekstrarfélög verðbréfasjóða	6	l. nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki
Verðbréfasjóðir (fjöldi 15 þ.a. 4 deildaskiptir)*		l. nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði
Fjárfestingarsjóðir (fjöldi 24 þ.a. 4 deildaskiptir)*		l. nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði
Kauphallir og aðrir skipulegir tilboðsmarkaðir	1	l. nr. 34/1998 um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða
Verðbréfamíðstöðvar	1	l. nr. 131/1997 um rafræna eignaskráningu verðbréfa
Lífeyrissjóðir	43	l. nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða
Vátryggingafélög	12	l. nr. 60/1994 um vátryggingastarfsemi
Vátryggingamiðlarar	7	l. nr. 32/2005 um miðlun vátrygginga
Aðrir eftirlitsskyldir aðilar	4	Ýmis lög
Samtals	126 *)	

*) Verðbréfasjóðir og fjárfestingarsjóðir eru reknið af rekstrarfélögum verðbréfasjóða. Sjóðirnir eru ekki meðtaldir í heildarfjölda eftirlitsskyldra aðila. Nokkrir sjóðanna eru deildaskiptir.

4.2

Breytingar á starfsleyfum, heitum og fjölda eftirlitsskyldra aðila á tímabilinu 1. júlí 2005 til 30. júní 2006.

Lánamarkaður

Þann 17. ágúst 2005 veitti Fjármálaeftirlitið Lánasjóði sveitarfélaga starfsleyfi sem lánafyrirtæki á grundvelli laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki.

Þann 15. september 2005 var nafni Straums Fjárfestingarbanka hf. breytt í Straumur-Burðarás Fjárfestingarbanki hf.

Þann 1. nóvember 2005 yfirtók Sparisjóður Húnaþings og Stranda Innlánsdeild Kaupfélags Vestur Húnavetninga.

Þann 9. desember 2005 veitti Fjármálaeftirlitið Verðbréfastofunni hf. starfsleyfi sem lánafyrirtæki, en félagið starfaði áður sem verðbréfafyrirtæki. Þann 16. febrúar 2006 var nafni félagsins síðan breytt í VBS fjárfestingarbanki hf.

Með lögum nr. 68/2005, um breytingu á lögum nr. 68/1997, um Lánasjóð landbúnaðarins, var landbúnaðarráðherra heimilað að selja allar eignir og semja um yfirtöku skulda Lánasjóðs landbúnaðarins. Jafnframt voru löginn um sjóðinn felld úr gildi frá og með 31. desember 2005.

Þann 17. mars 2006 veitti Fjármálaeftirlitið Sjóvá fjármögnun

hf. starfsleyfi sem lánafyrirtæki á grundvelli laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki.

Þann 28. mars 2006 var nafni Íslandsbanka hf. breytt í Glitnir banki hf.

Verðbréfamarkaður

Verðbréfafyrirtæki

Þann 14. október 2005 var nafni verðbréfafyrirtækisins Verðbréfaþjónusta Sparisjóðsins hf. breytt í Verðbréfaþjónusta Sparisjóðanna hf.

Þann 9. desember 2005 veitti Fjármálaeftirlitið verðbréfafyrirtækinu Verðbréfastofan hf. starfsleyfi sem lánafyrirtæki.

Þann 10. febrúar 2006 veitti Fjármálaeftirlitið SPRON Verðbréfa hf. starfsleyfi sem verðbréfafyrirtæki á grundvelli laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki.

Þann 28. mars 2006 veitti Fjármálaeftirlitið A.R.E.V. hf. starfsleyfi sem verðbréfafyrirtæki á grundvelli laga nr. 161/2002, um

fjármálfyrirtæki. Þann 30.mái 2006 var síðan nafni fyrirtækisins breytt í Arev verðbréfafyrirtæki hf.

Rekstrarfélög verðbréfasjóða

Þann 25. júlí 2005 var nafni Íslenskra verðbréfa-eignastýringar hf. breytt í Rekstrarfélag verðbréfasjóða ÍV hf.

Þann 10. apríl 2006 veitti Fjármálaeftirlitið Rekstrarfélagi ÍSB hf. auðið starfsleyfi vegna eignastýringar á grundvelli laga nr. 161/2002, um fjármálfyrirtæki. Þann 28. apríl 2006 var nafni rekstrarfélagsins breytt í Glitnis sjóðir hf.

Verðbréfasjóðir og fjárfestingarsjóðir

Samkvæmt lögum nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði, skulu verðbréfasjóðir stofnaðir og reknir af rekstrarfélagi. Þessir sjóðir eru því ekki sjálfstæðir lögaðilar, eða hlutafélög, eins og kveðið var á um í eldri lögum um verðbréfasjóði. Fjármálaeftirlitið veitir verðbréfasjóðum og fjárfestingarsjóðum, eða einstökum deildum þeirra, sem gefa út hlutdeildarskírteini, staðfestingu og fjárfestingarsjóðum sem gefa út hlutabréf starfsleyfi á grundvelli sömu laga.

Fjármálaeftirlitið staðfesti í september 2005 sjódsdeildina ÍSB Sjóður 15 – úrval erlendra ríkisskuldabréfa í Fjárfestingarsjóðum Glitnis sem er rekinn af Glitni sjóðum hf. Í júní 2006 staðfesti Fjármálaeftirlitið breytingar á reglum verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða Glitnis vegna nafnbreytinga á rekstrarfélagi þeirra. Verðbréfasjóðir Íslandsbanka og Fjárfestingarsjóðir Íslandsbanka bera eftirleidis heitin Verðbréfasjóðir Glitnis og Fjárfestingarsjóðir Glitnis. Jafnframt bera sjódsdeildir verðbréfasjóðsins, ÍSB Sjóður 1 – skuldabréf, ÍSB Sjóður 5 – íslensk ríkisskuldabréf, ÍSB Sjóður 6 – aðallistinn, ÍSB Sjóður 7 – löng ríkisskuldabréf, ÍSB Sjóður 11 – fyrirtækjabréf og ÍSB Sjóður 12 – heimssafn, eftir staðfestingu Fjármálaeftirlitsins þessi heiti: GLB Sjóður 1 – skuldabréf, GLB Sjóður 5 – íslensk ríkisskuldabréf, GLB Sjóður 6 – aðallistinn, GLB Sjóður 7 – löng ríkisskuldabréf, GLB Sjóður 11 – fyrirtækjabréf og GLB Sjóður 12 – heimssafn. Þá nefnast sjódsdeildir fjárfestingarsjóðsins, ÍSB Sjóður 9 – peningamarkaðsbref, ÍSB Sjóður 10 – úrval innlendra hlutabréfa og ÍSB sjóður 15 – úrval erlendra ríkisskuldabréfa eftirleidis: GLB Sjóður 9 – peningamarkaðsbref, GLB Sjóður 10 – úrval innlendra hlutabréf og GLB sjóður 15 – úrval erlendra ríkisskuldabréfa.

Í nóvember 2005 staðfesti Fjármálaeftirlitið sjódsdeildina Alþjóðlegan skuldabréfasjóð ÍV í Fjárfestingarsjóði ÍV sem er rekinn af Rekstrarfélagi verðbréfasjóða ÍV hf. Einnig var sjódsdeildin Alþjóðlegur sjóður í Verðbréfasjóði ÍV slitið sem var í umsjón sama rekstrarfélags.

Í nóvember 2005 staðfesti Fjármálaeftirlitið sjódsdeildirnar Safnbref hlutabréf/skuldabréf, Safnbref innlend/erlend og Lands-

banki Global Opportunity Fund og í mars 2006 sjódsdeildirnar Peningabréf EUR, Peningabréf GBP, Peningabréf USD. Allt eru þetta sjódsdeildir í Fjárfestingarsjóði Landsvaka sem er rekinn af Landsvaka hf. Í september 2006 staðfesti FME fjárfestingarsjóðinn Landsbanki Diversified Yield Fund sem rekinn er af sama rekstrarfélagi.

Í ágúst 2005 staðfesti Fjármálaeftirlitið fjárfestingarsjóðinn KB Langtímasjóð og í október 2005 fjárfestingarsjóðinn KB erlend skuldabréf. Í maí 2006 voru fjárfestingarsjóðirnir KB skuldabréf stutt, KB skuldabréf löng og KB skuldabréf millilöng staðfestir. Í júní 2006 voru fjárfestingarsjóðirnir KB verðbréfavall 1, KB verðbréfavall 2, KB verðbréfavall 3, KB verðbréfavall 4 og Kaupthing Balanced Fund staðfestir. Í ágúst 2006 var fjárfestingarsjóðurinn Kaupthing Liquidity Fund EUR staðfestur og í september 2006 var fjárfestingarsjóðurinn Kaupthing Liquidity Fund USD staðfestur. Þessir sjóðir eru reknir af Rekstrarfélagi Kaupþings banka hf.

Í október 2005 var Fjárfestingarsjóður Sparisjóðanna sem er deildaskiptur fjárfestingarsjóður rekinn af Rekstrarfélagi Sparisjóðsins hf. staðfestur ásamt sjódsdeildunum Fyrirtækjasjóði og Peningamarkaðssjóði. Í júní 2006 var sjódsdeildin Alþjóða vaxtarsjóðurinn í Verðbréfasjóði Sparisjóðanna staðfestur, rekinn af sama rekstrarfélagi.

Í júlí 2005 voru verðbréfasjóðirnir Skuldabréfasjóðurinn-Stuttur, Skuldabréfasjóðurinn-Langur, Úrvals hlutabréfasjóðurinn og Alþjóða hlutabréfasjóðurinn staðfestir en sjóðirnir eru reknir af Rekstrarfélagi SPRON hf. Þá tók Rekstrarfélag SPRON hf. yfir rekstur verðbréfasjóðsins Áskriftarsjóður ríkisverðbréfa í ágúst 2005 en sjóðurinn var í eignastýringu Rekstrarfélags Kaupþings Búnaðarbanka hf. Í september 2006 voru fjárfestingarsjóðirnir Peningamarkaðssjóður SPRON og Stýrður hlutabréfasjóður, í umsjón sama rekstrarfélags, staðfestir.

Lífeyrissjóðir

Lífeyrissjóður Suðurnesja var sameinaður Lífeyrissjóði Suðurlands þann 1. ágúst 2005.

Lífeyrissjóður starfsmanna Reykjavíkurráðgjafar lauk starfsemi þann 31. desember 2005.

Lífeyrissjóður Bolungarvíkur var sameinaður Frjálsa lífeyrissjóðnum frá og með 1. janúar 2006.

Lífeyrissjóður lækna og Almenni lífeyrissjóðurinn voru sameinaðir frá og með 1. janúar 2006.



Vátryggingamarkaður

Vátryggingafélög

Nokkrum vátryggjendum voru veitt viðbótarstarfsleyfi í tengslum við beiðni þeirra um heimild til að veita þjónustu erlendis.

Á árinu 1995 var starfsleyfi Bataábyrgðarfélags Vestmannaeyja g.t. til vátryggingastarfsemi afturkallað frá og með 1. janúar 1995 með hliðsjón af beiðni félagsins, dagsett 10. janúar 1995. Þann 7. október 1994 samþykkti félagsfundur að félagið myndi hætta vátryggingarekstri frá og með 1. janúar 1995 og að stefnt skyldi að frjálsum slitum. Stjórn félagsins tilkynnti Fjármálaeftirlitinu með bréfi, dags. 26. júlí 2006, um frjáls slit félagsins og óskað eftir því að nafn þess yrði máð úr vátryggingafélagaskrá. Fram kom að engar þekktar kröfur hvíli á félaginu. Með hliðsjón af framanrituðu var nafn félagsins máð úr vátryggingafélagaskrá.

Þann 12. september 2005 var heiti Alþjóða líftryggingarfélagsins hf. breytt í KB líftryggingar hf.

Þann 16. febrúar 2006 var starfsleyfi Vélbataábyrgðarfélagsins Gróttu g.t. lagt inn og tilkynnt um frjáls slit félagsins.

Vátryggingamiðlarar

Í september 2005 skilaði Sigurður Rúnar Ástvaldsson inn starfsleyfi sínu til miðlunar vátrygginga.

Í janúar 2006 skilaði Hákon Hákonarson inn starfsleyfi sínu til miðlunar vátrygginga og hætti sem framkvæmdastjóri Tryggingar og ráðgjafar ehf. Við starfi framkvæmdastjóra félagsins tók Guðmundur Þór Magnússon.

Í janúar 2006 skilaði Eiríkur Hans Sigurðsson inn starfsleyfi sínu til miðlunar vátrygginga.

Í júní 2006 skilaði DDF Vátryggingamiðlun ehf. inn starfsleyfi sínu til miðlunar vátrygginga.

Aðrir eftirlitsskyldir aðilar

Þann 30. nóvember 2005 veitti Fjármálaeftirlitið Kauphöll Íslands hf. starfsleyfi til að reka markaðstorgið **isec** skv. 34. gr. laga nr. 34/1998 um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða. Starfsleyfið tekur til rekstrar markaðstorgs þar sem fram fara kerfisbundin viðskipti með verðbréf sem ekki eru skráð á skipulegum verðbréfamarkaði.

Höfuðstöðvar

VIÐSKIPTABANKAR

Glitnir banki hf.	Reykjavík
Kaupþing banki hf.	Reykjavík
Landsbanki Íslands hf.	Reykjavík
Sparisjóðabanki Íslands hf.	Reykjavík

SPARISJÓÐIR

nb.is-sparisjóður hf.	Reykjavík
Sparisjóður Bolungarvíkur	Bolungarvík
Sparisjóður Hafnarfjarðar	Hafnarfjörður
Sparisjóður Hornafjarðar og nágrennis	Höfn
Sparisjóður Húnaþings og Stranda	Hvammstangi
Sparisjóður Höfðhverfinga	Grenivík
Sparisjóður Kaupþings hf.	Reykjavík
Sparisjóður Kópavogs	Kópavogur
Sparisjóður Mýrasýslu	Borgarnes
Sparisjóður Norðfjarðar	Neskaupstaður
Sparisjóður Norðlendinga	Akureyri
Sparisjóður Ólafsfjarðar	Ólafsfjörður
Sparisjóður Ólafsvíkur	Ólafsvík
Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis	Reykjavík
Sparisjóður Siglufjarðar	Siglufjörður
Sparisjóður Skagafjarðar	Sauðárkrókur
Sparisjóður Strandamanna	Hólmavík
Sparisjóður Suður-Þingeyinga	Laugar
Sparisjóður Svarfdæla	Dalvík
Sparisjóður Vestfirðinga	Þingeyri
Sparisjóður Vestmannaeyja	Vestmannaeyjar
Sparisjóður vélstjóra	Reykjavík
Sparisjóður Þórshöfn	Þórshöfn
Sparisjóðurinn í Keflavík	Keflavík

Lánafyrirtæki

Bygðastofnun	Reykjavík
Friðalsi Fjárfestingarbankinn hf.	Reykjavík
Greiðslumiðlun hf. - VISA Ísland	Reykjavík
Kreditkort hf. - EUROPAY Ísland	Reykjavík
Lánasjóður sveitarfélaga	Reykjavík
Lýsing hf.	Reykjavík
MP Fjárfestingarbanki hf.	Reykjavík
Sjóvá fjármögnun hf.	Reykjavík
SP-Fjármögnun hf.	Reykjavík
Straumur - Burðarás Fjárfestingarbanki hf.	Reykjavík
VSF-fjárfestingarbanki hf.	

INNLÁNSDEILDIR SAMVINNUFÉLAGA

Kaupfélag Austur-Skaftfellina	Höfn
Kaupfélag Skagfirðinga	Skagafjörður

Höfuðstöðvar

VERÐBRÉFAFYRIRTÆKI

Arev verðbréfafyrirtæki hf.	
Arion verðbréfavarslan hf.	Reykjavík
NordVest Verðbréf hf.	Reykjavík
Íslensk verðbréf hf.	Akureyri
Jöklar - Verðbréf hf.	Reykjavík
SPRON Verðbréf hf.	Reykjavík
Verðbréfaþjónusta Sparisjóðanna hf.	Reykjavík
Virðing hf.	Reykjavík

VERÐBRÉFAMIÐLANIR

H.F. Verðbréf hf.	Kópavogur
Íslenskir fjárfestar hf.	Reykjavík
Vaxta hf. - verðbréfamíðlun	Kópavogur

REKSTRARFÉLÖG VERÐBRÉFASJÓÐA

og verðbréfa- og fjárfestingarsjóðir reknir af heim.

Rekstrarfélag verðbréfasjóða ÍV hf. Akureyri

Verðbréfasjóður ÍV	
<i>(deildaskiptur verðbréfasjóður, sbr. upptalningu)</i>	
Ríkisskuldabréfasjóður ÍV	
Skuldabréfasjóður ÍV	
Heimssjóður ÍV	
Fjárfestingasjóður ÍV	
<i>(deildaskiptur fjárfestingarsjóður, sbr. upptalningu)</i>	
Peningamarkaðssjóður ÍV	
Hlutabréfasjóður ÍV	
Alþjóðlegur skuldabréfasjóður ÍV	

Landsvaki hf.

Reykjavík

Verðbréfasjóðir Landsvaka	
<i>(deildaskiptur verðbréfasjóður, sbr. upptalningu)</i>	
Visitölbúréf	
Global Equity Fund	
Reiðubréf	
Sparibréf	
Skuldabréfasjóður	
Markaðsbréf 1	
Markaðsbréf 2	
Markaðsbréf 3	
Markaðsbréf 4	
Fjárfestingasjóðir Landsvaka	
<i>(deildaskiptur fjárfestingarsjóður, sbr. upptalningu)</i>	
Peningabréf	
Fyrirtækjabréf	
Úrvalsbréf	
Peningabréf EUR	
Peningabréf GBP	

Höfuðstöðvar

Lífeyrissjóður hjúkrunarfræðinga	Reykjavík
Lífeyrissjóður Mjólkursamsölunnar	Reykjavík
Lífeyrissjóður Neskaupstaðar	Reykjavík
Lífeyrissjóður Norðurlands	Akureyri
Lífeyrissjóður Rangæinga	Hella
Lífeyrissjóður starfsmanna Akureyrarbæjar	Akureyri
Lífeyrissjóður starfsmanna Áburðarverksmiðju ríkisins	Reykjavík
Lífeyrissjóður starfsmanna Búnaðarbanka Íslands hf.	Reykjavík
Lífeyrissjóður starfsmanna Húsavíkurkaupstaðar	Reykjavík
Lífeyrissjóður starfsmanna Kópavogsbæjar	Kópavogur
Lífeyrissjóður starfsmanna Reykjavíkurborgar	Reykjavík
Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins	Reykjavík
Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga	Reykjavík
Lífeyrissjóður starfsmanna Vestmannaeyjabæjar	Vestmannaeyjar
Lífeyrissjóður Suðurlands	Selfoss
Lífeyrissjóður Tannlæknafélags Íslands	Reykjavík
Lífeyrissjóður verkfræðinga	Reykjavík
Lífeyrissjóður verslunarmanna	Reykjavík
Lífeyrissjóður Vestfirðinga	Ísafjörður
Lífeyrissjóður Vestmannaeyja	Vestmannaeyjar
Lífeyrissjóður Vesturlands	Akranes
Lífeyrissjóðurinn Lífiðn	Reykjavík
Lífeyrissjóðurinn Skjöldur	Reykjavík
Sameinaði lífeyrissjóðurinn	Reykjavík
Samvinnulífeyrissjóðurinn	Reykjavík
Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda	Reykjavík

VÁTRYGGINGAFÉLÖG

European Risk Insurance Company hf.	Reykjavík
Íslensk endurtrygging hf.	Reykjavík
KB líftryggingar hf.	Reykjavík
Líftryggingafélag Íslands hf.	Reykjavík
Líftryggingamiðstöðin hf.	Reykjavík
Sjóvá-Almennar líftryggingar hf.	Reykjavík
Sjóvá-Almennar tryggingar hf.	Reykjavík
Trygging hf.	Reykjavík
Tryggingamiðstöðin hf.	Reykjavík
Vátryggingafélag Íslands hf.	Reykjavík
Viðlagatrygging Íslands	Reykjavík
Vörður Íslandstrygging hf.	Reykjavík

VÁTRYGGINGAMIÐLANIR

Árni Reynisson ehf.	Reykjavík
Fjárfestingarmiðlun Íslands ehf.	Kópavogur
Nýja vátryggingaþjónustan hf.	Reykjavík
Olaf Forberg	Kópavogur
Tryggingamiðlun Reykjavíkur ehf. (skilaði starfsleyfi í október 2006)	Reykjavík
Tryggingamiðlun Íslands ehf.	Reykjavík
Tryggingar og ráðgjöf ehf.	Reykjavík

Vátryggingamiðlarar sem falla undir starfsábyrgðartryggingu vátryggingamiðlana

Árni Reynisson	- Árni Reynisson ehf.
Guðmundur Þór Magnússon	- Trygging og ráðgjöf ehf.
Karl Jónsson	- Tryggingamiðlun Íslands ehf.
Ómar Einarsson	- Nýja vátryggingaþjónustan hf.
Þorlákur Pétursson	- Fjárfestingarmiðlun Íslands ehf.

AÐRIR EFTIRLITSSKYLDIR AÐILAR

Íbúðalánasjóður	Reykjavík
Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins	Reykjavík
Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta	Reykjavík
Tryggingasjóður sparisjóða	Reykjavík

4.4 Starfsemi erlendra fjármálafyrirtækja á Íslandi

Í samræmi við réttarreglur á Evrópska efnahagssvæðinu geta ýmis erlend fjármálafyrirtæki, þ.e. lánastofnanir, verðbréfasjóðir, verðbréfafyrirtæki/-miðlanir, vátryggingafélög, vátryggingamiðlarar og vátryggingaumboðsmenn, boðið þjónustu sína hér á landi á grundvelli starfsleyfis í heimaríki. Fjöldi erlendra aðila sem tilkynnt hafa að þeir hyggist veita þjónustu hér á landi samkvæmt framangreindu er eftirfarandi:

Erlendir bankar	120
Verðbréfasjóðir (USITS)	35
Verðbréfafyrirtæki/-miðlanir (Investment firms)	726
Vátryggingafélög með starfsstöðvar	2
Vátryggingafélög án starfsstöðva	236
Vátryggingamiðlarar og vátryggingaumboðsmenn	3.493

5.1

Almennt

**Lög nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármála-
starfsemi.***Breytingar:*

Lög nr. 67/2006: Með lögunum eru styrktar heimildir Fjármálaeftirlitsins í tengslum við eftirlit samkvæmt sérlögum. Í þessu felst m.a. að Fjármálaeftirlitinu er veitt heimild til þess að beita eftirlitsúræðum laganna, svo sem við upplýsingaöflun, við eftirlit og önnur verkefni gagnvart einstaklingum og lögaðilum sem því er falið að framkvæma á grundvelli sérlaga og annarra reglna. Þetta gildir þó að þeir aðilar teljist ekki eftirlitsskyldir aðilar í skilningi laganna. Einnig voru styrktar heimildir Fjármálaeftirlitsins í tengslum við eftirlit með hæfi stjórnarmanna eftirlitsskyldra aðila og er eftirlitinu heimilað að víkja stjórnarmönnum einhliða frá, uppfylli þeir ekki hæfiskilyrði laga. Þá voru felld niður ákvæði um heimild til þess að skjóta ákvörðunum Fjármálaeftirlitsins til kærunefndar og verða aðilar því nú að höfða mál fyrir dómstólum til ógildingar á ákvörðunum eftirlitsins, telji þeir ástæðu til.

**Lög nr. 64/2006, um aðgerðir gegn peningaþvætti og
fjármögnun hryðjuverka.***Breytingar:*

Í júní 2006 voru sett ný lög nr. 64/2006 um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. Í lögunum er taldur upp þeir aðilar sem undir lögina falla og er vísað til þeirra sem tilkynningarskyldra aðila. Gerðar eru auknar kröfur til tilkynningarskyldra aðila um að þeim sé ljóst hver viðskiptamaður þeirra er og hver standi í raun að baki viðskiptunum. Ítarleg ákvæði eru um könnun á áreiðanleika upplýsinga um viðskiptamenn tilkynningarskyldra aðila en jafnframt heimilað að slíkt mat verði framkvæmt á grundvelli áhættumats. Ríkar kröfur eru gerðar til upplýsingaöflunar við ákveðnar aðstæður þar sem almennt er talið að hætta á peningaþvætti eða fjármögnun hryðjuverka sé meiri. Samkvæmt lögunum skulu tilkynningarskyldir aðilar setja sér skriflegar innri reglur sem ætlað er að koma í veg fyrir að starfsemi þeirra sé notuð til peningaþvættis eða fjármögnunar hryðjuverka. Jafnframt er lögaðilum skylt að búa yfir kerfi sem gerir þeim kleift að bregðast með skjóttum hætti við fyrirsurnum frá lögreglu eða öðrum lögbærum yfirvöldum. Fjármálaeftirlitið hefur virkt eftirlit með því að aðilar sem tilgreindir eru í a–e-lið laganna fari að ákvæðum þess.

**Reglugerð nr. 550/2006, um tilkynningarskyldu og
könnun áreiðanleika viðskiptamanns í aðgerðum gegn
peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka.***Breytingar:*

Í júlí sl. tók gildi reglugerð um tilkynningarskyldu og könnun áreiðanleika viðskiptamanns í aðgerðum gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. Er reglugerðin sett samkvæmt heimild í 28. gr. laga nr. 63/2006 um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka.

Lög nr. 108/2006: Með lögunum eru gerðar breytingar á ýmsum lögum vegna samnings milli ríkisstjórnar Íslands annars vegar og ríkisstjórnar Danmerkur og heimastjórnar Færeyja hins vegar. Samningurinn var undirritaður hinn 31. ágúst 2005 í Hoyvík í Færeyjum. Markmið samningsins er að koma á fót sameiginlegu efnahagssvæði á yfirráðasvæðum Íslands og Færeyja. Tekur samningurinn til vöruviðskipta, þjónustuviðskipta, frjálsrar farar fólks og búseturéttar, fjármagnsflutninga og fjárfestinga, staðfesturéttar, samkeppni, ríkiseinkasölu, ríkisaðstoðar og opinberra innkaupa. Mæli samningurinn fyrir um bann við mismunun á grundvelli ríkisfangs og staðfestustaðar eða upprunastaðar vöru innan efnislegs gildissviðs hans. Lögina höfðu í för með sér breytingar, m.a. á lögum um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002, lögum um váttryggingastarfsemi nr. 60/1994 og lögum um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða nr. 34/1998 og lögum um verðbréfasjóði og fjárfestingasjóði nr. 30/2003.

5.2

Lánamarkaður

Lög nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki*Breytingar:*

Lög nr. 67/2006: Í júní sl. voru gerðar breytingar á lögum um fjármálafyrirtæki varðandi ákvæði um virka eignarhluti í fjármálafyrirtækjum. Á síðustu árum hafa komið í ljós vandkvæði við að staðreyna hvort óbeinir virkir eignarhlutir hafi myndast í fjármálafyrirtækjum, t.d. með samstarfi aðila. Breytingunum er ætlað að bæta úr þeim vandkvæðum og var farin sú leið að skilgreina óbeinan virkan eignarhlut og samstarf aðila. Með breytingunum er einnig bætt við nýju þrepi þegar afla þarf samþykkis fyrir því að eignast eða bæta við virkum eignarhlut í

fjármálafyrirtæki. Í eldri lögum var áskilið að afla þyrfti samþykkis fyrir því þegar bein eða óbein hlutdeild í eigin fé, stofnfé eða atkvæðisrétti fer yfir 10, 20, 33 eða 50% eða nemi svo stórum hluta að fjármálafyrirtæki verði talið dótturfyrirtæki. Samkvæmt nýju lögnum þarf hins vegar einnig að afla samþykkis þegar eignarhlutur eða atkvæðisréttur í fjármálafyrirtæki fer yfir 25%.

5.3

Verðbréfamarkaður

Lög nr. 33/2003 um verðbréfavíðskipti

Breytingar:

Lög nr. 94/2006: Með lögnum er sett fram skilgreining á hugtakinu fagfjárfesti, auk þess sem gerðar eru minniháttar breytingar á tilteknum þáttum laga um verðbréfavíðskipti, nr. 33/2003, með síðari breytingum, er lúta að lýsingum. Frumvarpið er hluti af innleiðingarferli vegna tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2003/71/EB frá 4. nóvember 2003 um lýsingar þegar verðbréf eru boðin í almennu útboði eða skráð á skipulegan verðbréfamarkað (e. Directive 2003/71/EC of the European Parliament and of the Council of 4 November 2003 on the prospectus to be published when securities are offered to the public or admitted to trading).

Lög nr. 67/2006: Með lögnum var 3. mgr. 74. gr. laga nr. 33/2003 um verðbréfavíðskipti felld brott. Breytingin felur í sér að ákvörðunum Fjármálaeftirlitsins um stjórnvaldssektir verður nú unnt að skjóta til dómstóla í stað kærufundar sem lögð hefur verið niður.

Reglugerð nr. 242/2006 um almenn útboð verðbréfa að verðmæti 210 millj. kr. eða meira og skráningu verðbréfa á skipulegan verðbréfamarkað. Í reglugerðinni er kveðið á um hvernig staðið skuli að framkvæmd útboða þar sem útboðs-verðmæti er 210 milljónir kr. eða meira.

Reglugerð nr. 243/2006 um gildistöku reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar nr. 809/2004 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/71/EB að því er varðar upplýsingar í lýsingum, svo og framsetningu þeirra, upplýsingar felldar inn með tilvísun, og birtingu lýsinganna, svo og dreifingu auglýsinga. Í reglugerðinni er m.a. skilgreint hvert innihald og birtingarform lýsinga skuli vera ásamt því að hún hefur að geyma reglur um birtingu auglýsinga um almenn útboð verðbréfa.

Reglugerð nr. 244/2006 um almenn útboð verðbréfa að verðmæti 8,4 til 210 milljónir kr. Í reglugerðinni er kveðið á um hvernig staðið skuli að framkvæmd útboða þar sem útboðs-verðmæti er á bilinu 8,4-210 milljónir kr.

Gjaldskrá Fjármálaeftirlitsins fyrir athugun á útboðslýsingu í almennu útboði verðbréfa. (1075/2005).

Lög nr. 37/1998 um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða:

Breytingar:

Lög nr. 67/2006: Með lögnum varð breyting á 3. mgr. 34. gr. laga nr. 34/1998. Breytingin felur í sér skýrari heimild Fjármálaeftirlitsins til gagnaöflunar við eftirlit með virkum eignarhlutum.

Lög nr. 108/2006: Með lögnum varð sú breyting á 2. laga nr. 34/1998 að auk aðila innan Evrópska efnahagssvæðisins og Fríverslunarsamtaka Evrópu er vísað til Færeyja. Með lögnum var jafnframt gerð sú breyting á lögum nr. 131/1997 um rafræna eignaskráningu verðbréfa að Færeyingar eru undanþegnir búsetuskilyrði 2. ml. 2. mgr. 4. gr. laganna.

5.4

Lífeyrissjóðir

Lög nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða

Breytingar:

Lög nr. 28/2006: Í lögnum er gerð breyting lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Gerð var breyting á 2. mgr. 20. gr., er fjallar um starfsemi lífeyrissjóða og á 3. tl. 1. mgr., 4. mgr. og 1. másl. 7. mgr. 36. gr., er fjallar um skilyrði fjárfestinga lífeyrissjóða.

5.5

Vátryggingamarkaður

Lög nr. 67/2006: Með lögnum eru gerðar breytingar á lagaákvæðum um fjármálaeftirlit, þ. á m. lögum um vátrygginga-starfsemi nr. 60/1994, m.a. aukið svigrúm Fjármálaeftirlits til að afla upplýsinga í tengslum við umsóknir um kaup aðila á virkum eignarhlut í vátryggingafélögum. Fjallað er um beina og óbeina hlutdeild.

Lög nr. 108/2006, sbr. fyrri umfjöllun.

5.6

Leiðbeinandi tilmæli Fjármálaeftirlitsins

Fjármálaeftirlitið hefur gefið út almenn leiðbeinandi tilmæli á nokkrum sviðum fjármálamarkaðar. Leiðbeinandi tilmæli eru sett á grundvelli lagaheimildar í 2. mgr. 8. gr. laga nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

Samkvæmt ákvæðinu er Fjármálaeftirlitinu heimilt að gefa út og birta opinberlega almenn leiðbeinandi tilmæli um starfsemi eftirlitsskyldra aðila, enda varði málefnið hóp eftirlitsskyldra aðila.

Leiðbeinandi tilmæli nr. 1/2006 um álagspróf váttryggingafélaga og upplýsingagjöf um áhættustýringu, þ.á.m. álagspróf

Með tilmælunum er ætlunin að styrkja áhættustýringu váttryggingafélaga, efla eftirlit með henni og koma á stöðluðu áhættumati Fjármálaeftirlitsins í samræmi við niðurstöður álagsprófa.

Leiðbeinandi tilmæli nr. 2/2006 um afleiðunotkun verðbréfasjóða

Í tilmælunum eru sett fram ákveðinn grunnskilyrði sem þurfa að vera til staðar vegna afleiðunotkunar verðbréfasjóða. Í tilmælunum eru settar fram ákveðnar meginreglur sem grundvöllur fyrir sameiginlegar aðferðir vegna áhættustýringar verðbréfasjóða en þeim er ekki ætlað að vera tæmandi leiðbeining um afleiðunotkun verðbréfasjóða. Í tilmælunum er einnig sett fram krafa um að rekstrarfélög verðbréfasjóða hafi sérstakt áhættustýringarkerfi sem hlotið hefur samþykki Fjármálaeftirlitsins.

Leiðbeinandi tilmæli nr. 3/2006 um hvernig meðhöndla eigi áhrif breytinga á skulda- og eiginfjárliðum váttryggingafélaga við upptöku alþjóðlegra reikningsskilastaðla (IFRS)

Markmið tilmælanna er að samræma gjaldþolskröfur þannig að ekki skipti máli hvaða uppgjörsaðferð er notuð, með því að takmarka þau áhrif sem breytingar á skulda- og eiginfjárliðum gætu haft á gjaldþolsstöðu váttryggingafélaga.



HELSTU UPPLÝSINGAR ÚR ÁRSREIKNINGI FME FYRIR ÁRIÐ 2005

Helstu upplýsingar úr ársreikningi Fjármálaeftirlitsins fyrir árið 2005. Ársreikningurinn var staðfestur af stjórn Fjármálaeftirlitsins og áritaður sem endurskoðaður af Ríkisendurskoðun 29. maí 2006. Ársreikningurinn er birtur í heild á heimasíðu Fjármálaeftirlitsins: www.fme.is.

Rekstrarreikningur árið 2005

Tekjur	2005	2004
Tekjur af eftirlitsgjaldi	299.903.000	288.322.000
Aðrar tekjur	5.511.780	6.739.399
	305.414.780	295.061.399
Gjöld		
Laun og launatengd gjöld	239.455.520	203.358.665
Úrskurðarnefndir	4.624.091	6.352.568
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	16.393.805	12.247.771
Ferða- og starfstengdur kostnaður	22.722.068	20.002.527
Aðkeypt sérfræðihjónusta	7.587.568	10.786.225
Rekstur tækja og áhalda	6.034.916	6.120.186
Annar rekstrarkostnaður	3.909.044	2.940.401
Húsnæðiskostnaður	24.893.895	25.234.206
Tilfærslur	604.900	541.000
	326.225.807	287.583.549
Eignakaup	2.995.713	6.031.909
	329.221.520	293.615.458
Tekjuafgangur fyrir hreinar fjármunatekjur	(23.806.740)	1.445.941
Fjármunatekjur (fjármagnsgjöld)	4.783.300	2.673.284
(Tekjuhalli) / tekjuafgangur ársins	(19.023.440)	4.119.225

Efnahagsreikningur 31. desember 2005

Eignir	2005	2004
Veltufjármunir		
Viðskiptakröfur	1.832.521	1.768.996
Aðrar skammtímakröfur	760.201	1.583.841
Handbært fé	6.128.009	13.879.935
	8.720.731	17.232.772
Eignir alls	8.720.731	17.232.772
Eigið fé og skuldir		
Eigið fé		
Höfuðstóll í ársbyjun	8.877.605	4.758.380
(Tekjuhalli)/tekjuafgangur ársins	(19.023.440)	4.119.225
Eigið fé	(10.145.835)	8.877.605
Skammtímaskuldir		
Ríkissjóður	14.006.004	294.883
Viðskiptaskuldir	998.200	1.755.462
Aðrar skammtímaskuldir	3.862.362	6.304.822
Skuldir	18.866.566	8.355.167
Eigið fé og skuldir	8.720.731	17.232.772

